

# Ársskýrsla

# 2024 til 2025

tekin saman af sviðsstjórum

Guðfinna Gunnarsdóttir  
Pelle Damby Carøe

## Efnisyfirlit

Starfið veturinn 2024-2025 .....	5
Inngangur .....	5
Tölulegar upplýsingar.....	8
Fréttir af margbrotnu starfi.....	12
Haust 2024 .....	12
Vor 2025.....	19
Skýrslur fagstjóra .....	26
Svið: Tungumál, skapandi greinar, samfélagsgreinar og Ergó .....	26
Enska .....	26
Ergó .....	27
Íslenska.....	30
Samfélagsgreinar.....	33
Skapandi greinar .....	35
Danska og þriðja mál.....	42
Svið: Verknám, stærðfræði, raungreinar, hestamennska og íþróttir.....	45
Hestamennska.....	46
Húsasmíði.....	48
Íþróttir .....	51
Matvæla- og ferðagreinar .....	53
Rafvirkjun .....	55
Raungreinar.....	58
Stærðfræði .....	61
Vélvirkjun .....	64
Bókasafn - skýrslu má finna á heimasíðu skólans .....	65
Bragi .....	65
Félagsráðgjöf -.....	67
Fjarnám grunnskólanemenda .....	67
Flóafár 2025 .....	67
Garðyrkjuskólinn að Reykjum .....	75
Grunnmenntabréf .....	80
ÍSAN og umsjón með nemendum af erlendum uppruna .....	84
Kátir Dagar .....	85

Náms- og starfsráðgjöf - skýrslu má finna á heimasíðu skólans. ....	87
Prófstjórn .....	87
Sérnámsbraut.....	88
Sjálfsmat – skýrslu má finna á heimasíðu skólans. ....	94
Sjúkraliðabraut.....	94
Skólastarf í fangelsum - skýrslu má finna á heimasíðu skólans. ....	95
Skýrsla alþjóðafulltrúa .....	95
Skýrsla jafnréttisfulltrúa.....	98
Skýrsla félagslífs- og forvarnarfulltrúa .....	101
Tölvupjónusta .....	104

**Skólameistari**

Soffía Sveinsdóttir

**Aðstoðarskólameistari**

Sigursveinn Már Sigurðsson

**Áfangastjóri**

Björgvin E. Björgvinsson

**Sviðsstjórar**

Jónína Ósk Ingólfssdóttir

Sérnámsbraut

Guðfinna Gunnarsdóttir

Guðríður Helgadóttir

Garðyrkjunám, Reykjum

Pelle Damby Carøe

**Deildarfulltrúi Reykjum**

Svala Sigurgeirsdóttir

**Brautarstjórar:**

Björgvin Örn Eggertsson  
Bryndís Björk Reynisdóttir  
Guðríður Helgadóttir  
Hörður Helgi Hreiðarsson  
Ingólfur Guðnason

Skógar og náttúra  
Garðyrkjuframleiðsla  
Garð- og skógarplöntubraut  
Skrúðgarðyrkjubraut  
Lífræn ræktun matjurta

**Fagstjórar**

Anna Kristín Valdimarsdóttir  
Ágústa Ragnarsdóttir  
Ásdís Björg Ingvarsdóttir  
Bertha Ingibjörg Johansen  
Elínborg Arna Arnadóttir  
Ester Ýr Jónsdóttir  
Eyrún Björg Magnúsdóttir  
Gísli Viðar Oddsson  
Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir  
Guðríður Egilsdóttir  
Jóhann Snorri Bjarnason  
Lárus Gestsson  
Luis Felipe Torres Meza  
Sigríður Guðmundsdóttir  
Sigprúður Harðardóttir  
Sissel Tveten  
Svanur Ingvarsson  
Sölvi Snær Jökulsson

Ergó  
Skapandi greinar / Bragi  
Íþróttir  
Íslenska  
Hársnyrtiiðngreinar  
Raungreinar  
Samfélags- og viðskiptagreinar  
Málmiðngreinar  
Stærðfræði  
Matvælagreinar  
Rafiðngreinar  
Húsasmíðagreinar  
Enska  
Þriðja mál  
ÍSAN  
Hestamennska  
Hamar  
Ergó

**Náms- og starfsráðgjafar**

Agnes Ósk Snorradóttir  
Anna Fríða Bjarnadóttir  
Bjarney Sif Ægisdóttir  
Hildur Björg Vilhjálmsdóttir (fangelsi)

**Sjálfsmatshópur**

Guðfinna Gunnarsdóttir  
Pelle Damby Carøe  
Sigursveinn Sigurðsson (formaður)

**Félagsráðgjafi**

Halla Dröfn Jónsdóttir

**Félagslífsfulltrúar**

Ingunn Helgadóttir  
Tómas Davíð Ibsen Tómasson

**Kennslustjóri á Litla-Hrauni og Sogni**

Gylfi Þorkelsson

**Jafnréttisfulltrúi**

Eva Dögg Jafetsdóttir

**Alþjóðafulltrúi**

Eyrún Björg Magnúsdóttir

**Fréttastjóri heimasíðu**

Jón Özur Snorrason

**Umsjón með Grunnmenntabré**

Bjarney Sif Ægisdóttir  
Tómas Davíð Ibsen Tómasson

## Starfið veturinn 2024-2025

### Inngangur

Skólaárið 2024 til 2025 var fertugasta og fjórða starfsár skólans. Ársskýrsla þessi er gefin út til að varpa ljósi á skólaárið. Raktir eru helstu atburðir og upptakur á skólaárinu. Hér má finna upplýsingar um hverjir gegndu hvaða hlutverkum og hvernig gekk. Sjá má skýrslur frá hverri deild fyrir sig þar sem fag- og kennslustjórar fjalla um nýjungar, hvað tókst vel og hvað má betur fara. Tölulegar upplýsingar um skólaárið eru reifaðar, s.s. hvernig nemendur skiptast á brautir, hvaðan þeir koma og hvernig þeir standast námskröfur.

Skýrslur fagstjóra deilda, félagsmála- og forvarnafulltrúa, skýrsla prófstjóra, skýrsla um fjarnám grunnskólanema, tölvuþjónustunnar og garðyrkjubrauta á Reykjum eru birtar hér. Skýrslur bókasafns, skólahalds fangelsa á Íslandi, náms- og starfsráðgjafa, félagsráðgjafa og sjálfsmats má á vef skólans undir „Skýrslur“.

Skólaárið hófst með fundi starfsmanna fimmtudaginn 15. ágúst 2024 og starfsdögum kennara fimmtudaginn 15. og föstudaginn 16. ágúst, kennsla hófst samkvæmt stundaskrá kl. 8:15 þriðjudaginn 20. ágúst. Skrifstofan opnaði miðvikudaginn 7. ágúst. Töflubreytingar voru rafrænar og fóru fram mánudaginn 19. ágúst en þá mættu einnig nýnemar í skólann og fengu kynningu á skólanum, aðstöðunni, tölvukerfunum, bókasafni, náms- og starfsrágjöf og fleiru sem tengist því að byrja í framhaldsskóla.

Nemendur voru 1009 í dagsskóla, 39 nemendur voru í kvöldskóla, 31 í fjarnámi.

141 nemendur voru skráðir á fimm námsbrautir í garðyrkju og tengdum greinum að Reykjum og í fangelsunum voru skráðir nemendur 21. Alls voru skráðir nemendur við skólann því 1.241 og hafa þeir aldrei verið fleiri í sögu skólans.

Verkfall félagsfólks KÍ hafði talsverð áhrif á skólastarfið á önninni en kennsla lá niðri að langstærstum hluta frá 29. október til 29. nóvember. Í kjölfar verkfallsins var kennt til 20. desember og í byrjun janúar voru þrjú námsmatsdagar. Útskrift haustannar var einnig frestað en átti upphaflega að vera 20. desember.

Brautskráning á haustönn fór þess vegna fram laugardaginn 11. janúar. Dúx skólans á haustönn 2024 var Halla Þuriður Steinarsdóttir og hlaut hún jafnframt viðurkenningar fyrir góðan árangur í raungreinum, stærðfræði og íslensku. Nemendur hér fyrir neðan hlutu einnig verðlaun.

#### Viðurkenningar á brautskráningu, haustönn 2024:

<b>Hektor Logi Davíðsson</b>	Viðurkenning fyrir mjög góðan árangur í <b>ensku</b> .
<b>Sigrún Jitlada Sigurðardóttir</b>	Viðurkenning fyrir framúrskarandi árangur í <b>félagsvísindum</b> .

#### Vorönn 2025

Fyrsti kennsludagur vorannar var miðvikudaginn 15. janúar. Nemendur voru 923 í dagsskóla, 37 nemendur voru í kvöldskóla og í fjarnámi 10. bekkjum grunnskóla voru skráðir nemendur 32.

93 nemendur voru skráðir í nám að Reykjum, 37 voru skráðir í kvöldskóla og í fangelsunum voru skráðir nemendur 85. Alls voru skráðir nemendur við skólann því 1.170 í upphafi vorannar.

Nemendafélagið hélt sína árlegu árshátíð í febrúar og Kátir dagar voru miðvikudaginn 19. mars og fimmtudaginn 20. mars. Flóafár fylgdi svo í kjölfarið föstudaginn 21. mars. Áfangamessa var miðvikudaginn 5. mars og valdagur nemenda miðvikudaginn 12. mars.

Lið skólans í Gettu betur komst í aðra umferð og Ronja Lena Hafsteinsdóttir tók þátt í söngkeppni framhaldsskóla fyrir hönd skólans. Þá komst rafíþróttalið skólans í átta-liða úrslit á framhaldsskólaleikum Rafíþróttasamtaka Íslands.

Starfsfólk sem hætti þegar skólastarfi lauk vorið 2025 voru eftirfarandi:

- Grímur Lúðvíksson – kennari í rafiðn
- Hrönn Baldursdóttir – vaktmaður í lðu

Síðasti kennsludagur vorannar var miðvikudaginn 13. maí, námsmatsdagar hófust föstudaginn 15. maí og lauk með sjúkraprófum miðvikudaginn 20. maí. Síðasti starfsmannafundur vorannar fór fram miðvikudaginn 21. maí, en þá var námsmat birt nemendum í Innu auk þess sem prófsýningar fóru fram. Brautskráning vorannar var föstudaginn 29. maí.

**Dúx skólans** á vorönn 2025 var Hrafnhildur Ýr Steinsdóttir og hlaut hún einnig viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur í dönsku, íslensku og þýsku.

Ólöf Vala Heimisdóttir hlaut Raungreinaverðlaun Háskólans í Reykjavík fyrir framúrskarandi námsárangur í raungreinum. Hrafnhildur Ýr Steinsdóttir og Jasson Eduardo Sanchez Valdes fengu viðurkenningar frá Hollvörðum. Nemendur hér fyrir neðan hlutu einnig viðurkenningar.

**Viðurkenningar á brautskráningu, vorönn 2025:**

Nafn nemanda	Verðlaun
Akishia Kari Justol	Verðlaun fyrir metnað og dugnað í spænsku.
Álfrún Inga Pálsdóttir	Viðurkenning fyrir framúrskarandi árangur í raungreinum.
Álfrún Inga Pálsdóttir	Viðurkenning frá efnafræðifélagi Íslands fyrir afburðaárangur í efnafræði.
Auðunn Örn Gunnarsson	Viðurkenning fyrir framúrskarandi árangur í rafiðngreinum.
Birgir Valur Thorsteinson	Viðurkenning fyrir góðan árangur í ensku.
Daníel Breki Elvarsson	Viðurkenning fyrir góðan árangur í eðlisfræði.
Daníel Breki Elvarsson	Viðurkenning fyrir góðan árangur í stærðfræði.
Dýrleif Nanna Guðmundsdóttir	Viðurkenning fyrir frábær störf í þágu félagslífs nemenda skólaárið 2024-2025.
Elmar Yngvi Matthíasson	Viðurkenning fyrir framúrskarandi árangur í rafiðngreinum.
Hanna Dóra Höskuldsdóttir	Viðurkenning fyrir frábær störf í þágu félagslífs nemenda skólaárið 2024-2025.
Hanna Dóra Höskuldsdóttir	Viðurkenning fyrir góðan árangur í íþróttum og íþróttufræðum.
Hrafnhildur Ýr Steinsdóttir	Viðurkenning fyrir framúrskarandi árangur í dönsku.
Hrafnhildur Ýr Steinsdóttir	Viðurkenning fyrir framúrskarandi árangur í íslensku.
Hrafnhildur Ýr Steinsdóttir	Viðurkenning fyrir metnað og dugnað í þýsku.

Jasson Eduardo Sanchez Valdes	Viðurkenning fyrir framúrskarandi árangur í véliðngreinum.
Marinó Frank Styrmisson	Viðurkenning fyrir samvirkusemi og góðan árangur á húsasmíðabraut.
María Björk Leifsdóttir	Viðurkenning fyrir framúrskarandi árangur í öllum hestatengdum áföngum.
Matthías Máni Elíasson	Viðurkenning fyrir þrautseigju í námi á sérnámsbraut og samhliða tekið áfanga á almennri braut.
Ólöf Vala Heimisdóttir	Viðurkenning fyrir góðan árangur í stærðfræði.
Ólöf Vala Heimisdóttir	Raungreinaverðlaun Háskólans í Reykjavík fyrir framúrskarandi námsárangur í raungreinum.
Sólun Breki Ellertsson	Viðurkenning fyrir einstakan dugnað, áhuga og sköpunargleði í myndlist og textilhönnun á sérnámsbraut.
Þórunn Sturludóttir Schacht	Viðurkenning fyrir framúrskarandi árangur og sýndan árangur í félagsgreinum.

## Tölulegar upplýsingar

Á haustönn 2024 voru nemendur í dagskóla 979 talsins þann 10. september sem notaður er til viðmiðunar fyrir fjölda nemenda sem hóf nám þennan vetur. Þar af voru nýnemar 284 talsins. Þá voru nemendur 38 í kvöldskóla. Í fjarnám úr 10. bekkjum grunnskóla var 31 nemandi skráður og í fangelsunum voru skráðir nemendur 21 talsins. Nemendur á Reykjum voru 141. Alls voru því 1.241 nemendur skráðir í nám við skólann í upphafi haustannar og hafa þeir aldrei verið fleiri í sögu skólans. Við upphaf annar lögðu nemendur í dagskóla undir 30.305 einingar en stóðust við lok hennar 24.984 einingar. Þetta táknar að 17,6% eininga höfðu tapast á önninni. Til samanburðar töpuðust tæplega 19,4% eininga haustið 2023. Einingatap tengist því til dæmis að nemendur standast ekki námsmat eða að þeir hverfa frá námi af ýmsum ástæðum fyrir lok annar.

Í upphafi vorannar 2025 voru, viðmiðunardaginn 5. febrúar, 923 skráðir nemendur í dagskóla. Þá voru nemendur 37 í kvöldskóla. Í fjarnám úr 10. bekkjum grunnskóla voru skráðir nemendur 32. Í fangelsunum voru skráðir nemendur 85 talsins. 93 nemendur voru skráðir í nám að Reykjum. Alls voru það því 1.170 nemendur sem voru skráðir í nám við skólann í upphafi vorannar. Nemendur í dagskóla lögðu undir 29.556 einingar við upphaf annar og við lok hennar höfðu nemendur staðist 25.301 einingar. Þetta táknar að 14,4% eininga höfðu tapast á önninni. Til samanburðar má geta þess að vorið 2024 töpuðust 20,3% eininga. Námsárangur í dagskóla, samkvæmt þessum tölum, er því umtalsvert betri en sl. vorönn.



Í eftirfarandi töflu má sjá dreifingu dagskólanemenda á brautir skólaárið 2024-2025 m.v. viðmiðunardagana 10. september og 5. febrúar.

Nemendafjöldi á brautum		Haustönn 2024	Hlutfall	Vorönn 2025	Hlutfall
GHÁ	Grunnnám háriðna	12	1.23%	12	1.30%
GMF	Grunnnám matvæla- og ferðagreina	8	0.82%	12	1.30%
GRB	Grunnmenntabrá	52	5.31%	42	4.55%
HES	Hestaliðabraut	21	2.15%	17	1.84%
HÚS	Húsasmíðabraut	94	9.60%	91	9.86%
ÍÞB	Íþróttabraut	6	0.61%	5	0.54%
LNB	Listnámsbraut	14	1.43%	10	1.08%
RA	Rafvirkjabraut	69	7.05%	65	7.04%
SB	Sérnámsbraut	72	7.35%	68	7.37%
SJ	Sjúkraliðabraut	10	1.02%	10	1.08%
ST-1	Stúdentsbraut-Opin lína	277	28.29%	276	29.90%
ST1-A	Stúdentsbraut-Alþjóðalína	7	0.72%	7	0.76%
ST1-F	Stúdentsbraut-Félagsgreinalína	54	5.52%	46	4.98%
ST1-Í	Stúdentsbraut-Íþróttalína	61	6.23%	50	5.42%
ST1-N	Stúdentsbraut Náttúrufræðilína	86	8.78%	79	8.56%
ST1-VH	Stúdentsbraut Viðskipta- og hagfræðilína	32	3.27%	30	3.25%
ST-2	Viðbótarnám til stúdentsprófs	3	0.31%	4	0.43%
ST2-B	Stúdentsbraut Búfræðilína	1	0.10%	1	0.11%
ST2-H	Stúdentsbraut Hestalína	3	0.31%	6	0.65%
ST2-L	Stúdentsbraut Listalína	35	3.58%	35	3.79%
VV	Vélvirkjabraut	62	6.33%	57	6.18%
	<b>Samtals:</b>	<b>979</b>	<b>100%</b>	<b>923</b>	<b>100%</b>

Við Fjölbrautaskóla Suðurlands leggja nemendur stund á fjölbreytt nám og í eftirfarandi töflu má sjá hversu margir stunduðu nám í iðnnámi, starfsnámi, bóknámi og á sérnámsbraut síðastliðinn vetur.

Nemendur á brautum	Haustönn 2024	Vorönn 2025	
Nemendur á iðnbrautum	245	237	GHÁ, GMF, HÚS, RA og VV
Nemendur á starfsnámsbrautum	70	69	HES, SJ, ST2-B, ST2-H og ST2-L
Nemendur á bóknámsbrautum	592	549	GRB, ÍÞB, LNB, ST-1, ST1-A, ST1-F, ST1-Í, ST1-N, ST1-VH og ST-2
Nemendur á sérnámsbraut	72	68	SB
<b>Samtals:</b>	<b>979</b>	<b>923</b>	

Eftirfarandi tafla sýnir hvernig aldursskipting nemenda var þetta skólaárið:

Nemendur undir 18 ára	Haustönn 2024	Hlutfall	Vorönn 2025	Hlutfall
Samtals:	593	60,57%	482	52,22%
Nemendur eldri en 18 ára	Haustönn 2024	Hlutfall	Vorönn 2025	Hlutfall
Samtals:	386	39,43%	439	47,56


Nemendur í Fjölbrautaskóla Suðurlands koma víða að. Stærstur hluti er þó úr nærumhverfi Selfoss. Á myndinni hér að neðan má sjá hvernig búseta nemenda sl. vetur skiptist eftir póstnúmerum:

Haustönn 2024		Vorönn 2025	
Nemendur eftir póstnúmerum	Fjöldi	Nemendur eftir póstnúmerum	Fjöldi


Reykjavík	9	Reykjavík	9
Kópavogur	5	Kópavogur	4
Garðabær	0	Garðabær	0
Hafnarfjörður	1	Hafnarfjörður	1
Reykjanesbær	3	Reykjanes/Suðurnes	1
Grindavík	3	Akranes	0
Mosfellsbær	1	Mosfellsbær	2
Borgarnes	1	Borgarnes	1
Ólafsvík	1	Ólafsvík	1
Bolungarvík	1	Ísafjörður	0
Blönduós	1	Bolungarvík	1
Skagaströnd	1	Blönduós	1
Akureyri	2	Siglufjörður	1
Egilsstaðir	2	Ólafsfjörður	0
Eskifjörður	2	Akureyri	1
Höfn í Hornafirði	5	Egilsstaðir	1
Selfoss	486	Eskifjörður	2
Selfoss - dreifbýli	29	Neskaupstaður	0
Selfoss - dreifbýli	36	Höfn í Hornafirði	5
Selfoss - dreifbýli	15	Selfoss	458
Selfoss - dreifbýli	12	Selfoss - dreifbýli	28
Selfoss - dreifbýli	8	Selfoss - dreifbýli	33
Hveragerði	87	Selfoss - dreifbýli	15
Þorlákshöfn	72	Selfoss - dreifbýli	15
Ölfus	10	Selfoss - dreifbýli	7
Eyrbakki	25	Hveragerði	80
Stokkseyri	9	Þorlákshöfn	71
Laugarvatn	1	Ölfus	11
Flúðir	14	Eyrbakki	17
Hella	27	Stokkseyri	9
Hella-dreifbýli	26	Laugarvatn	1
Hvolsvöllur	36	Flúðir	13

Hvolsvöllur-dreifbýli	26	Hella	26
Vík	5	Hella-dreifbýli	26
Kirkjubæjarklaustur	11	Hvolsvöllur	35
Vestmannaeyjar	2	Hvolsvöllur-dreifbýli	28
Annað - erlent lögheimili	4	Vík	5
		Kirkjubæjarklaustur	9
		Vestmannaeyjar	3
		Annað - erlent lögheimili	2
<b>Samtals:</b>	<b>979</b>	<b>Samtals:</b>	<b>923</b>

Eftirfarandi mynd sýnir hversu margar einingar nemendur höfðu í stundatafla á viðmiðunardögum haustannar 2024 og vorannar 2025. Inni í þessum nemendafjölda eru allir nemendur skólans, þ.m.t. grunnskólanemendur sem stunda fjarnám í stökum áföngum.



Einkunnadreifingu fyrir skólaárið 2024-2025 má sjá á eftirfarandi mynd. F stendur fyrir fall án tölulegrar einkunnar, t.d. ef nemandi fellur á mætingu og er sjálfkrafa skráður úr áfanga eða hann skilar sér ekki til lokaprófs. H táknar að nemandi hætti sjálfur í áfanganum og S stendur fyrir staðinn áfanga án tölulegrar einkunnar.



## Fréttir af margbrotnu starfi Haust 2024

### Skólameistaraskipti í FSu

Formleg skólameistaraskipti fóru fram 7. ágúst 2024 á Bollastöðum í FSu. Þá afhenti fráfarandi skólameistari Olga Lísu Garðarsdóttir - sem stýrt hefur FSu af röggsemi í 12 ár -táknrænum FabLab lykli Soffíu Sveinsdóttur nýráðnum skólameistara. Hefð er fyrir því að slík athöfn fari fram að frumkvæði Hollvarðasamtaka skólans. Þar situr núna í forsæti Vera Valgarðsdóttir fyrrum frönskukennari ásamt Önnu Sigríði Árnadóttur fyrrum spænskukennara, Dýrleifu Guðmundsdóttur



formanni nemendaráðs og núverandi starfsmönnum Andreu Ingu Sigurðardóttur og Sigprúðir Harðardóttur. Fráfarandi skólameistarar Sigurður Sigursveinsson og Örlygur Karlsson vottuðu athöfnina með stuttum ræðum, buðu nýráðin skólameistara velkomna, þökkðu Olgu Lísu vel unnin störf og minntust um leið nýlátins Hjartar Þórarinssonar (1927 – 1924) skólamanns sem öðrum fremur áorkaði það að FSu varð að veruleika.

Nýráðinn skólameistari Soffía Sveinsdóttir er stúdent frá FSu 1997, kenndi efnafræði við MH um árabíl, gegndi þar starfi IB stallara 2008 til 2022. Síðan þá hefur hún starfað sem sviðsstjóri vettvangseftirlits hjá Matvælastofnun. Soffía er með grunn- og framhaldsmenntun í efnafræði og

diplómu í kennslufræðum frá HÍ. Auk þessa hefur hún lokið meistaranámi í mannauðsstjórnun og diplómanámi í opinberri stjórnsýslu frá Háskóla Íslands.“ Skólasamfélagið í FSu býður Soffíu Sveinsdóttur hjartanlega velkomna til starfa.

### Fræðsla og fjör á nýnemadegi



Hefð er fyrir því að halda svokallaðan nýnemdag haust hvert áður en hefðbundin kennsla hefst. Mánudaginn 19. ágúst mættu um 280 nýnemar til leiks í FSu og hafa aldrei verið fleiri. Dagskrá nýnemadagsins var þéttskipuð að venju en nemendur fóru á milli fjölmargra kynningarstöðva í sínum umsjónarhópum. Markmið þessara kynninga er að nýir nemendur eigi auðveldara með að átta sig á skólaumhverfinu, bæði í rafrænum og raunheimi, fyrstu kennsludagana. Fjölmargt starfsfólk skólans kemur að skipulagi

dagskrárinnar. Meðal annars er farið með nemendur um öll þrjú húsnæði skólans, Odda, Hamar og Iðu, kynningar eru á bókasafni og þjónustu skrifstofu, náms- og félagsráðgjafar kynna sína þjónustu, sérstakar tölvustöðvar eru til þess að nemendur geti tengst kennslukerfinu Innu og í framhaldi Office pakkanum sem og þráðlausa neti skólans. Nemendur eru leiddir í gegnum hin dularfullu heiti og skammstafanir áfanga skólans, imprað á þrepum, stundatöflur og stökkakerfið skoðað sem og mætingareglur og nemendafélagið kynnir sína fjölbreyttu starfsemi. Nýnemarnir stoppa í mötuneytinu, bæði til að nasla en líka til að fá upplýsingar um tilhögun þar hvar gómsæti er í boði alla daga.

Þetta er gríðarmikið upplýsingamagn á tiltölulega skömmum tíma og heilmikið inn að taka því í raun er allt nýtt. Nýr skóli, nýtt námsumhverfi og ákaflega mikið af nýju fólki í lífi hvers nýnema. Krakkarnir voru til fyrirmyndar og öll dagskráin rann ljúflega og endaði á fjöri sem nemendafélag skólans sá um.

### Með blýantinn að vopni

Hefð hefur skapast fyrir því að nemendur í framhaldsáföngum í myndlist við Fjölbautaskóla Suðurlands haldi sýningu á verkum sínum í opinberu rými. Nú eru það nemendur úr áfanganum *Teikning framhald* (MYNL3TK05) sem sýna verk sín í Listagjálni á Bókasafni Árborgar á Selfossi en verkin voru unnin á vorönn 2024. Sýningin kallast **Með blýantinn að vopni**.



Í áfanganum er unnið eingöngu með blýant og byggt verulega ofan á þekkingu, færni og kunnáttu frá fyrri áfanga. Áhersla var lögð á raunsæja fríhendisteikningu, formskynjun og fjarviddartækni og unnið með áferð og andstæður í skyggingum. Nemendur gerðu samanburð og tilraunir með myndbyggingu út frá raunsæi, afstrakt og súrrealisma. Nemendur þurftu að íhuga fjölmarga þætti við gerð hvers verks og skiluðu sínum pælingum í formi greinargerðar í máli og myndum. Fjórir efnisflokkar eru til sýningar: 1) Náttúran nær og fjær, 2) Hlutir og dýr, 3) Andlit og umhverfi og 4) Lokaverkefni.

Sýningin verður í opin til 10. október á opnunartímum bókasafnsins.

Hægt er að skoða fleiri listaverk eftir nemendur FSu og má í því sambandi benda á tæplega 100 metra langan vegg við bílastæði skólans. Þennan vegg hafa nemendur myndskreytt reglulega síðastliðin 10 ár og þemað verið bókmenntir, sögur og ævintýri. Í vor gekk stór hluti veggjarins í endurnýjun lífdaga og því óhætt að mæla með göngu meðfram veggnum og ekki síður að hafa ungvíði með sér og leika með hugmyndaflugið.

### Rúsínuspýtingur og stígvélakast

Árleg nýnemaferð FSu var farin þriðjudaginn 10. september síðastliðinn. Það var um 250 manna hópur sem lagði leið sína í félagsheimilið Félagslund í Flóahreppi í hvínandi roki og kulda með gleðina að vopni og yl í hjarta. Í nýnemaferðinni er markmiðið að hrista nýja nemendur enn frekar saman með óhefðbundnum skóladegi í fjölbreyttri þrautakeppni sem kennarar og nemendaráð skólans sjá um. Þar reynir sannarlega á fullt litróf mismunandi styrkleika allt frá svokölluðum rúsínuspýtingi yfir í spurningakeppni að ótöldu öllu þar á milli. Að auki fer fram kosning á fulltrúa nýnema í nemendaráð á einni stöðinni.

Þrautastöðvar voru staðsettar bæði innan og utan húss og hver krókur og kimi nýttur til hins ítrasta. Nemendur, sem skipt var niður í ellefu lið, rúlluðu á milli stöðva undir styrkri stjórn liðsstjóra sem kosnir voru af nemendum sjálfum. Allt gekk eins og best verður á kosið, nemendur til fyrirmyndar í hvívetna, tóku þátt í hverri áskoruninni á fætur annarri og flest létu napurt veðrið ekki hafa áhrif á stemminguna enda klædd eftir veðri. Að þrautakeppni lokinni var boðið upp á nýgrillaðar pulsar með öllu en grillstjórar höfðu komið upp fyrirtaksaðstöðu hlémegin Félagslundar, hvar daufir sólargeislar



léku að auki um hópinn. Að síðustu var öllum smalað inn í sal þar sem krýndir voru sigurvegarar í liðakeppninni og úrslit úr kosningu fulltrúa nýnema voru kunngjörð. Það má til gamans geta þess að sá aðili er hreppir það hnoss gengur almennt undir titlinum BUSAKRÚTT.

Það má sannarlega segja að þetta hafi verið gullur dagur í hvívetna en 10. september er alþjóðlegur forvarndagur sjálfsvíga og hefur

guli liturinn verið notaður til að minna á geðheilbrigði og sjálfsvígsvörðun og voru mörg í gula skólanum okkar gulklædd í gulri veðurviðvörðun. Svo lét sú gula einnig sjá sig.

### Einir koma þá aðrir fara

Við upphaf hvers skólaárs verða alltaf mannaskipti í starfsliði FSu. *Einir koma - þá aðrir fara* eins og orðtakið segir enda er FSu fjölmennur og lifandi vinnustaður með um það bil eitt þúsund nemendum og starfsmenn. Í byrjun þessarar haustannar bættust tíu starfsmenn í skólasamfélagið: skólameistarinn Soffía Sveinsdóttir, íslenskukennararnir Birgir Aðalbjarnarson, Katrín Rut Sigurgeirsdóttir og Kristjana Hallgrímsdóttir, Sigurbjörn Mór Valdimarsson enskukennari, Hrönn Erlingsdóttir þroskaþjálfari, sérkennararnir Ragnhildur Þorsteinsdóttir, Sigríður Sigfúsdóttir og Þorbjörg Lilja Jónsdóttir og stuðningsfulltrúinn og ergó kennarinn Þórunn Sif Ólafsdóttir.



Hefð er fyrir því að aðstoðarskólameistari hitti nýráðna starfsmenn á sérstökum fundi þar sem farið er yfir fyrirkomulag og skipulag kennslunnar í FSu og fór sá fundur fram í Gryfjunni að þessu sinni sem er samastaður í miðrými skólans. Allir nýráðnir starfsmenn er boðnir hjartanlega velkomnir í gula skólann.

### Dýrindis morgunverðarhlaðborð í FSu



Nemendur í áfanganum VBFM1VA12, verkleg- og bókleg færniþjálfun undirbjuggu morgunverðarhlaðborð undir vökulu auga Þóris Erlingssonar matreiðslumeistara og kennara. Nemendur bjuggu til músli, bökuðu brauð og muffins, pressuðu appelsínusafa og melónusafa og löguðu krækiberjasaft. Hrærðu egg, steiktu pylsur og beikon og kartöfluklatta svo fátt eitt sé nefnt. Þessu var smekklegra raðað upp og borð dekkjað upp. Allt virkilega ljúffengt og greinilegt að nemendur á matvælabraut FSu eiga framtíðina fyrir sér.

## Gunnar Helgason í heimsókn

Áfangi í barnabókmenntum er kenndur í FSu á þessari önn – undir íslensku á 3. þrepi - og var áhugi nemenda mikill. Fjórir hópar fylltir sem þýðir að um það bil 110 nemendur lesa og greina barnabækur þessa önnina. Auk valinna bóka eru fræðigreinar lesnar sem varpa ljósi á sögu íslenskra barnabóka, sérstaka frásagnartækni þeirra sem sýnir að vandaðar barnabækur er bæði fyrir börn og fullorðna. Myndlýsingar í barnabókum eru greindar og samband þeirra við textann skoðað og ýmsum siðferðisspurningum velt upp sem leynst geta á milli línanna. Kenningar Jean Piaget um vitsmunabroska barna eru rýndar og mátaðar við bókmenntirnar. Kennarar áfangans eru Guðbjörg Grímsdóttir, Jón Özur Snorrason og Stefán Hannesson.



Auk þessa eru einstakir höfundar skoðaðir og ferill þeirra og í tilefni af því kemur rithöfundurinn Gunnar Helgason í heimsókn í skólann fimmtudaginn 10. október næstkomandi og heldur fyrirlestur og uppstand á sal skólans klukkan 12.30. Sannarlega sambland af fróðleik og fjöri.

## Hafsjór listafólks

Alþjóðlega listahátíðin og vinnustofan *HAFRÓT* var haldin þriðja árið í röð á Eyrarbakka nú í september. Yfirskriftin í þetta sinn var *OCEANUS HAFSJÓR*. Það er Ásta Vilhelmína Guðmundsdóttir fata- og textílhönnuður og listakona, sem ber hitann og þungan af skipulagi og utanumhaldi en á þriðja tug ólíkra listamanna víðsvegar að úr heiminum tóku þátt - auk 15 myndlistarnema úr FSu.

Nemendurnir 15 hafa unnið ötullega að sínum verkum síðastliðnar þrjár vikur en hver nemandi vann hið minnsta þrjár myndir út frá sama mótífi þar sem þemað var HAFIÐ. Myndirnar/verkin þurfti að vinna með ólíkum aðferðum og efnum ásamt því að hafa í huga fjölbreytta stíla og freista þess að ná fram ólíkri stemmingu á milli mynda. Aðstandendur listahátíðarinnar heimsóttu FSu í ferlinu og eins fóru nemendur í ferð á Eyrarbakka, hittu listafólkið að störfum og kynntu sín verk út frá aðferðum, nálgun og innihaldi svo sannkallaður sómi var að.



Uppskeruhátíð listahátíðarinnar var helgina 28. til 29. september víðsvegar um Eyrarbakka. Nemendur sýndu sín verk í Gömlu kartöflugeymslunni og skrifuðu hugleiðingar við verkin sem lýstu innihaldi og aðferð. Vegna Menningarmánaðarins Október í Árborg verður önnur sýningarhelgi 5. til 6. október. Eins og svo oft er sjón sögu ríkari og sannarlega óhætt að mæla með menningarferð á Bakkann. Nánari upplýsingar um opnunartíma og listafólkið má finna á [oceanushafsjor.com](http://oceanushafsjor.com)



## Að gera gott fyrir samfélagið

Lifandi og virkt félagslíf nemenda í framhaldsskóla er ekki síður mikilvægara en námið. Sumir segja að það skipti meira máli. Eftir styttingu náms til stúdentsprófs úr fjórum árum í þrjú dró úr virku félagslífi. Nú er komin reynsla á skerðinguna og nemendur laga sig að breyttum aðstæðum. Virkt félagslíf setur mark sitt á skólastarfið og kom það heldur betur í ljós í síðustu viku þegar GÓÐGERÐARVIKAN var haldin að frumkvæði nemenda.



Það er svo mikil góðsemi og samfélagsþjónusta sem fylgir góðgerðaviku. Að þessu sinni ákvað Nemendafélag FSu að safna fyrir PÍETA en það eru samtök gegn sjálfsvígum og sjálfsskaða. Eftir ýmsar áskoranir og skemmtun í vikunni þar sem skólameistari og formaður nemendaráðs voru ataðar rjóna eða nemandi var límdur upp á eina súlu skólans eins og krossfestur. Demantur var settur í tönn Þórunnar skólaliða og valdir kennarar áttu að mæta í grímubúningi. Íslenskudeild keppti við raungreinadeild skólans í vítakeppni og valdir starfsmenn valhoppuðu í vinnunni á ákveðnum degi. Mötuneytið mætti í FROZEN búningum. Bara brot af atburðum.

Ellen Calmon framkvæmdastýra Píeta samtakanna kom á lokahátíð góðgerðarvikunnar sem haldin var í IÐU - íþróttahúsi FSu og tók við söfnuðum fjármunum sem að þessu sinni námu 360 þúsund - úr hendi Sigurðar Ernís Eiðssonar sem afhendi styrkinn fyrir hönd nemenda. Stemmningin var mjög góð og nemendur og kennarar peppaðir í alls konar leikjum og íþróttakeppni.

## Námskeið í meðferð keðjusaga nýtur mikilla vinsælda hjá Garðyrkjuskólanum

Dagana 22. - 24. nóvember var haldið námskeið í tráfellingum og grisjun með keðjusög á Hallormsstað á vegum Endurmenntunar Græna geirans hjá Garðyrkjuskólanum - FSu. Þetta er annað námskeiðið á Hallormsstað á þessu hausti því fullskipað var á námskeið sem haldið var í október og annað námskeið fylltist fljótt. Eftirspurn eftir fólki til að vinna við umhirðu skóga vex stöðugt og miklu máli skiptir að þeir sem vinna með keðjusagir kunni vel til verka, bæði fyrir öryggi fólks og gæði skógarins. Eins eru margir, sem undanfarin ár hafa verið að planta skógi í landið sitt, farnir að huga að því að fella tré og grisja því skógurinn er orðinn úr sér spröttinn og oft allt of þéttur.



Nánari upplýsingar um námskeið á vegum Endurmenntunar Græna geirans er að finna á heimasíðu Fjölbrautaskóla Suðurlands <https://www.fsu.is/is/namid/gardyrkjuskolinn-reykjum/gardyrkjuskolinn-namskeid>

### **Paprikutilraunir á Reykjum fara vel af stað**

Starfsmenn Garðyrkjuskólans/FSu á Reykjum hafa í haust unnið að uppsetningu athugunar í tilraunahúsi garðyrkjuskólans á Reykjum í Ölfusi þar sem leitast er við að fá upplýsingar um hentugt lýsingarmagn í vetrarræktun papriku í íslenskum gróðurhúsum.

Paprika er tegund sem ræktendur hafa lagt stund á lengi en skort hefur upplýsingar um hvernig standa má að ræktuninni allt árið með nýtingu raflýsingar. Umrætt tilraunaverkefni er sett upp á þann hátt að borin er saman ræktun undir mismunandi ljósgjöfum þar sem bæði er unnið með ólíkan ljósstyrk og lampagerðir (HPS-lampar og LED-lampar).



Að tilrauninni koma nokkrir aðilar, Rannsóknarmiðstöð landbúnaðarins (RML), Sölufélag garðyrkjumanna (SFG) og Búgreinadeild

garðyrkjubænda hjá Bændasamtökunum. Íslenskir paprikuræktendur áttu frumkvæði að verkefninu.

Í síðustu viku komu í heimsókn tveir erlendir ylræktarráðunautar til að meta stöðu verkefnisins, þau Fríða Helgadóttir frá danska ráðgjafafyrirtækinu HortiAdvice og hollenski ylræktarráðunauturinn Chris Verberne ásamt Helga Jóhannessyni frá RML en þau höfðu öll hönd í bagga með skipulag verkefnisins.

Það var samdóma álit sérfræðinganna að vel væri staðið að framkvæmd tilraunanna sem nú hafa þegar sýnt að kröftug vaxtarlýsing getur skilað góðum vexti í unglöntum, plönturnar eru kröftugar og aldinsetning er ágæt. Stutt er í fyrstu uppskeru.

Elías Óskarsson umsjónarmaður gróðurhúsa og Börkur Halldór Bl. Hrafnkelsson, garðyrkjufræðingur hafa langa reynslu af tilraunastarfi á Reykjum og fengu þeir sérstakt hrós fyrir vandaða framkvæmd verkefnisins.

Flestir íslenskir paprikuræktendur hittust þennan dag til skrafs og ráðagerða á Reykjum. Gert er ráð fyrir framhaldi á þessu verkefni því hér er um að ræða mikið hagsmunamál, að auka verulega hlut innlendrar papriku á markaði allt árið um kring.

## Vor 2025

### Að sjá veðurfræðing að störfum



Nemendur í JARÐ3VE05 sem ígrunda veður og haffræði fóru í heimsókn á Veðurstofu Íslands þann 20. febrúar síðastliðinn. Kristín Hermannsdóttir veðurfræðingur tók á mót og fengu nemendur fræðslu um starfsemi veðurstofunnar og tækifæri til að koma með ýmsar spurningar. Þar næst var gengið um híbýli veðurstofunnar og ýmsir krókar og kimar rannsakaðir að hætti vísindamanna. Lítið herbergi fyrir útvarpssendingar fannst og svo fengu nemendur að líta inn í spásalinn sem svo er kallaður. En þar er fylgst með jarðskrálfutum um allt land en þó sérstaklega Reykjanesinu. Einnig fengu nemendur fræðslu um svokallaða flugveðurspá sem miðar að því að gefa þeim sem stunda flug nákvæmstu leiðbeiningar sem hægt er um veðrið á ólíkum flugleiðum. Þá fengu nemendur að sjá veðurfræðinga að störfum en þar sem það var afar gott veður þennan dag stunduðu þeir yfirvegum og rósemd – í takt við veðrið. Loftmynd í nágrenni Íslands var greind þar sem öflugar eldingar mátti sjá. Í heildina var þessi vettvangsferð sérlega fróðleg og skemmtileg og hver veit nema framtíðar veðurfræðingar Íslands hafi fæðst í henni.

### Samvinna við Byggðasafn Árnesinga



Miðvikudaginn 12. febrúar síðastliðinn heimsóttu nemendur á lokaönn í húsasmíði Byggðasafn Árnesinga ásamt kennara sínum Lárusi Gestssyni. Eins og flestir vita er byggðasafnið staðsett á Eyrarbakka en þeir mættu vera enn fleiri. Trédeild FSu hefur farið á Byggðasafnið síðustu ár tvisvar á lokaönn með nemendur úr áfanganum HÚSV3HU05. Í fyrra skiptið var hlýtt á fyrirlestur en í seinna skiptið að vori var farin söguganga um Eyrarbakka. Í áfanganum er mikið lagt upp úr húsafriðun og virðingu fyrir byggingasögu landsins. Samvinna við Byggðasafnið er ómetanleg og fyrirlestrarnir frá Eyrbekkingnum Magnúsi Karel Hannessyni skýra vel húsasögu staðarins. Auk þessa stóð Byggðasafnið fyrir samantekt á vönduðu námsefni fyrir þennan áfanga. Það námsefni er komið í fulla notkun og er afar kærkomið

og auðveldar kennurum trédeildar að sinna skyldum sínum við fræða nemendur um okkar merkilegu húsasögu og lögverndaða húsafríðun.

### **FSu er fyrirmyndarstofnun árið 2024**

Sameyki kynnti niðurstöður úr könnuninni "Stofnun ársins 2024" þann 13. febrúar síðastliðinn. Um þrjá verðlaunaflokka er að ræða: Borg & bæ, ríki og sjálfseignarstofnanir & fyrirtæki í almannajónustu. Alls komust 140 ríkisstofnanir á lista en þeim er skipt í þrjá stærðarflokka. Fimm efstu stofnanir hvers flokks fá sæmdartitilinn „fyrirmyndarstofnun“. Könnunin byggir á mati starfsfólks á níu þáttum í innra starfsumhverfi, m.a. starfsanda, jafnrétti og sveigjanleika í starfi. Tilgangurinn með vali á stofnun ársins er að verðlauna vinnustaði sem ná framúrskarandi árangri við stjórnun mannauðs. FSu varð í þriðja sæti af 46 í flokknum stofnanir með 90 eða fleira starfsfólk. Skólinn hefur verið á topp tíu í könnuninni undanfarin ár. Árið 2021 var skólinn í 6. sæti, 7. sæti árið 2022 og í 10. sæti árið 2023. Niðurstaða könnunarinnar er viðurkenning á jákvæðu starfsumhverfi og góðum vinnuanda innan FSu. Þessi frábæra niðurstaða er samvinnuverkefni allra starfsmanna. Allar niðurstöður má nálgast á vef Sameykis.

### **Ferðalag inn í sænskt eldhús**



Níu heiðursnemendur og tveir kennarar í grunnnámi matvæla og ferðagreina við FSu heimsóttu Tranellska gymnasíet í Västerås í Svíþjóð dagana 19. til 23. janúar síðastliðinn með námstyrk frá Erasmus. Um er að ræða sex ára gamla menntastofnun sem sérhæfir sig í hótélrekstri, ferðaþjónustu, framreiðslu veitinga og gæðabakstri. Skólinn er mjög vel tækjum búinn og fagmennska í fyrirrúmi. Nemendur og kennarar FSu fengu sérlega góðar móttökur og kennslu og kynningu á eldunar- og bökunaraðferðum og ýmsum tækjum sem notuð eru í matvælavinnslu. Að sögn

Guðríðar Egilsdóttur fagstjóra matvælagreina við FSu, sem stýrði ferðinni ásamt meistarakokki Þóri Erlingssyni, tókst ferðin mjög vel í alla staði, í senn skemmtileg og upplýsandi. Hún vitnaði til sænskrar umfjöllunar að lokum: Í dagarna tvá har vi haft besök av en isländsk restaurangskola, Thorir Erlingsson är President i Nordic Chefs Association, De har besökt Västerås och Tranellska med nio elever och läraren Guðriður Egilsdóttir, Vår rektor Marcus samt lärarna Mikael (bageri) samt Eddie (kök) har undervisat i våra kök.

### **Samningur við Landsvirkjun**

Fjölbrautaskóli Suðurlands og Landsvirkjun hafa endurnýjað samstarfssamning sín í milli. Samningnum er ætlað að styðja við verklegt iðnnám rafvirkja- og vélvirkjabrauta við FSu. Einnig er markmiðið að kynna starfsemi fyrirtækisins fyrir nemendum skólans. Landsvirkjun hefur tekið að sér iðnnema frá FSu í vinnustaðanám með ferilbók síðustu ár og hefur samstarfið verið farsælt. Nemendur fá innsýn í starfsemi orkuvera og kynnast fyrirtækinu, störfum þar og öryggismenningu. Þeir fá tækifæri til að fást við fjölbreytt verkefni sem án efa víkka sýn þeirra á fagið og hvaða möguleikar standa þeim til boða að námi loknu. Að auki hefur Landsvirkjun boðið iðnnemum í heimsókn í aflstöðvar sínar og á orkusýningu

í Soginu. Samningur sem þessi er hluti af samfélagsstefnu Landsvirkjunar sem miðar að því að nærsamfélag aflstöðva njóti ávinnings af starfsemi fyrirtækisins. Heimsóknir í fyrirtæki eru ómetanlegur hluti iðnnáms, þar sem nemendur kynnst alls konar verkefnum sem þeim standa til boða að námi loknu. Fulltrúar Landsvirkjunar heimsóttu skólann í byrjun febrúar þar sem þau kynntu fyrirkomulag vinnustaðanáms hjá þeim fyrir nemendum á rafvirkja- og vélvirkjabrautum. Kynningin var vel sótt og góður rómur gerður að henni.

### Hvað er hinseginleiki?



Jafnréttisnefnd FSu, nemendaráð og starfsfólk FSu stóðu saman að glæsilegri HINSEGIN viku í FSu vikuna 24. til 28. febrúar. Skólinn uppfærði fánann sinn í gegnum Hinsegin kaupfélagið og var honum flaggað upp í himin auk þess sem veggir, stofur, gangar, mötuneyti og starfsfólk var skreytt með öllum regnbogans litum. Kynjafræðinemendur settu upp sýningu á veggspjöldum um hinseginleika og stóð hún yfir alla vikuna. Myndlistardeildin með kennarana Ágústu og Önnu Kristínu í forsvari

sá um að útfæra regnbogastiga sem lá frá þriðju hæð skólans niður á þá fyrstu. Mötuneyti skólans var með allskonar útfærslur í matargerð og buðu nemendum meðal annars upp á litríkan mat með litríku krapi. Miðvikudaginn 26. febrúar flutti Ugly Stefanía Kristjónudóttir Jónsdóttir erindið TRANS FÓLK Í NÚTÍMA SAMFÉLAGI - erindi sem fjallar um trans fólk, þær áskoranir sem það stendur frammi fyrir í okkar samfélagi og hvernig við getum verið öflugri samherjar þeirra. Auk fyrirlestrarins fóru fram samtöl við nemendur og starfsfólk – fyrir og eftir hann. Skemmtilegt er frá því að segja að sveitarfélagið Árborg bauð upp á kynningar um viðfangsefnið fyrir nemendur. Fyrst var haldinn kynning um hinseginleikann á miðvikudeginum eftir skólatíma og svo flutti starfsfólk Pakkhússins erindi um hinsegin starfsemi sem þau halda utan um. Það er jafnréttisnefnd skólans sem heldur utan HINSEGIN viku FSu en hana skipa Eva Dögg Jafetsdóttir jafnréttisfulltrúi og formaður, Agnes Ósk Snorradóttir náms- og starfsráðgjafi og Eyrún Björg Magnúsdóttir félagsvísindakennara. Nefndin þakkar sérlega vel fyrir jákvæð viðbrögð úr nærsamfélaginu.

## “Ég kem hingað sem gjöf”



Afrekspjálfarinn Þórir Hergeirsson heiðraði nemendur og starfsfólk FSu með nærveru sinni mánudaginn 3. mars síðastliðinn. Tilefnið var nægt með hliðsjón af afrekaskrá hans en hin hliðin á Þóri er sú að hann er gegnheill Selfyssingur og 40 ára FSu stúdent. „Ég kem hingað sem gjöf“ orðaði hann af húmor og auðmýkt en skýringin er sú að útskriftarhópur hans ákvað að gefa nemendum og starfsfólki FSu fyrirlestur með Þóri. Fullyrða má að það hafi verið vel þegin gjöf. Fullur salur af áhugasömum nemendum og kennurum og öðrum þeim sem vildu hlusta

og nema og hitta kappann. Þórir rak fróðlegan feril sinn og eftir útskrift frá FSu 1985 stóð honum til boða að fara í íþróttanáms- og Laugarvatni og í Noregi. Hann ákvað að hleypa heimdraganum og fara í víking í norðurveg. Sagði við móður sína að hann kæmi aftur heim eftir þrjú ár. En hann býr þar enn og hefur náð einstökum árangri í handboltþjálfun. Hóf feril sinn á að koma liðinu Elverum úr 3. deild í toppbaráttu í þeirri efstu og hlaut verðskuldaða athygli í Noregi. Í kjölfarið tók kvennahandboltinn við í gegnum unglíngalandslið og svo sem hliðarþjálfari A-landsliðsins þangað til hann varð aðalþjálfari þess og yfirmaður handboltamála kvennamegin. Viðhorf og aðferðafræði Þóris í þjálfun afrekshóps er mjög athyglisverð því hún byggir ekki á neinu yfirvaldi sem segir leikmanni að gera þetta eða hitt. Heldur snýst hún um innri áhugahvöt hvers leikmanns og hvernig hann ræktar hæfileika sína með þrotlausri þjálfun og þolinmæði. Styrkur, bæting og nýsköpun voru þrjú hugtök sem hann lagði áherslu á. Gullverðlaun eru í þeim skilningi ekki aðalmarkmiðið heldur leiðin að þeim. Ferlið og undirbúningurinn, samheldnin og stöðugleikinn, þolinmæðin og trúin verða kannski að gulli. Margt í þjálfunarfræðum Þóris rímar sérlega vel við góðar kennsluáferðir og kennslufræði. Til að mynda lagði hann ríka áherslu á að gera leikmanninn SJÁLFSTÆÐAN í hugsun og ákvarðanatöku. Allir leikmenn þyrftu að vera í bílstjórásætinu þegar sóknin hefst. Sá sem er í aftursætinu bíður aðeins eftir ákvörðunum annarra. Sama gildir um nám. Mikið og margt mætti segja um þennan dásamlega og fróðlega fund þar sem Gaulverjabær FSu fylltist af áhugasömum nemendum með Þóri Hergeirsson á palli. Og niðurlagið í þessari frétt er skýr: Aðalmarkmið kennarans er að vekja ÁHUGA nemandans.

## Mín framtíð heppnaðist vel

Framhaldsskólakynningin Mín framtíð fór fram 13. – 15. mars í Laugardalshöllinni. Um 25 framhaldsskólar kynntu fjölbreytt nám samhliða íslandsmóti iðn- og verkgreina en keppt var í 19 greinum. Fyrstu tvo dagana var kynning fyrir grunnskóla og sóttu 9000 nemendur í 9. og 10. bekk sýninguna. Síðasta daginn var fjölskyldudagur og þá var opið fyrir almenning. Fjölbrautaskóli Suðurlands tók þátt og kynnti allt það fjölbreytta nám sem skólinn býður upp á. Plöntur og blóm prýddu bása skólans enda hæg heimatökin. Gestir gátu meðal annars snúið lukkuhjóli með námsbrautum skólans og sáð basilíkufræjum í litla dollu og tekið með sér. Sex nemendur skólans tóku þátt í íslandsmótinu að þessu sinni. Jóhann Már Guðjónsson keppti í húsasmíði og Sigurþór Árni Helgason var fulltrúi skólans í málmsuðu. Fjórir kepptu í skruðgarðyrkju en FSu er eini skólinn á landsvísu sem býður upp á slíkt nám. Íslandsmóti í skruðgarðyrkju eru gerð skil í annarri frétt hér á síðunni. Allir nemendur skólans stóðu sig með mikilli þryði. Þau leystu sín verkefni af yfirvegun og fagmennsku innan um þúsundir gesta. Reynslan er það dýrmætasta sem nemendurnir taka með sér, bæði til að ljúka námi og ekki síður sem veganesti fyrir framtíðarstörf sinna iðngreina. Mín framtíð lukkaðist með ágætum og var virkilega skemmtilegt að taka þátt í þessum líflega viðburði. Það er ekki síður lærdómsríkt fyrir starfsfólk að sjá hvað aðrir skólar bjóða upp á, einnig voru tækninýjungar kynntar og fleira skemmtilegt.



## Gott gengi í endurmenntun hjá Garðyrkjuskólanum



Við Garðyrkjuskólann á Reykjum er boðið upp á endurmenntunarnámskeið fyrir fagfólk í garðyrkju og skógrækt ásamt námskeiðum fyrir almenning. Núna á vorönninni hafa verið haldin fjölbreytt námskeið og hefur þátttakan verið framar vonum. Flestir hópar hafa fyllst af áhugasömum nemendum sem farið hafa heim með nýja þekkingu í farteskinu. Fimmtudaginn 20. mars var námskeið um áhættumat á trjám í þéttbýli. Trjágróður verður sífellt hávaxnari og umfangsmeiri og getur því valdið skaða á umhverfi sínu ef eitthvað kemur uppá. Aaron

Shearer sérfræðingur hjá Landi og skógi leiddi námskeiðsgesti í allan sannleika um hvernig best er að meta áhættu af trjágróðri. Nemendur í Grænni skógum mættu seinnipartinn föstudaginn 21. mars á námskeið um skógarmenningu í umsjá Aðalsteins Sigurgeirssonar sérfræðings hjá Landi og Skógi. Grænni skógar er námskeiðaröð ætluð skógræktendum og öðrum skógareigendum sem vilja auka við þekkingu sína og árangur í skógrækt. Alls taka þátttakendur í Grænni skógum 15 námskeið á 5 önnum, sem þýðir u.þ.b. 3 helgarnámskeið á önn. Laugardaginn 22. mars fylltist svo skólinn af áhugasömum nemendum því þá bættust við 2 hópar af námsfúsu fólki. Til viðbótar við Grænni skóga hópinn var

Ingólfur Guðnason, garðyrkjufræðingur og kennari á Reykjum með fjölmennan hóp áhugasamra um uppsetningu og ræktun í óupphituðum gróðurhúsum. Gróðurhús í garðinn virðist vera er ein af vinsælustu stórafmælisgjöfum þessa dagana svo þessi námskeið fyllast alltaf fljótt. Þriðja námskeiðið þennan dag var hópur sem fræddist um trjá- og runnaklippingar undir leiðsögn Ágústu Erlingsdóttur, skróðgarðyrkjumeistara. Þegar gróðurinn í garðinum vex fólki yfir höfuð er nauðsynlegt að afla sér þekkingar um hvernig og hvenær óhætt er að klippa svo trjágróðurinn vaxi og dafni í samræmi við óskir ræktandans. Þetta var frábær dagur og vonandi fóru allir glaðir heim. Fram undan er annar svona dagur því laugardaginn 5. apríl verða líka haldin 3 námskeið. Í fyrsta lagi endurtekur Ingólfur gróðurhúsanámskeiðið fyrir nýjan hóp sem nú þegar er nær fullskipaður. Guðríður Helgadóttir, garðyrkjufræðingur við Garðyrkjuskólann, ætlar að fræða fólki um fjölærar jurtir, plöntuval og uppröðun í beð. Þetta verður áreiðanlega mjög skemmtilegt og fróðlegt námskeið því Gurrý er óþrjótandi brunnur af fróðleik um plöntur og ræktun þeirra. Einnig verður haldið námskeið í moltugerð úr heimilisúrgangi. Það verður sífellt algengara að fólki vilji nýta lífrænan úrgang sem til fellur á heimilum. Svala Sigurgeirsdóttir, líffræðingur og stundakennari við Garðyrkjuskólann ætlar að kynna fyrir fólki ýmiskonar aðferðir og hvernig best er að koma sér af stað. Svala hefur stundað moltugerð um árabil og sér núna um fjölbreyttar tilraunir í moltugerð við Garðyrkjuskólann. Í maí eru svo fram undan þriggja daga námskeið í trjáfellingum og grisjun með keðjusög bæði á Garðyrkjuskólanum og Hólum í Hjaltadal. Einnig verður tveggja daga námskeið í torf og grjóthleðslu á Reykjum í maí.

### Ungt umhverfisfréttafólk



Nemendur FSu sigruðu keppnina "Ungt umhverfisfréttafólk" sem Landvernd heldur árlega. Sigurvegurinum er í kjölfarið boðið að taka þátt í alþjóðlegu keppninni *Young Reporters for the Environment*. Af fimm verkefnum sem rötuðu úrslit átti FSu tvö, verkefnið "Kára hval" eftir Axel Sturlu, Konráð Inga og Sunnu Hlín og "Afneitun manns" eftir Ólöfu Völu. Verkefnið Kári hvalur sigraði keppnina. Um er að ræða barnabók um Kára hval. Nemendurnir segja frá ævintýrum hans í ljóðrænum texta en bókin er í raun engin bók fyrir börn þar sem Kári hvalur lendir í hræðilegum atburðum og missir að lokum foreldra sína. Verkefnið er því sterk ádeila á hvalveiðar Íslendinga. Þau myndskreyttu einnig bókina. Verkefnið var upphaflega unnið í landafræði þar sem nemendur þurftu að skoða vandamál í sínu nærumhverfi sem tengjast hafinu. Þar kviknaði þessi hugmynd sem þróaðist í þetta frábæra verkefni. Verkefnið er unnið á hverri önn í landafræði og nemendur hvattir til að taka þátt í keppni Landverndar og nú hefur umhverfisfræðin einnig ákveðið að hvetja nemendur til þátttöku í þessu frábæra verkefni.



## Vettvangsferð til Danmerkur

Nemendur dönskuáfanganum Bókmenntir og ferðalag (DANS3BF05) skruppu í vettvangsferð til Danmerkur dagana 23. til 27. apríl að skoða danskt skólahald og nám. Með þeim í för var dönskukennarinn Ida Lön og stærðfræðikennarinn Kristjana Sigríður Skúladóttir. Í áfanganum er fengist við bókmenntalestur og greiningu á dönsku ásamt barnabókagerð og skipulag á ferðalagi til Danmerkur með fjárhagslegum stuðningi Erasmus. Um þátttökunám er að ræða þar sem nemendur sjá um alla þætti ferðalagsins, að kaupa flugmiða, panta gistingu, finna skóla til að heimsækja, ákveða transport og búa til dag- og tímasetta dagskrá frá upphafi ferðar til enda. Fyrri skólinn sem sóttur var heim heitir Roskilde Festival Højskole tók vel á móti Íslendingunum með ögrandi litavali og arkitektúr. Skólinn var stofnaður 2019 og telst því vera algert



ungabarn í lýðháskóla samhengi dansks skólakerfis. 69 nemendur stunda nám við skólann á vorönn og þar af er helmingur frá öðrum löndum en Danmörku. Kennarar eru tíu talsins og þrír starfsmenn sinna skrifstofustörfum. Skólinn er staðsettur á gömlu iðnaðarsvæði í Roskilde og byggður á grunni gamallar sementsverksmiðju. Þar er í boði nám í tónsköpun, viðburðastjórnun, hljóð & ljós og ýmisskonar annari listsköpun. Eftir hádegi þennan sama dag lá leiðin í Copenhagen International School sem er 1000 nemenda skóli á aldrinum 6 til 18 ára sem koma frá 84 löndum. Kennarar við skólann eru 150. Skólinn var stofnaður árið 1963 og hefur verið til húsa víðsvegar um höfuðborgina. Núverandi bygging var tekin í notkun 2017 og er algjörlega þakin sólarcellum. Mjög vel búinn, nýttiskulegur og tilkomumikill skóli á hafnarsvæðinu með útsýni yfir hafið til allra átta og móttökurnar þar hlýjar, upplýsandi og menntandi eins og í Roskilde.

## Vel heppnaðir útgáfutónleikar kórs FSu



Kór Fjölbautaskólans hélt útgáfutónleika í Skálholti sunnudaginn 4. maí. Þau fluttu þrjú lög sem kórinn gaf út á streymisveitum sama dag auk annarra laga. Kórinn gaf einnig út þrjú önnur lög sem tekin voru upp árið 2010. Af því tilefni mættu tveir fulltrúar kórsins 2010, þau Jóhanna Ómarsdóttir og Eyþór Ingi Eyþórsson, og fluttu tvö lög. Stjórnandi kórsins þá og nú er Stefán Þorleifsson. Löng hefð er fyrir kórstarfi í FSu en um nokkurra ára skeið var þó enginn kór starfandi í skólanum. Fyrir þremur árum var kórinn endurvakinn og nýtur vaxandi vinsælda

meðal nemenda. Enda frábær reynsla og stökkpallur fyrir tónlistarfólk framtíðarinnar. Við erum mjög stolt af kórnum okkar og því frábæra starfi sem þar fer fram.

# Skýrslur fagstjóra

Svið: Tungumál, skapandi greinar, samfélagsgreinar og Ergó

## Enska

Fagstjóri: Luis Felipe Torres Meza

### Kennarar og áfangar

	Haustönn 2024	Vorönn 2025
Nafn kennara	Áfangageiti	Áfangageiti
Luis F. T. Meza	ENSK3FO05, ENSK2HB05 ENSK2OR05, ENSK2OL05	ENSK3FO05, ENSK2HB05 ENSK2HC05, ENSK2OR05
Thelma M. Marinósdóttir	ENSK3FO05, ENSK2OR05	ENSK3LA05, ENSK2OR05
Karl S.	ENSK1HA05, ENSK2HC05 ENSK1RX05	ENSK1HA05, ENSK2HC05 ENSK2OR05, ENSK1RX05
Sigurbjörn M. V.	ENSK2OL05, ENSK2HB05 ENSK1HA05	ENSK2HC05, ENSK2HB05
Kristjana Hrund Bárðardóttir	ENSK1HA05, ENSK1RX05 ENSK3ER05	ENSK1HA05, ENSK3YL05 ENSK3FO05
Guðfinna Gunnarsdóttir	ENSK3FO05, ENSK2OL05 (grunnskóli), ENSK2HC05	ENSK1AZ03, ENSK1RX05, ENSK2YL05 (grunnskóli)
Halldóra B. Guðmundsdóttir	ENSK1RX05	ENSK1RX05

### Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Á árinu urðu breytingar á áfangaframboði deildarinnar. ENSK2OL05 var fullmótaður og verður kenndur frá og með hausti 2025. Áfangarnir ENSK2HB05 og ENSK2HC05 voru hins vegar kenndir í síðasta sinn á vormisseri 2025. Nýr þróunaráfangi, ENSK1AZ03, var kenndur á vorönn og er ætlaður nemendum með íslensku sem annað mál. Hann er hluti af þróunarvinnu fyrir nýja námsleið, svokallaða Íslenskubró. Þá var ENSK3ER05 kenndur á þriðja þrepi í fyrsta sinn frá 2017, en áður hafði hann verið kenndur á öðru þrepi. Verkefni voru uppfærð með styrk úr Fageflingarsjóði og meðal annars unnið að skemmtilegu og fræðandi þverfaglegu samstarfi við RES á Byggðasafni Árnesinga sem vonast er til að vaxi enn frekar á næstu misserum.

### Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum

Símat var notað í öllum áföngum deildarinnar á skólaárinu 2024–2025. Í maí 2025 var efnt til sérstakrar fundarseríu þar sem matsviðmið í áföngunum ENSK1HA05, ENSK2OL05 og ENSK2OR05 voru rýnd og endurskoðuð með það að markmiði að tryggja samræmi og samfellu í námsmati innan deildarinnar.

### Námskeið sem kennarar hafa sótt

Kennarar deildarinnar sóttu fjölbreytt námskeið á árinu. Kristjana Hrund Bárðardóttir sótti námskeiðið Decco Comics á vegum FLÍF. Thelma M. Marinósdóttir stundaði nám í raungreinum með fjarkennslu frá erlendum háskólum, þar á meðal Physics Fundamentals (UPValenciaX), Applied Calculus (HarvardX), og AP Physics – Optics and Modern Physics (RiceX). Halldóra Björk

Guðmundsdóttir sótti röð námskeiða og viðburða tengdum umhverfisfræðum, kynjafræði og raunvísindum, þar á meðal á vegum Félags raungreinakennara, íslenskra og erlendra menntastofnana. Guðfinna Gunnarsdóttir sótti námskeið í leikritun og einnig námskeið í Barcelona (STEAM).

### Ný kennslugögn og verkfæri

Kennslugögn og verkfæri voru einnig endurnýjuð og þróuð áfram. Academic Skills 3 bókin var notuð í áföngum deildarinnar; kaflar 1–5 voru nýttir í ENSK2HB05, ENSK2HC05 og ENSK2OL05, á meðan kaflar 5–10 voru notaðir í ENSK2OR05. Í sama áfanga voru sérhannaðir spjallmennir (chatbots) nýtt við yfirferð verkefna. Einnig var ChatPilot í Office 365 notað í pdf verkefnabókum í áfanganum ENSK1RX05 þar sem nemendur deildu verkefnabókum með kennara og fengu leiðbeiningar, athugasemdir og spurningar sem styðja við áframhaldandi vinnu þeirra. Það jók yfirsýn kennara og gerði kleift að bregðast fyrir við þegar nemendur lentu í vanda.

Í áfanganum ENSK3FO05 voru kvikmyndirnar *Ladybird* og *Juno* notaðar. Þær voru valdar til að kenna til skiptis við *Love, Simon* og *The Perks of Being a Wallflower*, sem hafa verið notaðar. Stefnt er að því að kenna þessar kvikmyndir til skiptis á hverri önn.

### Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Tillögur kennara að starfsáætlun næsta skólaárs snúa fyrst og fremst að því að sækja um styrk úr Fageflingarsjóði til áframhaldandi þróunar á ENSK2OL05, sem og að efla samræmi milli áfanganna ENSK1HA05, ENSK2OL05 og ENSK2OR05. Unnið verður að því að tengja markmið aðalnámskrár við verkefni og námsmat, meðal annars með því að samræma færniþætti og matskvarða við evrópska tungumálarammann (CEFR).

Þessi vinna er nú þegar hafin innan deildarinnar. Á fundi sem haldinn var þann 26. maí 2025 fór fram ítarleg rýni á námskrá og námsmati í áföngum á bæði öðru og þriðja þrepi. Í áfanganum ENSK2OR05 var samþykkt að fella út skáldsögu sem áður var hluti námskeiðsins, þar sem hún þótti ekki í samræmi við væntingar til lestraráhuga nemenda og ójafnvægi sem skapaðist í lesálagi. Í staðinn var samþykkt nýtt verkefni um rökvillur og ritgerðasmíð, sem styður við hæfniviðmið aðalnámskrár og eflir gagnrýna hugsun og skriflega tjáningu. Jafnframt var farið yfir áfangann ENSK3FO05, þar sem staðfest var að hann uppfylli hæfniviðmið á þriðja þrepi, meðal annars með því að kortleggja helstu verkefni námskeiðsins gagnvart hæfnikröfum. Fundurinn markaði mikilvægt skref í átt að samræmdu og skýru námsmati og tryggingu faglegs samhengis innan enskudeildarinnar.

### Ergó

Fagstjórar: Anna Kristín Valdimarsdóttir og Sölvi Snær Jökulsson

### Kennarar og áfangar

	Hautönn 2024	Vorönn 2025
Nafn kennara	Áfangaheiti	Áfangaheiti
Anna Kristín Valdimarsdóttir	FÉLA1SA05	UMHV1SU05

Brynja Valgeirsdóttir	FÉLA1SA05	
Elvar Ingimundarson	FÉLA1SA05	UMHV1SU05
Eva Dögg Jafetsdóttir	FÉLA1SA05	UMHV1SU05
Guðmundur Björgvin Gylfason	FÉLA1SA05	UMHV1SU05
Guðmundur Garðar Sigfússon	FÉLA1SA05	UMHV1SU05
Halldóra Björk Guðmundsdóttir	FÉLA1SA05	UMHV1SU05
Hekla Þöll Stefánsdóttir	FÉLA1SA05	UMHV1SU05
Ingunn Helgadóttir	FÉLA1SA05	UMHV1SU05
Karl Sigtryggsson	FÉLA1SA05	UMHV1SU05
Klara Guðbrandsdóttir		UMHV1SU05
Sölvi Snær Jökulsson	FÉLA1SA05	UMHV1SU05
Tómas Davíð Ibsen Tómasson	FÉLA1SA05	UMHV1SU05
Þórunn Sif Ólafsdóttir	FÉLA1SA05	UMHV1SU05

## Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

### Haustönn

Á haustönninni í Ergó A voru kennsluhættir með svipuðu sniði og sl. vetur þó svo áherslum einstakra námsþátta hafi verið breytt. Um var að ræða sex námslotur auk skapandi lokaverkefnis (breyttist eftir verkfall). Ergó hóparnir voru sjö á þessu skólaári en hafa verið sex síðastliðin ár sem hafði áhrif á heildarskipulag áfangans. Í stað þess að breyta námslotunum varð áherslubreyting á skipulagi kennslu. Kennarapörin skiptu með sér ábyrgð á skipulagningu námsþátta og framsetningu þeirra. Áfanginn eru verkefnamiðaðir og áhersla er lögð á samvinnu nemenda og leiðsagnarnám. Lögð var aukin áhersla á skapandi verkefnaskil, ásamt upplýsingatækni, fjármálafræðslu og heimildanotkun, stefnt er á áframhaldandi þróun. Ýmsar sérfræðiheimsóknir dreifðust yfir önnina m.a. kynfræðslu á vegum Ástráðs, félags læknanema, fjármálafræðsla á vegum Arion banka, kynning frá VR þar sem sagt var frá starfi stéttarféлага og greint frá réttindum og skyldum félagsmanna.

### Vorönn

Á vorönninni í Ergó B var skipulagið með svipuðum hætti og haustönn 2023. Námsefnið skiptist í sex námslotur sem vísa í Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna með einum eða öðrum hætti. Hluti kennarahópsins fékk úthlutað styrk úr fagefningarsjóði með það markmið að endurhanna áfangann nánast upp á nýtt með áherslu á umhverfisfræðimiðuð verkefni. Þau voru vönduð en full krefjandi fyrir áfanga á fyrsta þrepi. Flest verkefni voru lögð fyrir í styttri og einfaldari útgáfu sem gaf góða

raun. Stefnt verður að áframhaldandi þróun á verkefnum sem stuðla að getu til aðgerða og menntun til sjálfbærrar þróunar. Áfanginn er verkefnaþiðaður og áhersla er lögð á samvinnu og skapandi verkefni.

Kennarahópurinn hélt uppteknum hætti og þörin skiptu með sér ábyrgð og skipulagi kennslu yfir tveggja vikna tímabil.

### **Nýjung**

Í upphafi skólaársins var skapandi skápur tekinn í gagnið. Í upphafi var fjárfest í lágmarks áhöldum og efnivið, en ekki nægilega mikið fyrir þetta stóran nemendahóp. Ef skápurinn verður áfram á Ergó svæðinu þarf að þróa betra verklag varðandi merkingar, umgengni og lagerstöðu og einnig þarf að liggja fyrir vilyrði stjórnenda. Ef skápurinn verður áfram gæti verið gagnlegt að fara yfir birgðastöðu í upphafi annar og versla inn. Það er mikilvægt að nemendur geti nálgast slíkan efnivið á eigin forsendum og efla þannig sköpunargáfu þeirra í fjölbreyttum verkefnum.

### **Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum**

Námsmatið er í sífelldri þróun í átt að leiðsagnarmati. Lögð var áhersla á samræmi í námsmati í öllum hópum, t.d. með verkefnum með skilgreindum einkunnaþáttum og vægi.

Nemendahóparnir eru breiðir og því verða alltaf einhverjar áherslubreytingar milli hópa.

### **Námskeið sem kennarar hafa sótt**

AKV:

- Námskeið á vegum UN á Íslandi: Að vekja ungt fólk til hnattrænnar vitundar.
- EKKO námskeiðið: Kynferðisofbeldi og kynferðisleg hegðun barna og unglinga.
- Fræðsluerindi um hinseinleikann - Sólveigu Rós
- Fræðsluerindi Uglu Stefaníu Kristjónudóttur: Trans fólk í nútíma samfélagi – áskoranir, hugtök, orðræða og fordómar.
- Science, technology, engineering, art & maths: Gaudí as metaphor of STEAM

ÞSÓ:

- Námskeið á vegum UN á Íslandi: Að vekja ungt fólk til hnattrænnar vitundar.

HPS:

- Samfélagsmiðlar, tölvuleikir og líðan, málstofa á vegum HR
- Science, technology, engineering, art & maths: Gaudí as metaphor of STEAM

### **Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu**

Glærur og verkefni uppfærð.

## Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

- Að skoða eldri verkefni eins og við á og aðlaga að núverandi áfanga út frá hugmyndum um menntun til sjálfbærrar þróunar.
- Leggja aukna áherslu á samræmi í námsmati með aukinni notkun einkunnaþátta á Innu til að auka gagnsæi í námsmati.
- Leggja aukna áherslu á nemendamiðað og umbreytandi nám þar sem hver og einn nemandi fær tækifæri til að þróa hugmyndir sínar og hæfileika í samvinnu við aðra í skapandi leitarnámi þvert á Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Auk þátttöku nemenda í fjölbreyttum verkefnum sem skapa tækifæri til gagnrýnnar hugsunar.
- Veita nemendum aukin tækifæri til að takast á við álitamál og ágreiningsefni í áfanganum.
- Leggja áherslu á kennsluhætti sem stuðla að gagnrýnni hugsun nemenda, frumkvæði þeirra og ábyrgð á eigin námi, ásamt umræðum, rökræðum, lýðræði og markvissri þjálfun í samstarfi og samvinnu.
- Leggja aukna áherslu á æskileg vinnubrögð á framhaldskólastigi, upplýsingatækni og meðferð heimilda í allri verkefnavinnu.

## Íslenska

Fagstjóri: Bertha Ingibjörg Johansen

### Kennarar og áfangar

	Haustönn 2024	Vorönn 2025
Nafn kennara	Áfangaheiti	Áfangaheiti
Bertha I. Johansen	ÍSLE2OS05 ÍSLE3ME05 ÍSLE3MV05	ÍSLE2OS05 ÍSLE2BV05 ÍSLE3NB05
Birgir Aðalbjarnarson	ÍSLE1GA05 ÍSLE2OS05 ÍSLE2BV05	ÍSLE1GB05 ÍSLE2BV05 ÍSLE3NB05
Stefán Hannesson	ÍSLE1RX05 ÍSLE3BB05 ÍSLE3HE05	ÍSLE1RX05 ÍSLE2BV05 ÍSLE3RT05
Guðbjörg Grímsdóttir	ÍSLE3BB05 ÍSLE1GA05	ÍSLE3RT05 ÍSLE3HE05 ÍSLE2OS05

Þuríður M. Björnsdóttir	ÍSLE2BV05 ÍSLE3HE05	ÍSLE2OS05 ÍSLE2BV05 ÍSLE3HE05 ÍSLE3NB05
Kristjana Hallgrímsdóttir	ÍSLE1GA05 ÍSLE1GB05 ÍSLE2OS05 ÍSLE1RX05	ÍSLE1GB05 ÍSLE2OS05 ÍSLE1RX05
Katrín Rut Sigurgeirsdóttir	ÍSLE1GB05 ÍSLE2OS05 ÍSLE2BV05	ÍSLE2OS05 ÍSLE2BV05 ÍSLE3HE05
Jón Özur Snorrason	ÍSLE1GB05 ÍSLE2OS05 ÍSLE3BB05	ÍSLE1A05 ÍSLE3RT05 ÍSLE3YM05

### Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Farin var vettvangsferð í ÍSLE2BV05. Nemendur unnu hlaðvarpsþátt út frá henni sem lukkaðist vel. Nemendur höfðu orð á því að það væri gott að komast út úr kennslustofunni og fá tengingu við námsefnið á þennan hátt.

Tvær leikhúsferðir voru farnar í áfanganum ÍSLE3YM05 á vörönn í þeim tilgangi að sjá / heyra / skynja / kannski skilja MUNNMÆLI á leiksviði og um leið að sjá muninn á tragedíu og kómedíu (Aristóteles) og þá hreinsun (kaþarsis) sem tvort tveggja vísar til með ólíkum hætti. Í fyrra skiptið var það *Köttur á heitu blikkþaki* eftir bandaríska leikskáldið Tennessee Williams og hið seinna var *LADDI* sem er endurspeglun (mímesis) á ævi þessa stórkostlega listamanns.

Samsetning áfangans ÍSLE3YM05 var nýjung þar sem yndislestri og munnmælum var slengt saman í eitt. Í þeim skilningi tilraunaáfangi sem mætti útfæra á fjölbreyttan hátt í framtíðinni. Kenna hann þriðju hverju önn þar sem nemendur lesa vandaðar bókmenntir heima og gera munnlega grein fyrir í kennslustund (50%) EN að hafa hinn hlutann valkvæðan sem stýrðist af sérþekkingu kennara og áhuga. Dæmi sem ég gæti nefnt væru: Yndislestur og leikhús. Yndislestur og ljóðagerð. Yndislestur og smásögur. Yndislestur trúaðar bókmenntir. Yndislestur og kvikmyndir. Yndislestur og blaðamennska / menningargagnrýni. Yndislestur og eddukvæði. Yndislestur og svo mætti lengi telja áfram.

### Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum

Það er símat í öllum áföngum íslenskudeildarinnar. Því verður haldið áfram á öllum þrepum en á 2. þrepi þurfa nemendur að ná lágmarkseinkunninni 4,5 í ákveðnum námsþáttum.

Ákveðið var að hafa lágmarkseinkunn í tveimur námsþáttum í ÍSLE2OS05 og einum í ÍSLE2BV05. Það er gert í þeirri von að nemendur fari í næsta áfanga með lágmarkshæfni í ritun og læsi.

Áfram er unnið með leiðsagnarnám þegar kemur að ritun.

### Námskeið sem kennarar hafa sótt

Kristjana Hallgrímsdóttir:

Tækni í lestri og ritun, okt. 2024. TMF Tölvumiðstöð.

Puríður M. Björnsdóttir: Science, technology, engineering, art and maths: Gaudí as metaphor of STEAM, okt. 2024, Barcelona.

Jón Özur Snorrason: *Völsungasaga* á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands.

### Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

**ÍSLE3ME05:** Kennsluvefur Sverris Árnasonar var tekinn í notkun á haustönn. Hann reyndist vel og nemendur voru mjög ánægðir með hann. Þar er að finna texta Brennu-Njáls sögu, hljóðbók, glærur og stærri og minni verkefni.

**ÍSLE3NB05:** Skáldsagan Sporðdrekar lesin, verkefnavinna sem og ritgerð. Höfundur kom í heimsókn þar sem nemendur höfðu tækifæri á að ræða verkið. Allt vel lukkað og sagan væntanlega lesin aftur.

**ÍSLE3RT05:** Skáldsagan DEUS eftir Sigríði Hagalín Björnsdóttur og fjallar um samband guðs og gervigreindar var tekin fyrir og reyndist mjög vel í verkefnavinnu. Verður líklega notuð aftur.

**ÍSLE3YM05:** Skáldsagan AUÐLESIN eftir Adolf Smára Unnarsson. Sérlega eftirtektarverður, ungur höfundur sem hefur samið fyrir leikhús þar á meðal óperu (sem kmeð nemeennari ætlaði með nemendur á og fyrir kvikmyndaformið. Sagan fjallar um þúsaldarkynslóðina og mjög áhugaverð aflestrar. Gæti hentað þrýðilega í öðrum áföngum, jafnvel í ÍSLE1B05 þar sem verið er að leita nýrrar skáldsögu.

### Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Með tilkomu gervigreindar þá er ætlunin að vera með fleiri munnleg verkefni í deildinni, bæði í tengslum við ritunarverkefni og sjálfstæð. Kennarar þurfa að ræða þessa nýju byltingu (víðar en í deildinni).

### Annað Grunnur B

ÍSLE1GB05: Leggjum til að bókin Sonur minn verði færð í Grunn B og önnur bók fundin fyrir Grunn A. Ástæða þess er helst sú að það er erfitt að fara á dýptina í verkefnum úr Vetrarfríi (sem var í GB) en það er lítið mál með bókina Sonur minn í þess háttar verkefni. Leggjum einnig til að fækka *spurt og svarað* verkefnum og fjölbreyttari verkefni fundin í staðinn, s.s. minni hópaverkefni, veggspjöld og jafnvel stutt ritun. Framsagnarverkefni mætti einnig endurskoða aftur, æfa framsögn.

Málnotkunarpátturinn var ágætur, þjöppuðum verkefnum í þrjú (þrjár vikur) ef eitthvað er mætti auka vægi orðflokka og almennrar málfræði, nokkurs konar undirbúningur fyrir OS. Framsögn mætti vera víðar en aðeins í lokin, til að mynda litlir hlutar af fleiri verkefnum þó að námsmatið á framsögninni væri enn í lok annar. Annað í áfanganum gekk vel.



ÍSLE3NB05: Leggjum til að kenna næst Skáld skrifa þér í bókmenntasögunni, þótt hún sé ekki gallalaus. Kennslubókin Öldin öfgafulla var kennd í vetur og reyndist ekki vel.

## Samfélagsgreinar

Fagstjóri: Eyrún B. Magnúsdóttir

### Kennarar og áfangar

	Haustönn 2024	Vorönn 2025
Nafn kennara	Áfangaheiti	Áfangaheiti
Björgvin Guðni Sigurðsson	FÉLA2AF05 FÉLA3AB05 HEIM2BY05	FÉLA2AF05 FÉLA3AB05 HEIM2BY05 TÖLN1GR05
Elvar Ingimundarson	SAGA2YA05 SAGA3FM05	SAGA2YA05 SAGA2SÍ05
Erla Brimdís Birgisdóttir	SÁLF2IN05 SÁLF3AF05 SÁLF3PS05	SÁLF2IN05 SÁLF3PF05 UPPE2UM05
Eyrún Björg Magnúsdóttir	FÉLA2AF05 FÉLA3MP05 KYNJ2GR04	FÉLA2AF05 KYNJ2GR04
Eva Dögg Jafetsdóttir	KYNJ2GR04	KYNJ2GR04
Guðbjörg Grímsdóttir		GOÐI3GG05
Guðfinna Gunnarsdóttir		GOÐI3GG05
Ingunn Helgadóttir	VIÐS2SM05 BÓKF2BA05	LÖGF2LÖ05
Lárus Ágúst Bragason	SAGA2YA05 SAGA3SS05 SAGA1XSO1	SAGA2YA05 SAGA3SS05 FÉLA2AF05 SAGA1SX01
Sabína Steinunn Halldórsdóttir	UPPE3DU05	UPPE2UM05
Stefán Hannesson	KVIK2KT05	KVIK2ÚK05
Tómas Davíð Ibsen Tómasson	SAGA2YA05 SAGA3MS05	SAGA2YA05 SAGA3MS05
Ægir Sigurðsson	HAGF2HA05	VIÐS2FJ05

## Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

**Goði:** Áfanginn er verkefnaþættur og markmiðið er að tengja nútímann við gríska og norræna goðafræði. Nýtt efni er stöðugt innleitt samhliða hefðbundnu efni, s.s. textum, kvikmyndum, tölvuleikjum og þættum.

**Félagsfræði:** Jafningjamat hefur verið þróað og hentar náms- og kennsluefni vel. Símat og jafningjakennsla eru lykilþættir.

**Kvikmyndasaga:** Nýtt fyrirkomulag var innleitt: tveir áfangar (haust/vor) sem nemendur geta tekið í hvaða röð sem er, nema á fyrsta ári. Ný kennslubók ("Kvikmyndafræði fyrir framhaldsskóla") var tekin í notkun og skipt milli áfanganna. Próf voru samin út frá efni bókarinnar og bætt var við efni um hinsegin kvikmyndir úr "Queer Cinema". Lokaverkefni eru hluti af hvorum áfanga.

**Afbrotufræði:** Reglulegar kennsluinnlagnir, símat og eitt 10% lokapróf. Lokaverkefni snýst um greiningu á raunverulegum dómi.

**Tölvunotkun:** Verkefni eru ólík, henta mismunandi getustigi. Nemendur vinna á eigin hraða og skila a.m.k. 17 verkefnum. Engin próf eru í áfanganum.

**UPPE3DU05:** Kenndur í fyrsta sinn í 12 ár. Viðfangsefni snýr um sjálfið, þroska og menntun. Lagt var upp með ígrundun, áhugaverð efni og lestrarbók. Áfanginn heppnaðist vel en verður ekki kenndur aftur haust 2025.

**Kynjafræði:** Svipuð uppsetning og áður en verkefni uppfærð. Gervigreind var notuð meira og skil á munnlegum upptökum prófað. Kaflapróf voru á pappír. Aukinn tenging við jafnréttisnefnd og vitundarvakningu um hinsegin málefni.

**Lögfræði:** Valáfangi á félagsgreinalínu. Ný bók notuð og heimsókn í Héraðsdóm Suðurlands skipulögð.

**Stjórnun og markaðsfræði / Bókfærsla:** Kennd á hausti, en skert vegna verkfalls. Engar stórar nýjungar.

## Námsmat

- **Goði:** Símat og munnlegt lokapróf.
- **Saga:** Símat.
- **Kvikmyndasaga:** Próf, verkefni og lokaverkefni.
- **Afbrotufræði:** Símat og lokapróf.
- **Tölvunotkun:** Engin próf, skil á verkefnum.
- **Aðrir áfangar:** Símat. Oftar lotupróf á pappír en áður.

## Kennaranámskeið

- Sögukenningar: Fundur um gervigreind og sögu.

- Eyrún: "Soft skills for strong teachers" (Tenerife), "Gervigreind í kennslu" (Skólastarf á hraða tækninnar).
- Tómas: Skyndihjálpar og vistakstursnámskeið.
- Eva Dögg: "STEAM og Gaudi" (Barcelona) og "How to deal with burnout" (Setúbal).
- Guðfinna: STEAM og Gaudi (Barcelona)

### Kennslugögn

- Engar breytingar í flestum áföngum.
- **Lögfræði:** Ný útgáfa af bókinni Lögfræði fyrir viðskiptalífið eftir Björn Jón Bragason var kennd þessa önnina en árið áður var fyrri útgáfan notuð í fyrsta sinn. Með bókinni fylgir hlaðvarp sem einfaldar oft nemendum lærdóminn.
- **Kvikmyndasaga:** "Kvikmyndafræði fyrir framhaldsskóla" og "Queer Cinema".

### Tillögur að starfsáætlun

- Engar formlegar tillögur, en viðhorf um að "lifa og njóta".

### Tillögur að úrbættum

- Skylda kynjafræði á fleiri brautum.

### Annað

- Kvikmyndasaga sem valáfangi á félagsgreinalínu og/eða listalínu. Hentar einnig grunnmenntabréf.

### Skapandi greinar

Fagstjóri: Ágústa Ragnarsdóttir

### Kennarar og áfangar

	Haustönn 2024	Vorönn 2025
Nafn kennara	Áfangaheiti	Áfangaheiti
Anna Kristín Valdimarsdóttir	LIME1IN05	LIME2MM05
	MYNL1LM05	MYNL1LM05
	MYNL1SX05	MYNL1SX05
	MYNL1SX02	
Ágústa Ragnarsdóttir	MYNL2TK05	MYNL2TK05

	MYNL2MS05	MYNL3ML05
	MYNL1SX05	NÝMI2GM05
	MYNL1SX02	MYNL1SX02
	NÝMI2FL05	
Guðbjörg Bergsveinsdóttir	HÖTE2HU05	HÖTE2HU05
	HÖTE3HA05	HÖTE3HH05
	FATN1SX05	FATN1SX05
	LIME1IN05	LIME2MM05
		LEÐU1SX02
Guðfinna Gunnarsdóttir	LEIK1AA05	LEIK2UP05
	LEIK2AB06 LEIK2AC05	LEIK3AD05
Puríður Ingvarsdóttir	NÝMI1XF02	FATN1SX05

## Nýjungar og þróun í kennsluháttum á skólaárinu

### LEIKLIST:

Á haustönn var bryddað upp á þeirri nýjung að nemendur í LEIK2AC05 fengu stuttverk í hendur og áttu að leikstýra jafningjum sínum, taka ábyrgð á öllu ferlinu og stýra æfingum. Verkin voru svo sýnd þar sem þau voru stödd í nóvember. Gott samstarf var við kennara í Listum og menningu, þar sem þeirra nemendur komu á opnar kennslustundir í heimsókn þegar færi gafst og sáu sýningar nemenda.

Á vorönn var hópurinn óvenju fámennur. Var þess vegna ákveðið að færa nemendur yfir í uppsetningaráfangann LEIK2UP05 og setja upp leikverk. Fyrir valinu varð verkið Iris eftir Brynhildi Guðjónsdóttur og Ólaf Egilsson, sem kennari hafði áður sett upp í tengslum við Þjóðleik árið 2019. Verkefnið gekk mjög vel og var stofnað til samstarfs við Leikfélag Selfoss um að fá að setja verkið upp í Litla leikhúsinu við Sigtún og fá inn ljósahönnun og aðstoð við tæknimál. Verkið var auglýst á vegum leikfélagsins og gerð leikskrá. Verkið var sýnt mánudaginn 19. maí og gekk afar vel. Svona samstarf

við leikfélagið er ómetanlegt og nemendur fá allt aðra upplifun af listgreininni sinni með því að fá að leika verk í alvöru leikhúsi.

#### **LISTIR OG MENNING:**

**LIME1IN05** var kenndur á haustönn. Námsefni áfangans tekur breytingum á milli ára og þróast í takt við samfélagið. Kennsluhættir einkennast af sjálfstæðu leitarnámi nemenda sem byggir á grunnstoðum Menningarstefnu Íslands. Má þar nefna þátttöku í menningarlífi nærsamfélags og skapandi verkefnum.

Lögð var áhersla á tímabil, bæði í lista- og menningarlegu samhengi, ásamt skapandi túlkun á samfélagi og menningu út frá Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Verkfallið hafði áhrif á viðfangsefni annarinnar, t.d. fór hópurnin ekki í heimsókn á Listasafn Árnesinga eins og síðastliðið ár. Þátttaka nemenda á viðburði í Menningaroktóber lagðist einnig af á önninni. Á haustönn hófst gefandi samstarf við FSu leiklist, kennara leiklistar og Leikfélag Selfoss. Nemendur fóru á generalprufu í Litla Leikhúsinu við Sigtún á verkið *Listin að lifa* hjá Leikfélagi Selfoss auk þess að fylgjast með fjórum leikritum hjá nemendum í leiklist í FSu. Þetta samstarf hefur mikið gildi fyrir alla og heldur áfram í þróun í báðum áföngum.

**LIME2MM05** var kenndur á vorönn. Áherslur áfangans eru keimlíkar LIME1IN05 þ.e.a.s. hann byggir á sköpun, þátttöku og sjálfstæðu leitarnámi en farið er dýpra í ákveðna þætti. Nemendur fengu innsýn í hugmyndafræði listransókna, unnu krefjandi hönnunarverkefni sem endaði með nemendakynningu. Lögð var áhersla á nýtingu endurvinnanlegs efniviðar. Á önninni var tekin upp sú nýlunda að nota myndagrund Héraðsskjalasafns Árnesinga í verkefnavinnu. Verkefnið gekk vel og þróun þess heldur áfram á næsta skólaári. Gaudí as metaphor of STEAM var kveikja þess. Þátttökuverkefni á önninni voru fjölbreytt, má þar nefna heimsókn í Húsið á Eyrarbakka. RE safnvörður leiddi hópinn um sýninguna ENDUR(Á)LIT unga fólksins og um sýningarrýmin. Á sýningunni voru áróðursveggspjöld, unnin af nemendum í grafískri miðlun í Fjölbautaskóla Suðurland. Samfélagsrýnin og ádeilan á sýningunni tengist áherslum áfangans ásamt menningu fyrri tíma. Það verður áframhaldandi samvinna við RE og Húsið á næsta skólaári. Einnig sóttu nemendur sýningar í nærsamfélagi og í opinberum rýmum eins og myndlistarsýningu Michelle Bird "Hesturinn, stelpa og hálendið" í Listagjanni, Gallerý Listasel, myndlistasýning í Sundhöll Selfoss, heimsókn í Venus hringrásarverslun, Tónlistarbakki í Árborg. Nemendur fóru á generalprufu í Litla Leikhúsinu við Sigtún á verkið *Átta konur* hjá leikfélagi Selfoss.

#### **MYNDLIST ALMENNIR ÁFANGAR:**

**MYNL2TK05** (teikning): Ákveðnum verkþáttum er varða tvívíð form og áferð í skyggingum var breytt og nálgun á fjarvídd var breytt. Gert var nýtt námsefni fyrir þessa kennsluhluta í formi kennslumyndbanda og glærakynninga. Það er nokkuð athyglisvert að sjá hvernig skilningur og grunnfærni í fjarvídd virðist vefjast í æ meiri mæli fyrir nemendum. Fyrir nokkrum árum höfðu flestir nemendur einhver kynni af einfaldri fjarvídd út frá einum punkti þegar þeir komu í framhaldsskólann en nú er það undantekning ef einhver hefur kynnst þeirri aðferð áður.

**MYNL2MS05** (myndskreytingar og myndasögur): Áfanginn fór í samstarf við Listahátíðina Hafrót á Eyrarbakka sem leiddi til þess að námsáætlun breyttist og meiri áhersla varð á verkefni sem tengdist

hátíðinni og stórrí samsýningu sem allir nemendur tóku þátt í og átti hver 3 verk á sýningunni en nemendur unnu út frá þemanu Hafið. Nálgun á myndasöguhluta áfangans var einnig breytt og var það gert vegna áhrifa verkfalls. Áður þurftu nemendur að vinna myndasögu upp úr goðafraði eða ævintýrum en nú valdi kennari örsögur eftir Kött Grá Þjé og gafst það vel

**MYNL3ML05** (Mismunand stílbrigði 1850-1930): Áfanganum var breytt á þá lund að verkefnum var fækkað og meiri áhersla á að dýpka hvert viðfangsefni og að auki þurfti að skila inn greinargerð með hverjum verkhluta sem uppfylla þurfti ákveðin skilyrði. Breytingin gafst vel á allan hátt. Nemendur munu sýna afrakstur áfangans í haust í salarkynnunum Sundlaugar Selfoss.

**MYNL1LM05** (litir og myndbygging): Áfanginn fékk sérstaka aukayfirhalningu á síðasta skólaári og stefnt er að áframhaldandi þróun á áfanganum og meiri breytingar á verkefnum.

#### **MYNDLIST SÉRNÁMSBRAUT:**

- Nám og kennsla í áföngunum MYNL1SX05 og MYNL1SX02 var með sama sniði og verið hefur síðastliðin ár. Góð aðsókn var í áfangana.
- Námið er einstaklingsmiðað og aðlagð að áhugasviði og getu nemenda, því er enginn hópur eins. Lögð er áhersla á að nemendur virki hugmyndaflug sitt og sköpunargáfu. Verkefni annarinnar voru af ýmsum toga, allt frá einföldum blýantsteikningum yfir í flóknari verkefni. Má þar nefna málverk á striga, dúkristu, leirmótun, hönnun leðurhluta, einþrykk, þrívíða skúlptúra eins og ævintýraveröld. Lögð er áhersla á að nemendur sjái möguleikana sem endurvinnanlegur efniviður hefur í skapandi verkefnum.
- Einn nemandi á sérnámsbraut kláraði áfangann MYNL1LM05 á vorönn 2025.
- Einn nemandi á sérnámsbraut er að vinna verkefni í almenna áfanganum MYNL1LM05.
- Einn nemandi á sérnámsbraut er að vinna verkefni í almenna áfanganum MYNL2TK05

#### **NÝSKÖPUN OG MIÐLUN:**

**NÝMI2FL05** (Fablab): Áfram unnið eftir námsefni eftir ARA en gaman er að segja frá því að námsefnið er farið að nota nokkuð víða annars staðar. Einu verkefni bætt við er varðar smellismiði en ekki reyndi á virkni þess vegna verkfalls og áhrif þeirra breytinga vegna verkfalls á haustönn og svo var áfanginn ekki kenndur á vorönn.

**NÝMI2GM05** (grafísk miðlun): Áfanginn er kenndur á fjögra anna fresti og er þess eðlis t.d. út frá stöðugri framför þeirra forrita sem kennt er á að verkefni breytast alltaf - vissulega mismikið. Í þetta sinn var áfanginn í samstarfi við Byggðasafn Árnesinga og stóð þannig að páskasýningu safnsins þetta vorið í Húsinu á Eyrarbakka. Sýningin hlaut heitið ENDUR(Á)LIT unga fólksins og til umfjöllunar og sýnis voru áróðurs veggspjöld sem tóku á ýmsum málefnum samtímas spegluðum í málefnum sögunnar. Mjög þroskandi og lærdómsríkt ferli fyrir nemendur.

## **NÝSKÖPUN OG MIÐLUN, SÉRNÁMSBRAUT:**

### **NÝMI1XF02 (Fablab):**

- Nemendur lærðu allir á teikniforritið Inkscape og bjuggu til verkefni í vinylskera og laserskera. Allir byrjuðu á sama hraða og kennslan þróaðist svo meira út í einstaklingskennslu eftir þörfum hvers og eins. Dæmi um verkefni eru límmiðar, merkingar á textíl og lyklakippa framleidd í laserskera.
- Í framhaldinu unnu nemendur eftir áhugasviði hvers og eins. Margir unnu áfram í þessum tækjum og einhverjir fóru að vinna með eigin teikningar. Nokkrir fóru enn lengra og lærðu á Tinkercad þrívíddarteikniforrit og prentuðu út verkefnin sín.
- Áfanginn gekk mjög vel og gott geta byrjað með alla á sama stað í upphafi en geta nemenda var mjög misjöfn og þróun hvers og eins tók mið af því.

### **HÖNNUN OG TEXTÍLL:**

#### **HÖTE2HU05:** Vettvangsferð í Venus hringrásaverslun

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

### **LISTIR OG MENNING:**

- Lögð var áhersla á gagnsæi í öllu námsmati, nemendur fá í upphafi annar lista yfir verkefni annarinnar og vægi hvers og eins, ásamt einkunnareglu á Innu, með fyrirvara um breytingar.
- Hvert verkefni hefur skilgreinda einkunnabætti á Innu, sem sýnir vægi allra liða verkefnis og hvers er ætlast til af nemendum og þeir fá skýra endurgjöf sem nýtist í næstu verkefnum.

### **MYNDLIST, NÝSKÖPUN OG MIÐLUN:**

- Í öllum áföngum er notast við leiðsagnarmat og símat. Kennari gefur endurgjöf og ráðleggingar á meðan verk er unnið. Kennarar gefa endurgjöf, bæði einkunn og umsögn, að verkefnum loknum inn í INNU þar sem nemendur geta ef þeir vilja og þurfa, betrumbætt sitt verkefni og skilað aftur.
- Nemendur vita frá upphafi fjölda, vægi og tímaramma verkefna. Ekki er bara endanlegt verk sem liggur til mats, heldur einnig vegferðin. Á bak við hvert verkefni liggur ákveðinn fjöldi skilgreindra verkþátta sem hver hefur sitt vægi og nemendur geta séð strax frá upphafi verkefnis.
- Vegna áhrifa verkfalls á haustönn þurfti að aðlaga kennsluna og kennsluáætlanir í öllum áföngum.
- Á sérnámsbraut fá nemendur eina loka-einkunn sem tekur mest mið af ástundun, mætingu og vinnu í tímum. Nemendur þar vinna mjög ólík verkefni enda forsendur til náms ólíkar.

## HÖNNUN OG TEXTÍLL:

- Símat með verkefnaskilum í öllum áföngunum
- Leiðsagnarmat þar sem nemendur fá endurgjöf jafnóðum og þeir vinna verkefni sín
- Á sérnámsbraut fá nemendur eina lokaekunn sem tekur mest mið af ástundun, mætingu og vinnu í tímum. Nemendur þar vinna mjög ólík verkefni enda forsendur til náms ólíkar.

## Námskeið/endumenntun sem kennarar hafa sótt / eða haldið

### AKV:

- Námskeið í Barselóna: Science, technology, engineering, art & maths: Gaudí as metaphor of STEAM
- Námsferð til Króatíu
- Kynning á starfsemi LHÍ
- Sótti myndlistarsýningar á eigin vegum.

### ÁR:

- Námsferð til Króatíu
- Velferðarlag: Þú ert sterkari en þú heldur. Námskeið fyrir kennara á Heilsustofnun NLFÍ um jákvæða sálfræði.
- Námskeið í Barselóna: Science, technology, engineering, art & maths: Gaudí as metaphor of STEAM
- Málþing um listmeðferð hjá Listasafni Árnesinga.

### GB:

- Námsferð til Króatíu
- Fablabnámskeið
- Útsaumsnámskeið frjál saumur
- Námskeið á Þingborg í ullarvikunni
- Útsaumur í prjón
- Námskeið í Barselóna: Science, technology, engineering, art & maths: Gaudí as metaphor of STEAM

### GG:

- Leikritun 1. Leiklistarskóli Bandalags íslenskra áhugaleikfélaga. Kennari: Karl Ágúst Úlfsson.



- Námskeið í Barselóna: Science, technology, engineering, art & maths: Gaudí as metaphor of STEAM

**PI: sótt námskeið**

- Fræsanámskeið
- Fablab bootcamp, þrjú dagar.

**PI: haldin námskeið**

- Jesmonite námskeið
- Laser námskeið
- Inkscape/vinyl námskeið

**Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu**

**LISTIR OG MENNING:**

- Engar kennslubækur í áfanganum og kennslugöng eru breytileg milli ára.

**MYNDLIST:**

- Nýtt og/eða bætt kennslufni í öllum áföngum. Sifeld þróun.
- FSu myndlist á Facebook: mikilvægt lifandi kennslugagn þar sem ný gögn hlaðast inn frá önn til annar. Sameiginleg gögn á Drive: kennslugögn, myndasöfn og fl. sem hægt er að sækja í. Sífellt er bætt þar við efni.

**NÝSKÖPUN OG MIÐLUN:**

- Viðbót í kennslumyndböndum fyrir NÝMI2FL05.
- Viðbót í kennslumyndböndum fyrir NÝMI2GM05.

**HÖNNUN OG TEXTÍLL:**

- Sníðablöð

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

**Myndlist:** Breyta nálgun í MYNL1LM05 (grunnáfanginn Litir og myndbygging) og MYNL3MA05 (framhaldsáfanginn Maður og efni eða módel) en þar á að fækka og dýpka verkefni auk þess að vinna greinargerðir.

## Danska og þriðja mál

Fagstjóri: Sigríður Guðmundsdóttir

### Kennarar og áfangar

	Haustönn 2024	Vorönn 2025
Ida Løn		DANS2ME05 DANS3BF05
Pelle Damby Carøe	DANS2FJ05 DANS2FJ05 (Fjarnám) DANS2ME05	DANS2ME05 DANS2ME05 (Fjarnám)
Sólveig Sigmarsdóttir	DANS1DL05	DANS1DL05
Sigríður Sigurðardóttir	DANS1DL05 DANS2FJ05 DANS2ME05	DANS1DL05 DANS2FJ05
Gunnþórunn Klara Sveinsdóttir	SPÆN1BB05 SPÆN1CC05	SPÆN1BB05 SPÆN1CC05
Sigríður Guðmundsdóttir	SPÆN1AA05 SPÆN1XB02	SPÆN1AA05 SPÆN1BB05
Brynja Ingadóttir	ÞÝSK1AA05 ÞÝSK1BB05 ÞÝSK1CC05	ÞÝSK1AA05 ÞÝSK1XA04 ÞÝSK1BB05 ÞÝSK1BB05 LH ÞÝSK1CC05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Kennarar í DANS1DL05 voru með parapróf í munnlegu námsmati, þ.e. val um að vinna í pörum, sem kom vel út og var ánægjulegt að fylgjast með undirbúningi nemenda. Þessi aðferð stuðlaði að samvinnu nemenda og góðum undirbúningi fyrir próf. Í DANS2FJ05/DANS2ME05 voru munnleg próf í upptöku þar sem lögð var áhersla á framburð nemandans. Einnig voru gerðar tilraunir í ritun þar sem unnið var með diktat og endurritun (stafsetningu, greinamerkingu, hvað einkennir góðan texta o.fl.).

Í spænskukennslunni voru í sjálfu sér ekki neinir nýir kennsluhættir, en aðeins aukið við notkun leikjaforrita eins og Baamboozle og Kahoot, sem koma að miklu gagni. Í framhaldsáföngunum SPÆN1BB05/ SPÆN1CC05 hefur einnig verið meiri og markvissari notkun conjugueamos.com, sem er sagnbeyginga og orðaforðaforrit.

Spænska var kennd á starfsbraut á haustönn 2024 og voru nemendur almennt ánægðir og stóðu sig vel. Unnið var með efni sambærilegt því sem er unnið í SPÆN1AA05, en mikið einfaldað og unnu nemendur verkefni á pappír, á tölvu, unnu Kahoot og horfðu á teiknimyndir á spænsku, Encanto og Coco. Það eru alltaf einhverjir nemendur sem óska eftir framhaldsáfanga í spænsku, en við höfum nú undanfarnar annir boðið upp á þýsku og spænsku til skiptis og virðist það gefa ágæta raun.

Undanfarin ár hefur verið boðið upp á fjarnám í spænsku fyrir nemendur á Litla Hrauni og Sogni, en það var ekki mögulegt í ár vegna vandræða með netaðgang á Litla Hrauni og er það mjög miður.

Námsefni í þýsku sem tekið var í notkun í janúar 2023 hefur gefið góða raun. Það hefur nú verið keyrt fimm annir í ÞÝSK1AA05, fjórar annir í ÞÝSK1BB05 og þrjár annir í ÞÝSK1CC05.

Nú á vorönn 2025 voru strax gerðar breytingar á efnistöfum frá síðustu önn í efsta áfanganum og verður haldið áfram með þá vinnu á næstu önn.

Þýska var kennd á starfsbraut á vorönn 2025. Þar var vinsælt að horfa á stutt kennslumyndbönd. Unnið var með orðaforða og talþjálfun í tengslum við efni þáttanna og gaf það góða raun. Nemendur mættu vel, voru áhugasamir og lærðu heilmikið.

### **Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum**

Námsmat í öllum áföngum deildarinnar er símat. Nemendur eru metnir í færniþáttum tungumálsins þ.e. lesskilningi, ritun, hlustun og töluðu máli.

Nemendur í dönsku þurfa að taka próf úr öllum færniþáttum tungumálsins (ritun, lestur, hlustun og munnlegt), til þess að ná áfanganum. Nemendur geta ekki tekið próf nema hafa unnið undirbúningsverkefni og skilað. Ekki er hægt að endurtaka próf.

Í spænsku var fyrirkomulag hið sama og á fyrri önnum. 80% skilaskylda verkefna var felld niður, en það virðist ekki hafa mikinn mun á heildarárangur nemenda. Enn þá er miðað við lágmarkseinkunn 4,5 á meðaltali kaflaprófa, en nemendur hafa alltaf möguleika á að bæta sig og ef verulegur munur er á milli fyrri og seinni prófa tókum við tillit til þess, nemandi í vil.

Fimm vikna verkfall kennara á haustönn 2024 hafði neikvæð áhrif á nám og kennslu í þýsku eins og í öðrum greinum. Nemendur fengu minni þjálfun en ella hefði verið, hraðar var farið yfir efnið, efnistökur voru rýrari og námsárangur slakari. Einkum bitnaði þetta á þeim nemendum sem standa höllum fæti fyrir og reiða sig á aðstoð kennara í tímum. Margir almennir frídagar á seinni hluta

vorannar 2025 höfðu einnig neikvæð áhrif á nám og kennslu í þýsku. Stokkatafla með tvöföldum tímum vegur þar þungt.

Þrír nemendur í ÞÝSK1CC05 spurðu hvort áfanginn ÞÝSK2DD05 yrði kenndur á næstu önn. Það er miður að geta ekki orðið við óskum þessara nemenda.

### **Námskeið sem kennarar hafa sótt**

**SOS** sótti námskeið hjá MMS (Miðstöð menntunar og skólaþjónustu) sem ber nafnið Talking partners og er fyrir erlend tungumál. Námskeiðið var í janúar 2025 og tók 2 daga.

**GSK, BI** og **IL** tóku þátt í skólaferð FSu sem í þetta sinn var til Króatíu, 29. maí – 5. júní 2024. (20 klst.)

**SGU** fór með Félagi spænskukennara (AIPE) til Kólumbíu 4. - 8. júní 2024 á námskeið á vegum el Instituto Caro y Cuervo, sem er virt menntastofnun þar í landi. Þar kynntu ellefu kennarar sér menningu, sögu og sérkenni Kólumbíu og spænsku þar og mynduðu sambönd við þarlenda fræðinga, sem nú í sumar munu heimsækja okkur og halda námskeið á vegum AIPE í ágúst 2025. (20 klst)

**SGU** fór 21. febrúar 2025 á fyrirlestur í Veröld á vegum STÍL - Samtökum tungumálakennara á Íslandi. Hvernig lærist málfræði í íslensku sem öðru máli? (2 klst.)

**GKS** og **SGU** tóku þátt í námskeiði - Jornada Dicática – námskeið í málfræðikennslu og kennslutækni á vegum Háskólans í Salamanca, sendiráðs Spánar á Íslandi og á Norðurlöndum, sem haldið var í samvinnu við Háskóla Íslands og Félag spænskukennara í Veröld, 26. apríl 2025. (4 klst.)

**BI** sótti engin formleg námskeið þetta skólaár, en upplifir það sem góða símenntun, að prufukeyra nýtt námsefni og þróa það í notkun, t.d. með aukinni þjálfun nemenda í ritun og tali.

### **Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu**

Ekki eru neinar nýjar bækur í dönsku, en breytingar á smásögum (efni frá kennara) og einnig efni til hlustunar en það er danskt sjónvarpsefni sem uppfært er jafnóðum.

Kennarar í spænsku eru að skoða nýjar kennslubækur og stefna að því að taka nýjar bækur í notkun á næsta ári. Eins og fyrri ár hefur ýmist námsefni frá kennara, s.s. verkefnahefti og fleira, verið ýmsum æfingum og skyndiprófum á Innu verið bætt við.

### **Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**

Mikil símanotkun nemenda er viðvarandi áskorun fyrir alla, nemendur og kennara. Það er því nauðsynlegt að leitast við að efla samvinnu nemenda fá þá til að koma út úr símaálögunum sem á þeim hvíla og hefur deildin áhuga á að styrkja innbyrðis samráð og bjargráð í því markmiði. Við þurfum öll að leggjast á eitt og deila þeim aðferðum sem við höfum og finnum með hvort öðru.

Það er því mikilvægt að leggja áherslu á að nota kennsluáferðir sem stuðla að meðvituðum námsárangri (samvinna, viðtöl, munnlegt próf, ritun eftir upplestri og sjálfsmat). Að sama skapi er mikilvægt að kennarinn sé meðvitaður um nemendur, láta sig þá varða og að nemendur finni það. Nám er samvinna á milli kennara og nemenda og nauðsynlegt að báðir aðilar taki þar ábyrgð og sýni

tillit og samstarfsvilja. Við kennarar reynum að leggja grunninn að því andrúmslofti og vinnuumhverfi, eins og okkur er framast mögulegt.

Okkur langar að halda áfram að tileinka okkur tölvutækni og margmiðlun í ríkara mæli við kennslu. Um leið og við fögnum því að snertiskjár hafi verið keyptur inn, söknum við þess að sjá hann ekki í kennslustofum okkar eða hæðinni og vonum að úr rætist. Einnig væri æskilegt að snertiskjám í eigu skólans fjölgi.

Í spænsku verður skipting námsefnis með svipuðum hætti og hingað til, en GKS tekur sérnámsbrautaráfanga haustannar. Þar gefst tækifæri til að vinna með grunnþætti tungumálsins og með því hafa kennarar deildarinnar unnið saman að nær öllu efni sem í deildinni er kennt.

### **Annað**

Eins og fram kemur hér á undan hafði verkfall félagsmanna KÍ í starfsliði skólans mjög mikil áhrif á báðar annir. Merkilega vel tókst að ljúka haustönninni á þremur vikum og lögðust allir á eitt þar, nemendur og kennarar. Það kom þó í ljós á vorönn að áhrif verkfallsins og hraðkennslu voru ansi mikil og gætti mikillar þreytu og í sumum tilvikum skorts á undirbúningi og styrkum grunni nemenda. Þetta var viðbúið, en gerði vinnu á vorönn þyngri en ella.

SG mætti fyrir hönd spænskukennara föstudaginn 7. mars á *Spænskuhátið*, sem haldin var í þriðja sinn í Veröld – húsi Vigdísar í samstarfi við sendiráð Spánar á Íslandi, Félag spænskukennara á Íslandi, Háskóla Íslands – og tvo spænska háskóla, Universidad Alcalá de Henares og Universidad de Santiago de Compostela.

Svið: Verknám, stærðfræði, raungreinar, hestamennska og íþróttir

### Hárdeild

Fagstjóri: Elínborg Arna Árnadóttir

#### **Kennarar og áfangar**

Nafn kennara	Haustönn 2024	Vorönn 2025
	Áfangaheiti	Áfangaheiti
Elínborg Arna Árnadóttir	HÁRG1GB02A	HÁRG2GB02B
	HLIT1GB01A	HLIT2GB01B
	HKLI1GB03A	HKLI2GB03B
	IÐNF1GB04A	IÐNF2GB04B
	ITEI1GB05A	ITEI2GB05B
	HPEM1GB02A	HPEM2GB02B
	HÁRG1VA03	HÁRG1VA03

**Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum**

Símat er í öllum áföngum.  
Í valáföngum ræðst einkunn af mætingu og virkni.

### Námskeið sem kennarar hafa sótt.

Nokkur lita og klippinámskeið sem haldin voru í Reykjavík.

### Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Nýlegt Pivot point kennslukerfi sem ber heitið LAB sem kennari er enn að læra á. Kennslubækur eru þær sömu og hafa verið, Hársnyrting undirstöðuatriði, lesbók og vinnubók. Íslensk þýðing á Pivot point kennslubókum. Þessar bækur eru notaðar allar fjórar annirnar, þó fáum við viðbætur árlega með því nýjasta í hártísku og tækni.

### Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Fagið er þess eðlis að kennarar þurfa að vera mjög virkir í að tileinka sér nýjustu strauma og tækni. Starfsáætlunun gengur út á að vera með á nótunum.

## Hestamennska

Fagstjóri: Sissel Tveten

### Kennarar og áfangar

	Haustönn 2024	Vorönn 2025
Nafn kennara	Áfangaheiti	Áfangaheiti
Sissel Tveten	HEST1GR05 REIM1GR05 REIM3PG05 HEST2GP05 REIM2GP05 VINU2FH02 VINU3SH02	HEST2KF04 REIM2KF05 REIM3PK05
Áslaug Fjóra Guðmundsdóttir	VINU2FH02 HEST2GP05 REIM2GP05 VINU3SH02 VINU2FH02 LEIH2HE04	HEST1GF05 REIM1GF05 VINH2FH10 VINH3SH10
Johannes Amplatz	FÓHE2HU03 FÓE2FU05	FÓHE1GR03 LOKH3HB03 FÓHE3AU03

Freyja Hilmarsdóttir	VINU3SH02 VINU2FH02	REIM1GF05 REIM2KF05
Gestakennarar á árinu		Caroline Aldén, járningamaður. Guðmunda Ellen Siurðardóttir reiðkennari. Sveinn Ólason, dýralæknir.
Afleysingakennarar á árinu		Svanhildur Guðbrandsdóttir, reiðkennari. Katrín Eva Grétarsdóttir, reiðkennari.

### Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Allir áfangar eru í sífelldri þróun, verkefni og vettvangsferðir eru fjölbreytt og breytileg á milli anna. Á haustönn var farið með nemendur á þriðja ári í vettvangsferð til Wången í Svíþjóð.

Verkefnið var styrkt af Erasmus og tóku nemendur þátt í daglegum þrifum og viðhaldi á reiðgólfi hjá hestamannfélaginu Sleipni í vetur. Þau hlutu námsstyrk frá félaginu og lærðu mikilvæg atriði um umgengni og viðhald reiðvallasvæða.

### Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum

Við vorum með símat í öllum áföngum. Allir kennarar eru sammála um að símat sé besta leiðin að sanngjörnu námsmati, sérstaklega í verklegum áföngum, en einnig í þeim bóklegu. Við vorum að fara yfir reglur um skil á verkefnum og erum búin að koma okkur saman um að hafa sömu verkreglur um það í öllum hestatengdum áföngum.

### Námskeið sem kennarar hafa sótt

Allir kennarar hafa sótt reiðkennslu reglulega,

Einn kennari stundar mastersnám í hestafræðum,

Ýmisleg endurmenntun á vegum félags tammningamanna, Landssambands hestamannafélaga LH og Alþjóðasamtök íslenska hestsins FEIF.

Kennarar fóru í námsferð til Wången á haustönn og var það mjög lærdómsríkt og mynduðust mikilvægar umræður um kennsluhætti og möguleika á áframhaldandi samstarfi.

### Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Við erum komin með góðar bækur á ensku á bókasafninu sem við erum ávallt að reyna að nýta sem best í kennslu. Þetta er krefjandi vegna tungumála en nauðsynlegt uppá að læra fag hugtökin á ensku. Okkur langar að koma þetta á markvissum hætti inn í námið.

Við kennararnir förum í að útvega tilboð í nýja hnakka í Votmúla. Skólinn keypti og fékk afnot af 3 mismunandi hnökkum frá Hrímnir, sem hafa nýst okkur gríðarlega vel í vetur.

Við fengum einnig að fjárfesta í hljóðbúnaður fyrir hópakennslu í Votmúla og í Sleipnis höllinni. Þetta hefur breytt mjög miklu fyrir kennara sem spara röddina og nemendur sem heyra betur og fá skýrari skilaboð í reiðkennslu.

### Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Við stefnum á að halda okkar góða starf áfram í svipaða mynd og á síðasta skólaár.

Við höldum þróunin áfram í samstarfi við hestamannafélagið Sleipnir og grunnskólana í leiðbeinanda áfanganum.

Þáttaka á reiðhalla sýningarnar verður vonandi hluti af starf okkar í framtíðinni. Þetta er gríðarlega mikil reynsla fyrir nemendur og mikilvæg leið til að kynna hestabraut.

Nemendur sem byrja á 3. ári eiga eitthvað eftir af fjáröflunin og heyrst okkur helst á þeim að þau vilja nota það í að gera eitthvað skemmtilegt saman sem tengist náminu.

Í sumar verður reynt að láta skólahestana fara í rekstra/hestaferðir til þess að þau verða ekki of feitir.

Við verðum að skoða hvort við getum fundið lánshesta sem við kennararnir munu skoða og prufa í sumar og haust hvort þau geta nýst okkur í kennslu.

Í samtali við skólastjóra var tekið ákvörðun um að við mundum hafa augun opin fyrir hentugan hest í lægri verðflokki til kaupa fyrir skólanum. Við erum með fleiri hross sem eru komin á þann aldur að þau gætu dottið út hvenær sem er.

## Húsasmíði

Fagstjóri: Lárus Gestsson

### Kennarar og áfangar

	Haustönn 2024	Vorönn 2025
Nafn kennara	Áfangaheiti	Áfangaheiti
Lárus Gestsson Fagstjóri	GLUH2GH08 TRÉS1HV08 BRAG1SB101	INRE2HH08 TRST3HH05 HÚSV3HU05 BRAG1SB01
Óskar G. Jónsson	TRÉS1VÁ05 FRVV1FB05 TRÉS1VA05 LEÐU1S02	ÁÆST3SA05 TRÉS1SX02 INNK2HH05 TRÉS1VT08 FÓHE3AU03
Hjalti Guðmundsson	TRÉS1HV08 HÚSA3HU09 TRÉ1SX05	INNIKH2HH05 LOKAHU08 HÚSA3PÚ09
Svanur Ingvarsson	GRTE1FA05 GRTE1FB05	GRTE1FA05 GRTE1FB05
Ingvar Bjarnason	TEIK2HS05 TEIK2HH05 TEIK2HU05	TEIK2HS05 TEIK2HH05 TEIK2HU05 BYGG2ST05



Jón S. Gunnarsson	EFRÆ1EF05 TRÉS1VÁ05 LHRTRÉ	TRÉS1VA05 TRÉS1VT08 LHRTRÉ
Óskar Helgi Guðnason		LOKA3HU08 TRST3HH05

### Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu.

Fagstjóri hefur lagt áherslu á það undanfarin ár að við temjum okkur að uppfæra okkur á hverju ári í notkun á INNU sem skipulagstæki. Það er mjög mikilvægt gagnvart nemendum að við sýnum gott fordæmi með því að skipuleggja nám þeirra í INNU vel og vera búinn að því fyrir fyrsta kennsludag hvernar annar, stilla upp verkefnum og prófum samkvæmt námsmati og tímasetja hvenær þau opna og loka.

Í símatsáföngum eins og allir okkar áfangar eru kallaðir, telur fagstjóri mikilvægt að nemendur geti fylgst með framvindu síns náms á INNU. Þessi atriði flokkast kannski ekki undir nýjungar í kennsluháttum en eru það samt í raun því við kennarar í trédeild getum gert betur eins og staðan er í dag.

Við í trédeild erum að vinna í mjög fjölbreyttum verkefnum með okkar nemendum. Eitt er það sem við megum ekki gleyma og fagstjóri vill leggja mikla áherslu á er að bera virðingu fyrir fagmennsku, "Fagmennska umfram hraða" höfum við stundum talað um á fundum, munum að við erum þeirra fyrirmyndir í þessum efnunum.

Vissuleg getur hraði flokkast undir fagmennsku en góð vinnubrögð koma á undan og okkar nemendur eru að glíma við að geta gert hlutina vel.

Í áfangalýsingum kemur reglulega fram ábyrgð okkar kennara að hafa fagmennsku í fyrsta sæti.

Á þessu skólaári byrjuðum við að vinna í breytingum á skýlinu okkar í portinu. Breytingarnar felast í að byggja hljóðdeyfandi vegg fyrir framan spónakerfið til að laga hljóðvist á útisvæði og klæða og vatnsþétta vegg skýlisins sem fyrir er.

Á næsta skólaári er hugmyndin að lengja skýlið að hliðinu. Það er í raun bygging því það vantar þak og vegg, þessi hluti verður samstarfsverkefni við vélvirkjadeild.

Þetta verkefni vinnum við í samvinnu við Ríkiseignir sem sjá um að fá þessa framkvæmd samþykkt og borga alla efnisreikninga. Forsaga málsins er í stuttu máli sú að Ríkiseignir neituðu okkur í FSU um að framkvæma þetta verk í fyrstu en sættust loks á á borga efnið og við buðum fram vinnuliðinn sem hluta af kennslu.

Nemendur okkar á þriðju og fjórðu önn í áföngunum HÚSA3HU09 og HÚSA3PÚ09 sjá um vinnuna og blanda þessari vinnu saman við húsinn sem við byggjum á hverju ári í samvinnu við Byko.

Við höfum verið að prófa í auknu mæli að láta nemendur taka próf í kennslutíma hvert fyrir sig úr því efni sem ætlast er til að þau kannist við. Á þetta bæði við um bóklega og verklega áfanga. Þessi aðferð við að kanna þekkingu er mun skilvirkari og gefur betri mynd af stöðu nemenda en hefðbundin verkefnavinna heima þar sem nemendur virðast ekki virða tímamörk og svindla oft á tíðum sín á milli. Þessi aðferð hefur mælst vel fyrir bæði hjá kennurum og nemendum. (Í ársskýrslu 2023-2024 kemur fram upphaf tilraunar með próf á staðnum í stað heimaverkefna)

### **Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum**

Símat og leiðsagnarmat eru eingöngu notuð í trédeild, engin lokapróf í trédeild. Við reynum eins og hægt er að hafa námsmat eins hlutlægt og hægt er en verðum stundum að beita huglægu mati og þá gjarnan með samtali við nemendur. Þessar námsmatsleiðir teljum við að henti okkar kennslu vel og skili góðri niðurstöðu.

Ekki eru fyrirhugaðar breytingar en alltaf má samt endurskoða og læra af reynslunni, þannig höldum við fagmennsku og metnaði lifandi í starfi sem kennarar.

### **Námskeið sem kennarar hafa sótt:**

#### **Lárus Gestsson:**

1. Námskeið í jákvæðri sálfræði (Háskóli Íslands h-2024)
2. Áfangi í FSu TEIK2HS05 (h-2024) Iðnteikning í tölvu
3. Áfangi í FSu TEIK2HH05 (v-2025) Iðnteikning í tölvu
4. Pallanámskeið (IÐAN h-2024)

#### **Ingvar Bjarnason:**

1. Sótti fyrirlestur um notkun gervigreindar í byggingariðnaði á vegum Iðunar í febrúar 2025.

### **Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu**

Í haust fengum við afhenta endanlega útgáfu af námsefni sem heitir "Byggingararfurinn" Þetta námsefni er notað í áfanganum HÚSV3HU05. Byggðasafn Árnesinga tók þetta efni saman og veitti okkur ótakmarkaðan aðgang af skólanum að kostnaðarlausu.

Iðan Fræðslusetu hélt fyrir okkur tvö námskeið á þessu skólaári. Námskeiðin bera engan kostnað fyrir skólann og eru haldin á stundatöflutíma nemenda eftir okkar óskum til að aðrir tímar nemenda lendi ekki í árekstri.

Annað námskeiðið var um vinnupalla og hitt um brunapéttingar. Þessum námskeiðum fylgir alltaf töluvert námsefni sem við nýtum í okkar kennslu áfram.

Húsnæðis og mannvirkjastofnun hefur sett fram athyglisvert efni sem við erum að reyna að nýta okkur eins og kostur er.

## Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Vinna í að nýta aðstöðuna í trédeild mun betur. Annað hvort að bæta við einum hóp í dagskóla að hausti sem ætlaður er eldri nemendum, eða vera með kvöldskóla sem alltaf er í boði. Það er í raun til nógur tími í trédeild og aðstaðan er frábær en það þarf fleiri kennara og alvöru vilja stjórnvalda til að efla verknám. Hljóð og mynd fara ekki saman þegar talað er um að fjölga nemendum í iðnnámi, á sama tíma á að skera niður.

### Annað

Starf trédeildar hefur verið blómlegt þetta skólaár, við erum að sinna mörgum nemendum með ólíkar þarfir og krefst það á stundum mikils af kennurum til að farsæl niðurstaða fáist. Stundum þarf að lesa í erfiðar aðstæður nemenda og með hjálp námsráðgjafa, gefa þeim nemendum sanngjarnt tækifæri. Engin nemandi er eins og getur sanngirni til handa honum snúist um hvort hann er samviskusamur eða kærulaus.

Haldnir voru 12 deildarfundir á þessu starfsári. Fundirnir eru nauðsynlegur þáttur í starfi deildar sem þessarar og því fleiri því betra, það kemur alltaf eitthvað gott út úr hverjum fundi. Í dag erum við 7 kennarar sem komum að kennslu á húsasmíðabraut ásamt því að sinna valáföngum fyrir sérnámsbraut og aðrar brautir FSu. Ekki má gleyma kennslu í fangelsum en hún er fastur liður í okkar kennslu. Valáfangarnir og kennsla í fangelsum eru mikilvægur þáttur í okkar kennslu og við erum stoltir af að geta tekið þátt á þessum sviðum.

Iðan kom með tvö námskeið fyrir nemendur til okkar í skólann á skólaárinu skólanum og þátttakendum að kostnaðarlausu. Tengsl okkar við lðuna voru orðin lítil og vann fagstjóri í því fyrir nokkrum árum að hressa upp á sambandið, í dag er gott samband sem kemur meðal annars fram í þessum námskeiðum á hverju skólaári sem við fáum á þeim tíma sem hentar stundatöflu viðkomandi áfanga. Það er mjög mikilvægt til að árrekstur við aðra áfanga hjá nemendum sé í lágmarki.

Við fengum 3 nýjar vélar á skólaárinu, afréttara, þykktarhefil og lítinn gólfræsara. Gömlu vélarnar voru allar komnar á tíma og búnar að þjóna skólanum vel. Einnig fengum við Bosch rafhlöðuverkfæri frá Byko, sumt gefið af Byko og annað keyptum við sjálf.

Í samningi um húsin við Byko stendur að sú þóknun sem við vinnum okkur inn og kemur inn á reikning FSu með byggingu húsanna á að renna til trédeildar til minni tækjakaupa og endurnýjunar á verkfærabúnaði.

## Íþróttir

Fagstjórn: Ásdís Björg Ingvarsdóttir

### Kennarar og áfingar

	Haustönn 2024	Vorönn 2025
Ásdís Björg Ingvarsdóttir	ÍPRÓ1PH03 ÍPRÓ2BA02 ÍPRÓ2JF02 ÍPRÓ1GX02 HBFR1HH05	ÍPRÓ2PL03 ÍPRÓ2BL02 ÍPRÓ2PR02 ÍPRÓ2JF02 ÍPRÓ1PX02

	BRAG1SA01	NÆRI2ÍP05 BRAG1SB01
Bertha Ingibjörg Johansen	ÍPRÓ2JÓ02	ÍPRÓ2JÓ02 ÍPRÓ2JH02
Guðbjörg Grímsdóttir	ÍPRÓ2JÓ02 ÍPRÓ2JH02	
Guðmundur Garðar Sigfússon	FÉLA1SA05 ÍPRÓ1PH03 ÍPRÓ1PX02 LHRÍPR	ÍPRÓ1XE01 ÍPRÓ1BX02 ÍPRÓ2PL03 LHRÍPR UMHV1SU05
Gunnar Rafn Borgþórsson	ÍPRÓ1PH03 ÍPRÓ2KN02	ÍPRÓ1PH03 ÍPRÓ2PL03
Magnús Tryggvason	ÍPRÓ1PH03 ÍPRÓ1GX02	
Sabína Steinunn Halldórsdóttir	BRAG1SA01 ÍPRÓ1PH03 ÍPRÓ2PL03 ÍPRÓ1PX02 ÍPRÓ2BA02 UPPE3DU05	BRAG1SB01 ÍPRÓ2PL03 ÍPRÓ1GX02 ÍPRÓ1PX02 ÍPRÓ2KK02 UPPE2UM05
Sverrir Geir Ingibjartsson	ÍPJÁ3AÐ03 ÍPRF2PJ05 ÍPRG3BL03	ÍPJÁ3AÐ03 ÍPRF2SS05 ÍPRF3LL05 ÍPRG3KÖ03 ÍPRÓ1PH03 ÍPRÓ2BL02

### Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Á haustönn fengum við styrk frá fagefningarsjóði til að endurskipuleggja verkefni og námsmat í áfanganum ÍPRÓ1PH03. Kveikjan að verkefninu var að við vorum ekki ánægð með þróun úrlausna verkefna hjá nemendum okkar, þar sem síendurtekið horfðum við upp á klippt og límd svör og enginn skilningur á bak við. Við bjuggum til ný verkefni þar sem nemendur þurftu að sýna fram á skilning með gerð myndbanda, hlaðvarpa, veggspjalda o.s.frv. Markmiðið var að nemendur þyrftu alltaf að lesa sér til um efnið og gætu ekki skilað inn verkefni án þess að lesa yfir svarið sitt.

### Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum

ÍPRF2PJ05 og ÍPRF2SS05 eru símatsáfangar þar sem lotupróf og verkefni eru stærstu þættir í námsmati.

Í ÍPRF3LL05 sem kenndur er á vörönn er þó lokapróf með sleppikerfi. Þar er hægt að sleppa við lokapróf með því að ná 6,5 í annareinkunn. Að mati kennara virkar það hvetjandi enda vilja flestir sleppa við lokapróf. Í þetta sinn þurftu þó 67% (14 af 21) nemenda að fara í lokapróf enda námsefnið nokkuð krefjandi.

ÍPRÓ1PH03 og ÍPRÓ2PL03 eru símatsáfangar þar sem tvö hlutapróf og verkefni meta bóklega hluta áfanganna og virkni og mæting meta verklega hluta áfanganna. Bóklegi hlutinn gildir 50% og verklegi hlutinn 50% af lokaeinkunn.

Valáfangarnir ÍPRÓ2KN02, ÍPRÓ2BL02, ÍPRÓ2BA02, ÍPRÓ2PR02, ÍPRÓ2JF02, ÍPRÓ2JÓ02 og ÍPRÓ2JH02 eru að mestu verklegir símatsáfangar, þar sem námsmatið byggist að mestu upp á virkni og mætingu nemenda. Í þessum áföngum geta bókleg verkefni verið frá 10-30% af lokaeinkunn.

Á haustönn var námsmatið í ÍPRÓ2JÓ02 og ÍPRÓ2JH02 með breyttu sniði vegna verkfalls. Í staðinn fyrir að gefa einkunn í bókstöfum var gefið S eða F.

Sérnámsáfangar í íþróttum eru allt símatsáfangar sem byggjast á virkni og mætingu nemenda. HBFR1HH05 og NÆRI2ÍP05 eru símatsáfangar og lokaekinn er byggð á verkefnavinnu, tímaprófum og vinnusemi nemenda í tímum.

### Námskeið sem kennarar hafa sótt

SSH - Tökum samtalið: Verndandi þættir í lífi barna og ungmenna (SÍS og Heimili og skóli).

SSH – Future Fusion: Unleashing Creativity and Skills for Tomorrow’s Education (Menntavísindasvið HÍ).

SSH – Leading Character Education in Schools (The Jubilee Centre for Character and Virtues).

SSH - Kynferðisofbeldi og kynferðisleg hegðun barna og unglunga (FSu fyrir starfsmenn)

SSH – Konur og íþróttir: Hvað segja vísindin? (ÍSÍ, UMFÍ og Háskólinn í Reykjavík).

SSH – PISA, fjölbreytt námsmat og framtíð menntunar (Menntavísindasvið HÍ).

SSH - Þekkir þú áhrifavalda í lífi barnsins þíns? (SAFT).

SSH – The Nordic Public Health Conference (Svíþjóð).

SSH – Hvar get ég gengið í sumar? (Endurmenntun HÍ).

GGG - Kynferðisofbeldi og kynferðisleg hegðun barna og unglunga (FSu fyrir starfsmenn).

GGG - Þórir Hergeirsson – Afreksstarf

GGG - Þórir Hergeirsson - Stefna, fag og ferðalagið að árangri.

GGG - Hafrún Kristjánsdóttir - Mikilvægi sálfræðilegra þátta í árangri og vellíðan afreksmanna.

SIG – Hvar get ég gengið í sumar? (Endurmenntun HÍ)

### Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Engar nýjar kennslubækur á árinu en verkefni og annað kennsluefni uppfært í takt við breyttar áherslur í skólasamfélaginu.

### Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Halda áfram að uppfæra námsefni og reyna að vera í takt við nemendur. Við höfum hug á að endurskoða ÍPRÓ2PL03 eins og við gerðum með ÍPRÓ1PH03.

### Annað

Við þurftum að breyta áætlun í áfanganum ÍPRÓ2JF02. Áætlunin var að ganga á Eyjafjallajökul í vor, vegna veðurs þá gafst aldrei gat fyrir jöklaferð á þeim dögum sem við höfðum upp á að hlaupa. Því var gengið úr Reykjadal yfir að Úlfliótsvatni, þetta voru tæplega 21 km og samanlögð hækkun rúmlega 900 m.

Kanadískir íþróttakennaranemar voru með okkur frá 11. mars til 10. apríl. Þetta voru fimm, hressir og flottir nemar sem settu svip sinn á kennsluna hjá okkur þennan tíma sem þau voru.

Seint á vorönn kom einnig íþróttifræðinemi frá HR í æfingakennslu til okkar og var með okkur til lok annar.

Við þökkum samstarfsfólki okkar í lðu og öðrum fyrir samstarfið skólaárið 2024-2025.

### Matvæla- og ferðagreinar

Fagstjóri: Guðríður Egilsdóttir

### Kennarar og áfangar

	Haustönn 2024	Vorönn 2025
Nafn kennara	Áfangaheiti	Áfangaheiti

Guðríður Egilsdóttir	VBFMVA12	VBFM1VB12
	ÖRVR1HR02	IEMÖ1GÆ02
	ÖROF1ÖR01	VPVM1VB01
	VPVM1VA01	
Helga Sigurðardóttir	MATR1VA05	MATR1VA05
	BAKA1SK02	BAKA1SK02
	MATR1SX05	BAKA1SX02
	MATR1SX02	SMÁR1SX02 VBFM1VB12
Dagný Magnúsdóttir		IEMÖ1GÆ02
Þórir Erlingsson	VBFMVA12	VBFMVB12

### Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Air-Fryer keyptur, það voru nemendur okkar sem kenndu kennurum að nota hann.

Áfram var haldið að vinna með matarsóun og hvernig nemendur geti dregið úr henni.

Með því að sækja námskeið á vegum Erasmus gefur það okkur ný verkfæri í verkfærakistuna og eykur starfsánægjuna sem aftur skilar sér til nemenda.

### Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Símat í öllum áföngum. Það eru verkleg verkefni ásamt stuttum bóklegum verkefnum. Þá er notast við jafningjamat og sjálfsmat.

### Námskeið sem kennarar hafa sótt

Dagný og Helga fóru til Kaupmannahafnar á Erasmus námskeið hjá Shuhrs Höjskóla.

Helga fór til Prag á vegnum Erasmus á námskeið sem hét Education for Sustainability.

Guðríður, Þórir og 9 nemendur af GMF braut fóru á vegum Erasmus til Västerås í Svíþjóð þar sem 6 ára gamall Veitinga og ferðaþjónustu skóli var skoðaður og nemendur tóku þátt í verkefnum í skólanum, mjög fræðandi bæði fyrir nemendur og kennara. Aðstaðan í skólanum var til fyrirmynda, gaman ef að við hefðum þessa góðu aðstöðu fyrir okkar nemendur.

Guðríður fór á námskeið HACCP hjá Sýni í september.

Guðríður, Helga og Dagný fóru til Sikiley á námskeið á vegum Erasmus sem hét Healthy Habits starts from the Classroom.

## Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Að bjóða upp á fjölbreytt val svo nemendur kynnist sem flestum námsgreinum. Nemendur af matvælabraut heimsóttu Garðyrkjuskólann í Hveragerði þar sem þau kynntust öllum stigum ræktunnar. Þannig tengja nemendur hráefninu betur sem verið er að vinna með og fá því meiri þekkingu hvaðan afurðin kemur, matreitt hann á heilnæman hátt og fá þekkingu sem stuðlar að sjálfbærni og heilbrigðari lífsháttum í framtíðinni. Nemendur fá fræðslu í umhverfisvernd eins og matarsóun og flokkun. Nemendur af GMF braut taka vinnustaðnám hjá nokkrum vinnustöðum í matvælavinnslu eins og bakaríum, kjötvinnslu, veitingastöðum hótélum og víðar. GMF brautin kemur að góðum notum fyrir atvinnulífið hér á Suðurlandi, þar sem nemendur eru margir hverjir að vinna í matvælageiranum.

## Rafvirkjun

Fagstjóri: Jóhann Snorri Bjarnason

### Kennarar og áfangar

	Haustönn 2024	Vorönn 2025
Jóhann Snorri Bjarnason	STÝR3GC05 STÝR3RD05 VGRV1ML05 STÝR3GC05 RAFM2GC05	RAFM2GB05 RAFM3RF05 RRVVRS05 RAFL3GD05
Sigurður Ágúst Pétursson	RAFL1GA05 RAFM3RE05 FRLARA05 LÝST3RB05	RAFL3RE04 FRLA3RB05 RAST2RB05 RAFL1GB05
Stefán Birnir Sverrisson	TNTÆ1GA03 TNTÆ3GC05 FRLARB05 RAFM1SX02 RATM2GA05	TNTÆ2GB05 RATM2GB05 METR2PR05
Þór Stefánsson	RAFM1GA05 RLTK2RB05 RAFM1GR05 RAFM1GR05	STÝR1GA05 RAFM3GD05 RLTK3RB05
Guðmundur Bjarnason	RAFL1GB03	RAFL3GD05 VSME2GR05 RAFL1VA05 RAFM1SX02
Magnús Hermannsson	VGRV1ML05	VGRV3TP03

## **Kennarar:**

Nokkur breyting varð á kennurum síðastliðið skólaár. Á haustönninni komu þeir Magnús Hermannsson og Guðmundur Bjarnason inn í kennarahóp deildarinnar. Magnús kenndi einn áfanga, tvo hópa í verktækni og Guðmundur einn áfanga, tvo hópa í raflögnum. Báðir héldu þeir áfram kennslu fyrir skólann á vorönninni. Magnús kenndi áfram tvo hópa í verktækni en Guðmundur kom inn í fulla kennslu. (sjá töfluna hér að ofan).

## **Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu:**

Byrjað var að kenna eftir nýrri brautarlýsingu sl. haust. Brautin hafði verið til skoðunar nokkur skeið og greiningarvinna farið fram þar sem allir áfangar brautarinnar voru skoðaðir með tilliti til mikilvægi, kennslugagna, búnaðar og tengslum við atvinnulíf. Reynt var að taka mið af þessu þegar nýja brautarlýsingin var smíðuð. Henni er ætlað að mynda betra flæði fyrir nemendur. Framþróun í náminu verði stöðug þannig að þekkingin byggist upp í samfellu og standi á traustum grunni. Liður í því er að auka verklega kennslu. Í því skyni mun einingum í hreinum verklegum greinum fjölga nokkuð.

Kennarar deildarinnar fóru í skoðunarferð til LEYBOLD sem framleiðir sérhæfðan kennslubúnað fyrir raungreinar og þar með talið rafmagnsfræði. Deildin festi kaup á búnaði frá fyrirtækinu en búið er að safna fé frá fyrirtækjum og hagsmunaaðilum til kaupanna þannig að engi beinn kostnaður féll á skólann. Búnaðurinn er kominn til landsins og verður notaður til kennslu frá og með næstu önn. Þessum búnaði er ætlað að styrkja kennslu í bóklegum greinum með meiri mælingum og hermun. Learning by doing. Á vorönn var kenndur í fyrsta sinn áfangi í MEGATRONICS sem er hluti af nýrri námsbraut. Áfanginn er kenndur 50% í rafdeild, 25% í málmdeild og 25% í FabLab. Óhætt er að segja að þessi nýjung lofar mjög góðu og er spennandi viðbót við námið á rafvirkjabrautinni og liður í að uppfæra námið að nútíma vinnulagi og sýna nemendum fjölbreytta möguleika í lausnum verkefna.

## **Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum**

Námsmat er að mestu í formi símats og lokaprófum fækkar stöðugt. Haldin eru reglulega próf yfir önnina auk þess sem verkefni eru lögð fyrir á INNU. Þó eru enn nokkur lokapróf, sérstaklega í fyrri áföngum rafmagnsfræðinnar. Próf eru góð aðferð við að kanna raunverulega kunnáttu. Alltaf ber eitthvað á því að nemendur fái verkefni lánuð og oft eru svör og lausnir keimlík hjá þeim. Unnið er jafnt og þétt í að koma öllu námsmati og öllum verkefnum í INNU. Notast er við einkunnareglur hópa og verkefnin sem tilheyra einkunnarreglunni síðan brotin niður í einkunnarþætti. Þannig geta nemendur fylgst vel með framvindu námsins og einnig séð hvernig námsmati hvers verkefnis er háttað.

Brottfall fyrsta árs nema var ekki mikið síðasta skólaár. Tveir fullir hópar hófu nám og verða tveir hópar áfram á þriðju önn. Þá eru tveir fullir hópar að hefja nám á fimmtu önn. Reiknað er með að taka inn tvo fulla hópa í haust eða um 24 nemendur. Nemendafjöldi verður því umtalsverður á næsta skólaári og sennilega einn sá mesti í dagskóla til þessa. Aðstaða er því að verða þröng og kennslurými vel nýtt. Aðstaðan sem við höfum mun duga í vetur en frá og með næsta hausti, 2026, munum við þurfa að gera ráðstafanir til að koma allri verklegri kennslu fyrir. Stjórnendur eru upplýstir um þetta og málið er sífellt til skoðunar.



## Námskeið sem kennarar hafa sótt

Kennara deildarinnar sóttu tveggja daga ráðstefnu í ágúst hjá Rafmennt í samstarfi við félag kennara í rafiðngreinum. Þá fóru kennarar deildarinnar til Kölmar og skoðuðu fyrirtæki sem framleiða kennslubúnað fyrir rafiðnaðinn. Þór Stefánsson Bettshow London janúar 2025. Sigurður sótti námskeið í frágangi rafhleðslustöðva hjá Rafmennt. Guðmundur stundar nám í rafiðnfræði við HR.

## Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Í rafdeild er notast að miklu leiti við Rafbók sem rekin er af Rafmennt og nemendur hafa þar frían aðgang. Unnið er jafnt og þétt að uppfærslu rafbókarinnar og því er alltaf einhver endurnýjun á námsefni þar. Annað kennsluefni er frá kennurum deildarinnar.

## Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Kennsluskipting fyrir næstu önn liggur fyrir og hefur verið send stjórnendum. Aðsókn í deildina er mikil sem skapar álag á kennara deildarinnar og einhverjir kennarar með nokkuð yfir 100% kennslu á næstu önn.

## Annað

Í vetur var haldið áfram samtali við stóru veitufyrirtækjanna, Landsvirkjun, RARIK og OR, með samstarf í huga. Suðurland er mikið orkuframleiðslu og -flutningssæði. Það er því hagar þessara fyrirtækja að huga til framtíðar með vel menntað starfsfólk. Búið er að endurnýja samstarfssamning við Landsvirkjun. Samningurinn felur í sér að fyrirtækin taka nema á ferilbók og styrkja skólann til tækjakaupa um tiltekna upphæð á ári. Á móti mun skólinn auka áherslu kennslunnar á þætti er varða starfsemi þessara fyrirtækja þó innan marka námsskrár. Unnið verður áfram í þessu og vonandi nást samningar við alla aðila á haustmánuðum. Einnig er samstarf skólans við rafverktaka á svæðinu gott og stöðugt samtal í gangi. Það er mikilvægt að búa deildin tækjum sem hjálpa okkur að auðga kennsluna og gera hana fjölbreyttari og betri sem laða að góða nemendur.

Auka þarf samstarf enn frekar við grunnskólana og kynna betur fyrir nemendum námsgreinar er varða iðnað og tækni. Þetta gæti verið sameiginlegt verkefni allra deilda í Hamri og raungreinadeilda skólans unnið í samstarfi við atvinnulífið.

Aðsókn í deildina er góð og ljóst að hafna verður mörgum umsóknum. Þegar þetta er skrifað er líklegt að fjöldi umsókna myndi fylla fimm hópa. Við höfum aðeins tök á að taka inn tvo. Eins og áður segir var brottfall mjög lítið hjá þeim nemendum sem hófu nám síðasta haust og því verða kenndir tveir fullir (12-14) hópar á 1.- 3. og 5. önn.

Það verður því líf og fjör í deildinni og í mörg horn að líta á næstu önnum.

## Raungreinar

Fagstjóri: Ester Ýr Jónsdóttir

### Kennarar og áfangar

	Haustönn 2024	Vorönn 2025
Nafn kennara	Áfangaheiti	Áfangaheiti
Brynja Valgeirsdóttir	LÍFE2LN05 LÍFF2EL05	LÍFE2LN05 LÍFF2EL05 LÍFF3DÝ05
Ester Ýr Jónsdóttir	EFNA2AE05 LÍFF2EL05	EFNA2AE05 EFNA3BB05 LÍFF2EL05 UMHV2UU05
Hekla Þöll Stefánsdóttir	JARÐ2JÍ05 LAND2EL05 STJÖ2AS05	JARÐ2JÍ05 JARÐ3VE05 LAND2EL05
Jón Grétar Hafsteinsson	EFNA3BB05 NÆRI2AA05	
Sölvi Snær Jökulsson	STJÖ2AS05	LAND2EL05
Thelma María Marinósdóttir	EÐLI2GR05 EÐLI3NE05	EÐLI2GR05 EÐLI3VB05

### Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Ýmsar breytingar voru gerðar á kennslu og námsefni í náttúrufræðigreinum. Eftir að nám til stúdentsprófs var stýtt var mjög erfitt að halda úti kennslu í náttúrufræðigreinum á þriðja þrepi en skólaárið 2024-25 voru nokkrir áfangar kenndir í fyrsta sinn um árabíl líkt og á skólaárinu á undan. Af fagmennsku og metnaði hafa kennarar raungreinadeildar endurskoðað og uppfært áfanga, gert þá aðgengilegri og meira aðlaðandi fyrir nemendur. Í nokkrum áföngum var efni, svo sem verkefni og próf, með lesblinduletrinu OpenDyslexic, en það hefur reynst lesblindum nemendum vel.

Í vor var veður- og haffræði (JARÐ3VE05) kennd í fyrsta sinn í mörg ár. Kennslugögn, sem m.a. samanstóðu af 15 glærupökkum og 16 fjölbreyttum verkefnum, voru unninn frá grunni ásamt leiðbeiningum fyrir veðurdagbók en nemendur þurftu að gera 6 veðurspár yfir önnina. Skólinn á veðurstöð sem nemendur nýttu til að mæla og fylgjast með veðrinu. Í upphafi annar settu nemendur sér markmið sem þau ígrunduðu í lok annar og skrifuðu lokaorð. Nemendur fóru ásamt kennara sínum í heimsókn á Veðurstofu Íslands, fróðleg og skemmtileg ferð og góð kveikja inn í það sem gert var síðar á önninni. Að auki var lögð áhersla á að færa kennsluna út til að fylgjast með veðri og skoða skýjafar.

Námsáætlun og námsmat í Lífeðlisfræði (LÍFE2LN05) og dýrafræði (LÍFF3DÝ05) var endurskipulagt að mestu leiti. Náms- og kennsluefni var unnið alveg upp á nýtt og að auki þýtt yfir á ensku til að mæta þeim fjölbreytta hópi nemenda sem stunda nám við FSu. Í LÍFE2LN05 var efnið var unnið upp úr kennslubók áfangans en í dýrafræði er engin kennslubók svo mikil vinna fór í að vinna efnið upp úr heimildum víða að.

Námsáætlun EFNA2AE05 var endurskoðuð í haust þar sem ný kennslubók var tekin upp í áfanganum en í haust kom út bókin *Undirstaðan - Efnafræði fyrir framhaldsskóla* eftir Ásdísi Ingólfssdóttur.

### **Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum**

Símat var í eðlisfræði (almenn eðlisfræði (EÐLI2GR05), nútímaeðlisfræði (EÐLI3NE05) og varma- og bylgjufræði (EÐLI3VB05)), almennri efnafræði (EFNA2AE05) og eðlisefnafræði (EFNA3BB05, á vorönn), jarðfræði (jarðfræði Íslands (JARÐ2JÍ05) og veður- og haffræði (JARÐ3VE05)), landafræði (LAND2EL05), líffræðigreinum (almennri líffræði (LÍFF2EL05), lífeðlisfræði (LÍFE2LN05) og dýrafræði (LÍFF3DÝ05)), stjörnufræði (STJÖ2AS05) og umhverfisfræði (UMHV2UU05). Lokapróf var í EFNA3BB05 og NÆRI2AA05 á haustönn.

### **Námskeið sem kennarar hafa sótt**

Almennt huguðu raungreinakennarar vel að starfspróun sinni skólaárið 2024-2025. Kennarar sóttu ýmis staðnámskeið, t.a.m. sumarnámskeið á vegum Samlífs, Samtaka líffræðikennara, um *svefn og svefnrannsóknir*, *ART-þjálfaranámskeið* á vegum ART-teymis Suðurlands, *Tækni í lestri og ritun* á vegum TMF og *Science, technology, engineering, art & maths: Gaudí as metaphor of STEAM* í Barcelona. Einnig sóttu kennarar nokkur netnámskeið, þeirra á meðal voru námskeiðið *Menntahleðsla: Ertu að tengja? Að lesa í hegðun og líðan nemenda í kennsluumhverfi* og *#Ég lofa – fræðsla um kynferðisofbeldi gegn börnum* á vegum Barnaheill. Meðal netnámskeiða sem sótt voru í gegnum EdX voru *Physics Fundamentals – Electromagnetics* (UP ValenciaX), *Applied Calculus* (HarvardX) og *Physics – Optics and Modern Physics* (Rice UniversityX). Auk þess sóttu kennarar deildarinnar *Menntaþing 2024* sem ýmsir aðilar stóðu að, málstofuna *Samfélagsmiðlar, tölvuleikir og líðan* hjá Háskólanum í Reykjavík og fræðsluerindi um *líftækni* á vegum Samlífs.

### **Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu**

Í eðlisfræði er verið að byggja upp nýtt kennsluefni. Ný kennslubók *Undirstaðan - Efnafræði fyrir framhaldsskóla* var tekin upp í EFNA2AE05 og ný verkefni samin. Nýtt kennsluefni leit dagsins ljós í LÍFF3DÝ05 og JARÐ3VE05. Í UMHV2UU05 voru flest verkefni ný á önninni en þau voru ítarlega útlistuð og matskvarðar fylgdu þeim öllum.

## Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Engar tillögur komu frá raungreinakennurum varðandi starfsáætlun skólans en áherslur deildarinnar verða:

**Starfsþróun.** Fagstjóri mun leggja mikla áherslu á hvatningu til starfsþróunar þannig að við sem kennum raungreinar í FSu sækjum okkur reglulega yfir skólaárið vinnustofur og námskeið, tókum þátt í ráðstefnum og fræðslufyrirlestrum og miðlum okkar á milli því sem er markverðast hverju sinni. Mikilvægt er að við nýtum vel þau tækifæri sem bjóðast til að efla okkur í starfi sem faggreinakennarar á tímum örrar tækniþróunar og framfara. Einnig er mikilvægt að við höldum áfram að efla okkur sem einstaklingar.

**Deildarfundir** verða 2-3 á önn en þeirra á milli verða ýmis mál afgreidd í TEAMS-hópi raungreinakennara í FSu og þau bókuð á næsta fundi. Þannig hyggjumst við nýta dýrmætan tíma okkar allra sem skilvirkast og best.

**Áfangaframboð** verður áfram skoðað með gagnrýnum hætti á hverri önn m.t.t. þess hvort náttúrufræðiafangar lendi í innbyrðis samkeppni og „drepri“ þannig hvorn annan.

**Náttúrufræðilínan** verður endurskoðuð áfram.

**Skrifstofu- og kennslurými** kennara hefur tekið stakkaskiptum en sl. sumar voru húsgögn endurnýjuð og skrifstofan máluð. Kennslurými þarfnast umbóta í stofum 103 og 104. Kallað verður eftir þeim með formlegum hætti í haust og horft til þess að vinna við umbætur geti farið fram við lok næsta skólaárs. Haldið verður áfram með tiltektir og skipulag í stofum 103, 104 og 105 og geymslum sem tilheyra þeim með það að leiðarljósi að stuðla að heilbrigðu og heilsusamlegu starfsumhverfi fyrir kennara og nemendur.

**Erlent samstarf.** Unnið verður að undirbúningi erlendra samskipta í tengslum við NordPlus og Comeniusarverkefni. Með samstarfi við erlenda kollega okkar fáum við dýrmæt tækifæri til að spegla okkur við þeirra kennsluhætti og læra af þeim.

**Félagatengsl** okkar hóps verða styrkt með samveru utan vinnu a.m.k. einu sinni til tvisvar á skólaári.

## Annað

Hekla Þöll Stefánsdóttir hafði umsjón með umhverfisnefnd (FUND1UN01). Unnið er að Grænfánaverkefninu í nefndinni en Grænfánaverkefnið er alþjóðlegt umhverfismenntaverkefni sem stuðlar að menntun til sjálfbærni. Landvernd hefur umsjón og heldur utan um verkefnið á Íslandi. Þess má geta að UNESCO telur Grænfánaverkefnið vera helsta innleiðingartæki menntunar til sjálfbærni í heiminum. Fulltrúar nemenda í umhverfisnefnd Grænfánans á haust- og vorönn voru Axel Sturla Grétarsson, Konráð Ingi Finnbogason, Dána Rós Futu Hermannsdóttir, Einar Ari Gestsson, Patrekur Kári Friðriksson, Sigurður Guðbjartur Guðmundsson og Elín Kristín Ellertsdóttir. Grænfánanefndin hittist í hádeginu einu sinni í viku og einnig í „Bragatíma“ ef þörf var á. Náttúruvernd er þemað sem unnið var með núverandi Grænfánatímabil ásamt langtímaverkefninu. Nefndin var mjög virk yfir skólaárið, fór á Erasmus+ námskeið um matarsóun á Úlfliótsvatni um haustið, héldu umhverfisdagana með skiptifatamarkaði, grænum degi, lukkuhjóli o.fl. Nefndin fékk styrk frá

Umhverfis- og orkustofnun til að týna rusl í fjörunni milli Eyrarbakka og Stokkseyrar, og týndu þau 250 kg af rusli. Þau vigtuðu lífrænt rusl og töldu bíla hverja önn. Fengum merki fyrir nefndina sem Agnes námsráðgjafi hannaði. Sendum verkefni inn í keppni Landverndar, Ungt umhverfisfréttafólk og komust tvö verkefni í úrslit, eitt úr landafræði og eitt úr umhverfisfræði. Verkefnið í landafræðinni sigraði framhaldsskólakeppnina, með verkefninu *Kári hvalur* sem er barnasaga um hval sem lendir í hremmingum og er í raun ádeilusaga á hvalveiðar. Grænfánaúttekt á vegum Landverndar var í lok vorannar 2025 og hefur skólinn nú fengið Grænfánann í þriðja sinn. Umhverfisnefndin er svo á leið á Evrópuþing ungmenna í Strassborg í júní.

JARÐ2JÍ05 fór í jarðfræðiferð á Reykjanesið, veðrið var ekki alveg að vinna með okkur, með okkur fóru nemendur og kennarar frá Réunion.

Kennarar í raungreinum tóku á móti stórum þýskum hópi í heila viku sem fylgdist með raungreinakennslu hjá okkur.

## Stærðfræði

Fagstjóri: Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir

### Kennarar og áfangar

Kennari	Áfangi Haust 2024	Áfangi Vor 2025
Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir	STÆR1AJ05	STÆR3TL05
	STÆR2TL05	STÆR2TL05
	STÆR2PT05	STÆR2PT05
Ingvar Bjarnason	STÆR2AR05	
(eftir verkfall)	STÆR2HV05	
Ingunn Helgadóttir	STÆR1RX05	STÆR1RX05
		STÆR1AA05
		STÆR1BB05
Jón Grétar Hafsteinsson	STÆR1AA05	
	STÆR1BB05	
Klara Guðbrandsdóttir	STÆR2RU05	STÆR1AA05
Kjartan Ólason	STÆR1AJ05	STÆR1AJ05
	STÆR2VF05	STÆR2RU05
		STÆR2VF05
Kristjana Sigríður Skúladóttir	STÆR1RX05	STÆR1RX05
	STÆR2AR05	STÆR2AR05
	STÆR2TL05	STÆR2TL05
		STÆR2RU05
Magnús Másson	STÆR2HV05	STÆR2HV05
	STÆR2RU05	STÆR2RU05
Renata Lis	STÆR2AF05	STÆR2AF05
	STÆR2AF05	STÆR3FD05
	STÆR3FD05	STÆR3HD05

	STÆR3HD05	STÆR3TD05
Sölvi Snær Jökulsson	STÆR1AA05	STÆR1BB05
		STÆR1RX05
Ægir Sigurðsson	STÆR2VF05	STÆR2AF05
	STÆR2HV05	STÆR2HV05
	STÆR2RU05	

Sumir kenna fleiri en einum hópi af sama áfanga. Einnig voru stundum tveir kennarar með sama áfangann vegna afleysinga.

### **Kennsluhættir á skólaárinu**

Við erum mörg enn að vinna með af hugmyndafræði Peters Liljedahl um „hugsandi kennslustofu“. Lóðréttar tússtöflur eru á veggjum allra skilgreindra stærðfræði-kennslustofa skólans. Einnig erum við stöðugt að vinna með viðhorfin, seigljuna og að gera kennslustofuna að öruggum stað þar sem mistök eru leyfð. Kennarar eru stöðugt að vinna að því að bjóða upp á fjölbreytt og áhugavert nám. Sumir hafa boðið upp á öndunaræfingar og tónlist til að brjóta upp kennslustundina og auka á vellíðan nemenda. Á næsta skólaári mættum við safna skemmtilegum hugmyndum um stutt upprot í tímum t.d. leikir, þrautir, hreyfing, öndun, jóga og útivera. Við buðum öllum stærðfræðinemendum skólans upp á valfrjálsan stoðtíma á miðvikudögum klukkan 15:00 líkt og undanfarnar annir. Á fyrri önninni voru „mentorar“, úr hópi eldri nemenda með í kennslunni. Á vorönn vorum við með færri stoðtíma en venjulega og það voru ekki „mentorar“. Þetta úrræði var misvel sótt. Það er líka búið að opna heimanámsaðstoð sem kemur til mót við alla nemendur í öllum fögum og þangað hafa stærðfræðinemendur leitað. Þörfin er örugglega til staðar en svo er spurning um hvaða tími er bestur fyrir stuðninginn. Svo virðist sem mesta aðsóknin sé í aðdraganda lotuprófa hjá nemendahópunum, einnig hefur verið meiri aðsókn þegar stoðtímar eru fyrr um daginn en kl. 15 á miðvikudögum.

### **Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum**

Flestir stærðfræðiáfangarnir eru settir upp í þrjár til fjórar lotur sem hverri um sig lýkur með lotuprófi. Nemendur sem ná ákveðinni lágmarkseinkunn úr lotunum eiga þá kost á að sleppa lokaprófi. Þessi viðmið höfðu miðast við einkunnina 6 í hægferðarhópum en einkunnina 7 og jafnvel 8 í öðrum hópum. Stærðfræðikennarar ákváðu á sameiginlegum fundi í upphafi annar að setja þetta viðmið í einkunnin 6 fyrir alla prófáfanga í stærðfræði. Við erum orðin nánast eina deildin sem er með lokapróf. Við erum ekki tilbúin að hætta þeim alveg en þetta er skref í þá átt að draga úr fjölda þeirra sem taka lokaprófin. Samt er gott að hafa lokapróf sem öryggisventil fyrir þá nemendur sem ekki náðu að uppfylla allar námskröfurnar á önninni.

### **Námskeið sem kennarar hafa sótt**

Stærðfræðikennarar hafa sótt hin ýmsu námskeið á skólaárinu eins og venjulega, má þar nefna meðal annars:

- 10 eininga námskeið hjá HÍ – Fjölbreyttir kennsluhættir í stærðfræðikennslu í framhaldsskóla.
- Fyrirlestrar um gervigreind í byggingariðnaði.

- Kynferðisofbeldi og kynferðisleg hegðun barna og unglunga – Fyrir þau sem starfa með 16-18 ára unglungum.
- Soft Skills- for hard teachers -Erasmus námskeið.

### Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Við hættum við bækurnar *Stærðfræði 1 frá lðnú* í STÆR1AJ05 þar sem margir nemendur höfðu þegar verið með sömu bók í 10. Bekk. Í staðinn fórum við aftur í bók Jóns Þorvarðarsonar *STÆ 103*. Það var samt vilji kennara í STÆR2RU05 að halda áfram með *Sko - kennslubók í horna- og rúmfræði frá lðnú* sem við tókum upp í fyrra. Við vorum að skoða nýtt breskt námsefni, *Higher Level Mathematics*, fyrir þriðja þreps áfangana (gæti reyndar byrjað á 2. þrepi). Þetta er námsefni sem Kvinnaskólinn notar fyrir marga áfanga. Við munum taka bókina inn tvo áfanga næsta haust og mögulega fleiri áfanga seinna.

### Breytingar á námskrá sem tengjast stærðfræðideild

Í stærðfræðideild hafa verið ræddar námskrárbreytingar sem snúa að einföldun kerfisins og fækkun fornámsáfanga. Hér má sjá yfirlit yfir breytingar og tímasetningar eða afgreiðslu mála:

#### Námskráin

Námskrárbreytingar sem um hefur verið rætt og þarf að taka ákvörðun um og breyta á öllum stöðum ef breyta skal. Tímasetja breytingar. Málin sem taka þarf afstöðu eru hér númeruð frá 1-5.

Mál nr. 1	breyting	afgreiðsla
1	Sameina áfangana 1AA og 1BB	tekur gildi strax fyrir haustönn 25
2	Sameina 2AF og 2VF	aðlögun næsta skólaár - ááætlun haust 26 hætt var við þetta, fleiri skólar eru með 2HV en
3	færa 2HV á 3. þrep	3HV
4	2PT verði valáfangi	á skólaárinu 25-26

Samhliða breytingunum þarf að breyta innihaldi áfanga í námáætlunum skoða allar forkröfur í INNU, nýtt skipurit stærðfræðiáfanga, leiðbeiningar um val í kjarnaáföngum o.fl. í samráði við áfangastjóra.

### Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Starfsáætlun ætti að að vera að mestu óbreytt frá fyrra skólaári en helstu áherslur eru:

- Fræðast meira um og nýta betur gervigreindina
- Vinna með gróskuhugarfar í flestum áföngum.
- Láta nemendur setja sér markmið í upphafi annar.
- Setja inn í kennslustundir stutt uppbrot, þrautir, leiki, öndunaræfingar...
- Halda áfram að safna gagnlegum verkefnum í stærðfræðibankann okkar og nýta betur TEAMS til gagnageymslu.
- Halda áfram með stoðtíma fyrir alla stærðfræðinemendur með aðstoð mentora úr röðum eldri nemenda sem komnir eru langt í stærðfræði.

- Sækja um styrk í fageflingarsjóð til að búa til nýjan fornámsáfangana í stað STÆR1AA05 og STÆR1BB05.
- Sækja um styrk í fageflingarsjóð vegna efri áfangana sem fara í breska námsefnið.
- Vinna áfram með „thinking classroom“ aðferðafræði í skólanum.
- Samræma betur reglur, stöðva svindl og meta hegðun til námsmats.
- Að viðurlög við svindli, símanotkun, truflun, fjarvistum og hangsi séu skýr og samræmd.
- Nemandi með raunmætingu undir 80% geti ekki sleppt lokaprófi.

## Vélvirkjun

Fagstjóri: Gísli Viðar Oddsson

### Kennarar og áfangar

	<u>Haustönn 2024</u>	<u>Vorönn 2025</u>
<u>Nafn kennara</u>	<u>Áfangaheiti</u>	<u>Áfangaheiti</u>
Gísli Viðar Oddsson	AVVI2BB05	AVVI1VB05
Gísli Viðar Oddsson	IÐNA2EL05	AVVI3UV05
Gísli Viðar Oddsson	LOGS1UM05	RENN1GR05
Gísli Viðar Oddsson	VÉLF3FA05	BRAG1SB01
Sigurþór Leifsson	VÉLF3FA05	VÖKT3VH05
Sigurþór Leifsson	HAMÁ3NH05	HAMÁ2NH05
Sigurþór Leifsson	PLVG1GR05	AVVI3VF05
Sigurþór Leifsson	STÝT3GR05	IÐNT2VB05
Jóhann Valdimarsson	LOGS1UM05	HLGS2TI05
Jóhann Valdimarsson	HLGS2MI05	IÐNT2VB05
Jóhann Valdimarsson	STÝT3GR05	HAMÁ2NH05
Jóhann Valdimarsson		VÖKT3VH05
Jóhann Valdimarsson	RAFS1SU05	RENN1GR05
Borgþór Helgason	TSVÉ2GV05	EFRÆ1MI05
Borgþór Helgason	IÐNT2MI05	IÐNT3ML05
Borgþór Helgason	KÆLI2SK05	TSVÉ3TV05
Borgþór Helgason		HLGS2TI05
Magnús Tryggvason	MÁLM1VA05	HAMÁ1NH05
Magnús Tryggvason	PLVG1GR05	MÁLM1VA05
Magnús Tryggvason	MÁLM1SX02	MÁLM1SX02
Thelma María Marínósdóttir		IÐNA3EI05

### Námskeið sem kennarar hafa sótt

Borgþór fór á námskeið á Tenerife um soft skills og Teikninámskeið í Inventor hjá Iðunni Fræðslusetri.

Sigurþór, Jóhann og Gísli Viðar fóru með rafdeild til Þýskalands að skoða kennslubúnað hjá Leybold og Lucas-Nulle.



## Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Keypt ný bandsög, tvær nýjar rafsúðuvélar og notuð súluborvél.

Ný kennslubók notuð í Vökvatækni

## Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Tiltekt í verkfæraeign skólans. Koma því á hreint að skólinn eigi öll verkfæri sem eru í salnum.

Stefnt að því að eiga gott samstarf við pípulagnadeild.

## Annað

Öryggisnámskeið fyrir nemendur í handavinnuáfangi frá Sindra á vorönn.

Ferð í Klett með 6. Önn (Sigurpór)

Ferð í Rarik með 6. Önn með rafvirkjadeild (Sigurpór)

Tekið þátt í Íslandsmóti iðn- og verkgreina á minni framtíð. Sigurpór Árni Helgason tók þátt fyrir FSu. Stóð sig með þryði.

## Bókasafn - skýrslu má finna á heimasíðu skólans.

Forstöðumaður bókasafns: Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir

## Bragi

Fagstjóri: Ágústa Ragnarsdóttir

## Kennarar og áfangar

	Haustönn 2024	Vorönn 2025
Nafn kennara	Áfangaheiti	Áfangaheiti
Anna Kristín Valdimarsdóttir	BRAG1SA01	BRAG1SB01
Ásdís Ingvarsdóttir	BRAG1SA01	BRAG1SB01
Erla Brimdís Birgisdóttir	BRAG1SA01	BRAG1SB01
Eyrún Björg Magnúsdóttir	BRAG1SA01	
Kristjana Sigríður Skúladóttir	BRAG1SA01	BRAG1SB01
Karl Sigtryggsson	BRAG1SA01	BRAG1SB01
Ingunn Helgadóttir	BRAG1SA01	BRAG1SB01
Gísli Viðar Oddsson	BRAG1SA01	BRAG1SB01
Lárus Gestsson	BRAG1SA01	BRAG1SB01

Sigbrúður Harðardóttir	BRAG1SA01	BRAG1SB01
Guðmundur Björgvin Gylfason	BRAG1SA01	
Sigríður Sigfúsdóttir	BRAG1SA01	
Ingibjörg Markúsdóttir	BRAG1SA01	
Hafdís Garðarsdóttir	BRAG1SA01	
Sabína Steinunn Halldórsdóttir	BRAG1SA01	BRAG1SB01
Guðbjörg Grímsdóttir		BRAG1SB01

### Nýjungar og þróun í kennsluháttum á skólaárinu

Kennsluefni Braga var stokkað upp í fyrra og búið til nýtt kennsluefni fyrir alla þætti auk annarra breytinga í ýmsri nálgun. Þetta fyrirkomulag var nú keyrt í gegn í annað skipti og gafst vel, vissulega með áframhaldandi eðlilegri þróun.

### Nýjungar og þróun í kennsluháttum á skólaárinu

Nýnemadagur var lengdur aðeins í annan endann. Bæði var bætt við 5 mínútum á milli stöðva til að halda frekar tímaáætlun og minnka stress og svo tók nemendafélagið við nýnemunum í hópefli að loknum kynningum.

### Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Til grundvallar námsmati var mæting 30%, verkefni 50% og annað 20% (s.s. virkni o.fl.). Í upphafi beggja anna lá fyrir hvernig hlutfallið skiptist nákvæmlega á milli námsþátta og innan verkefna. Nemendur söfnuðu alla önnina upp í lokaeinkunn, með mætingu, vinnslu verkefna og þátttöku í tímum eða öðru sem fyrir lá.

### Námskeið/endumenntun sem kennarar hafa sótt / eða haldið

Þessar upplýsingar koma fram í skýrslum annarra deilda þar sem Bragakennarar koma úr ýmsum deildum skólans.

### Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

- Opna kennsluefni fyrr fyrir kennara svo þeir hafi meira svigrúm fyrir undirbúning.
- Athuga hvort hægt sé að lengja liðinn “Lesið í gögn” á nýnemadeginum.
- Auka enn frekar vægi nemendafélagsins í lokaspretti á nýnemadegi og hafa samband við þau strax að vori er það varðar.

## Félagsráðgjöf - skýrslu má finna á heimasíðu skólans.

Félagsráðgjafi: Halla Dröfn Jónsdóttir

### Fjarnám grunnskólanemenda

Umsjón: Pelle Damby Carøe

Fjölbrautaskóli Suðurlands býður nemendum í 10. bekk grunnskóla á Suðurlandi upp á fjarnám í ensku, dönsku og stærðfræði. Fjarnámið stendur þeim til boða sem hafa lokið námsmarkmiðum 10. bekkjar í viðkomandi námsgrein með hæfnieinkunninni B+ eða A. Þeir 15 grunnskólar sem tilheyrja upptökusvæði FSu fá boð um að nýta þetta fjarnám fyrir sína nemendur.

Áfangarnir sem stóðu til boða haustönn 2024 voru **ENSK2OL05** og **DANS2FJ05**.

Á vorönn 2025 voru kenndir framhaldsáfangar í ensku og dönsku, **ENSK2YL05** og **DANS2ME05**, auk grunnáfangans í stærðfræði, **STÆR2AR05**.

Haustið 2024 hófu 31 nemandi úr 5 grunnskólum á Suðurlandi fjarnám. Í ensku hófu 27 nemendur nám, 26 luku áfanganum og einn hætti eftir að önnin hófst. Í dönsku hófu 14 nemendur nám og luku allir áfanganum.

Vorið 2025 hófu 33 nemendur úr 6 grunnskólum á Suðurlandi fjarnám í framhaldsáföngum í ensku og dönsku og grunnáfangi í stærðfræði. Í ensku hófu 23 nemendur nám, 20 luku áfanganum og þrír hættu. Í dönsku hófu 13 nemendur nám og luku allir áfanganum. Í stærðfræði hófu 10 nemendur nám og luku allir áfanganum.

Mikilvægt er að þeir grunnskólanemendur sem hyggjast stunda fjarnám frá FSu hafi lokið námsmarkmiðum 10. bekkjar með einkunninni B+ eða A. Að auki krefst námið sjálfstæðra vinnubragða, sjálfsaga og góðrar skipulagshæfni. Einungis þeir nemendur sem standast þessar kröfur ættu að taka þátt í fjarnáminu. Einnig er nauðsynlegt að nemendur njóti stuðnings í sínum grunnskóla og að hver grunnskóli tilnefni tengilið sem hefur umsjón með náminu og heldur sambandi við kennara fjarnámsins hjá FSu. Grunnskólinn sækir um áfanga fyrir hönd nemenda.

Kennarar FSu hafa umsjón með fjarnáminu og sjá um allt námsmat sem því tengist. Í áföngum þar sem lokapróf eru hluti af námsmati er prófað í grunnskóla viðkomandi nemanda. Kennari FSu sendir prófin til tengiliða grunnskólanna, sem leggja þau fyrir. Þetta gildir einnig um stöðupróf eða lotupróf eftir því sem við á. Úrlausnir nemenda eru síðan sendar til kennara FSu, sem annast námsmatið.

Greitt er innritunargjald fyrir þessa nemendur, sem annaðhvort sveitarfélag eða forráðamenn greiða.

Samráðsfundur FSu með grunnskólakennurum í ensku, dönsku, íslensku og stærðfræði á Suðurlandi var ekki haldinn á þessu ári vegna verkfalls.

### Flóafár 2025

Nefndin: Anna Kristín Valdimarsdóttir, Halldóra Björk Guðmundsdóttir og Kristjana Sigríður Skúladóttir

Flóafár var haldið föstudaginn 21. mars í kjölfar 2ja Kátra daga. Flóafársnefnd var skipuð kennurunum Önnu Kristínu Valdimarsdóttur, Halldóru Björk Guðmundsdóttur og Kristjónu Sigríði Skúladóttur. Fyrir hönd nemenda voru Dagur Rafn Gíslason formaður íþróttaráðs ásamt þeim Bjarna Val Bjarnasyni og Garðari Frey Bergssyni sem eru í íþróttaráði. Liðin voru 5 talsins; *Brazilía*: Liðsstjórar Birgitta Fanný Grétarsdóttir og Elísa Hlynsdóttir. *Víkingar*: Liðsstjórar Daníel Smári og Ásgeir Örn Sverrisson. *Verkstæði jólasveinsins*: Liðsstjórar Sigurður Ernir Eiðsson og Jóhann Már Guðjónsson. *Mamma Mía*: Liðsstjórar Brynhildur Ruth Sigurðardóttir og Margrét Þóra Ingbórsdóttir. *Skrifstofan 9-5*: Liðsstjórar Ágúst Jón Ágústsson, Hjálmar Helgi Rise Árnason og Sigurður Guðbjartur Guðmundsson. Liðakeppnin gengur út á að kennarar í þorum leggja þrautir fyrir nemendur sem keppa um að leysa þrautirnar hratt og vel. Fyrir það fá liðin stig og það lið sem fær flest stig vinnur og hlýtur leirbikar. Aukalega hafa verið veittar viðurkenningar fyrir heróp, borðlagningu, svæði, búninga, hópmynd, fána og skemmtiatriði en í ár fengu liðin einnig stig fyrir þessa þætti. Þörf er á frekari endurskoðun á fyrirkomulaginu. Tískulöggur nemenda gefa búningum kennara stig og kennaraparið sem fær flest stig hlýtur viðurkenningu.

### Undirbúningur fyrir Flóafár 2025

Síðastliðin ár hefur fyrsti fundur nefndar verið í desember en hann dróst í ár vegna verkfallsaðgerða KÍ á haustönn 2024. Fyrsti fundur kennara í Flóafársnefnd var haldinn 13. janúar 2025 og fyrsti fundur kennara og nemenda var haldinn þann 22. janúar 2025. Alls voru haldnir 12 fundir fram að deginum ásamt reglulegum samskiptum á Messenger á öllum tímum sólarhrings og á göngum skólans í kaffitímum og matartímum. Kennarar þurftu að sitja auka liðafundi hjá einu liðinu og aðstoða við fundarstjórn til að allar upplýsingar kæmust til skila til liðsmanna.

### Kostir Flóafárs sem verkefnis:

Verkefnið er heildstætt, raunverulegt sem og þematengt þar sem nemendur bera ábyrgð frá A-Ö á öllum verkþáttum, setja sig í spor ýmissa sérfræðinga og hafa jafnvel samband við ólíka aðila í samfélaginu til að leita styrkja/þjónustu. Þar reynir á samvinnu innan liðs, fyrirhyggju í framkvæmdarþáttum, gerð verkáætlunar og eftirfylgni hennar, gerð fjárhagsáætlunar og nauðsyn þess að fara eftir henni, annars reka þeir sig á. Verkefnið er skapandi, krefst hugvits og þarfnast gífurlegs skipulags á mannafla, tíma, svæðum, fjármunum og æfingum. Verkefnið krefst þrautseigju, dugnaðar og samskiptahæfni, að nemendur geti leyst ágreining og tekist á innbyrðis og milli liða um hvað er „sanngarnt“. Það reynir á samþættingu og líkist í mörgu fremur raunverulegum verkefnum sem nemendur gætu þurft að glíma við fremur en afmörkuð „þekkingarinntök“ einstakra námsgreina. Kannski er þetta það verkefni sem kemst næst því að innihalda alla grunnþættina í skólastarfinu þ.e. sköpun, lýðræði, jafnrétti, heilbrigði, sjálfbærni og læsi.

### Framkvæmd á Flóafársdag 2025

- Dagurinn byrjaði með því að nemendur áttu að mæta kl.8:15 til umsjónarkennara til að fá skráða mætingu. Umsjónakennarar höfðu áður fengið áminningu frá stjórnendum (að beiðni Flóafársnefndar) um að senda póst til sinna nemenda með helstu upplýsingum.
- Fjögur svæði voru á fyrstu hæð (innri og ytri hluti mötuneytis, gryfjan og „bókasafsmegin við gryfjuna“) og eitt svæði á svölum austan megin á annarri hæð og þurftu liðin að vera búnin að undirbúa svæðin fyrir kl. 23 á fimmtudagskvöldinu. Það gekk vel og öll liðin lögðu sig fram við að gera svæðin sín flott. Nokkur ágreiningur kom upp innan liða og voru nokkrir

liðsstjórar orðnir lúnir og skrifast þetta á þreytu og álag á lokametrinum. Einnig var íþróttaráð vant við látið vegna persónulegra mála stóran hluta dagsins. Allt þetta lengdi viðveru kennara Flóafársnefndar svo um munaði. Þrátt fyrir það leystust málin sem upp komu farsælliga.

- Ýmislegt ófyrirsjáanlegt kom upp á undirbúningstímabilinu, má þar nefna einn liðstjóri hætti í Flóafárinu vegna utanlandsferðar, eitt lið þurfti aukinn stuðning í undirbúningum ásamt ýmsum mannauðsmálum eins og viðveru starfsfólks og veitingum á fárinu svo fátt eitt sé nefnt.
- Viðurkenningarskjöl voru veitt fyrir besta búning starfsfólks og til þeirra liða sem hlutu sérverðlaun. Flóafársnefndin sá um að prenta verðlaunaskjölin út daginn áður og plasta þau.
- Í undirbúningnum kom upp „veggspjaldamál” milli tveggja liða. Nefndin tók vel á málinu og það leyst farsælliga án refsinga, öllum nemendum til sóma, sjá nánar í fundargerð frá 5. mars.
- Eitthvað var um forföll kennara á stöðvum þrátt fyrir að kallað hafi verið eftir viðveru í endurteknum tölvupóstum. Fella þurfti niður eina þraut á síðustu stundu og varamaður hljóp í skarðið á einni stöðinni fyrirvaralaust.
- Íþróttaráðið fékk ljósmyndarann Jón Valgeir Guðmundsson, til að taka hópmyndir af liðunum um morguninn kl. 8:45 sem gekk vel. Liðsstjórnir vissu af myndatökunum og liðsstjórar allra liðanna voru búnir að skipuleggja uppsetningu liðsins þegar ljósmyndarinn mætti. Hann tók einnig hópmynd af kennurum að fárinu loknu.
- Liðin áttu að koma niður stigana (austur og vestur) eitt og eitt á víxl og inn í sal, undir stjórn formanns íþróttaráðs. Skipulagið var teiknað upp og kynnt liðsstjórum og íþróttaráði en þó urðu örliðir hnökror á því. Þeir höfðu ekki áhrif á heildarupplifunina.
- Íþróttaráð sá um upphitunardans fyrir liðin, sem var að þessu sinni Macarena.
- Íþróttaráð var með hljóðnema og stjórnaði uppi á sviði með fulltingi kennara. Formaður íþróttaráðs sá um að láta liðin fara með herópin sín og ræsa þau af stað í þrautirnar. Það heyrðist ekki nógu vel í formanninum. Áhersla var á að liðin myndu ljúka þrautunum en ekki fara sem hraðast í gegn. Liðin fóru samviskusamlega á allar stöðvar og leystu þrautirnar vel.
- Guðbjörg Helga og Ægir Sig. voru stigaverðir. Útreikningarnir að þrautum loknum fóru að mestu fram á Bollastöðum. Eftir á að hyggja er það ekki hentugur staður því að þar hafði safnast saman hópur starfsmanna/kennara í kaffi sem lét sig málið varða. Samskipti og ákvarðanatöku stigavarða og Flóafársnefndar eiga ekki að fara fram fyrir allra augum. Nefndin stingur upp á að framvegis fari lokaútreikningar niðurstaðna fram í næði, t.d. í Króki.
- Kátudaganefnd sá að mestu um að sækja stigamiða úr stofum og Hamri til að stigaverðir gætu hafið talninguna. Örfáir kennarar skiluðu afgang þrautamiðum til nefndar eða stigavarða. Fyrirkomulagið létti mikið á Flóafársnefndinni.
- Þegar fánaberi kom í mark setti hann fánann í stand og þar með var liðið formlega komið í mark og tímatöku lokið.

- Skemmtiatriðin voru sýnd eftir að öll lið voru komin í mark. Þetta árið voru að mestu dansatriði en eitt liðið var með tónlistatriði. Hljóðgæðin voru ekki nægilega góð fyrir framan salinn, þó græjurnar hafi verið rétt stilltar. Samkvæmt húsverði getur það stafað af því að tónlistin var spiluð úr nemendasímum sem getur haft áhrif á hljóðgæðin.
- Kústar, moppur, ruslaílát og fötur fyrir vökva voru aðgengilegar fyrir liðin til að þrifa eftir sig. Auka ruslatunnur skiluðu betri umgengni. Í ár var vökvafötum bætt við sem gaf góða raun. Á síðasta ári var mikið um að nemendur skildu hálfótmar dósir um skólann eða hentu þeim í ruslatunnur með tilheyrandi sóðaskap.
- Varðandi frágang og umgengni þá fengu öll liðin hrós fyrir umgengni, sem hefur sjaldan verið eins góð og í ár.
- Eitt lið fékk leyfi til að hafa confetti í salnum og það gekk vel að þrifa það upp. Nefndin og liðsstjórar fengu tiltal upp á sviði varðandi confettibann. Að mati nefndar er ekki þörf á að banna confetti því nemendur sýndu fram á að þeir eru fullfærir um að ganga frá eftir sig.
- Frágangur eftir Flóafárið gekk annars vel og var öllu lokið um kl.16:00. Formaður íþróttaráðs sá um að panta 30 pizzur, sem vinningsliðið hlaut í verðlaun, og nemendaráð borgaði. Mikilvægt er að panta pizzurnar tímanlega.
- Víkingar sigruðu Flóafársprautina.
- Verðlaun fyrir besta kennarabúninginn hlutu Ingunn Helgadóttir og Katrín Rut Sigurgeirsdóttir sem hryllingur. Þær höfðu einnig undirbúið þrautastöðina sína daginn áður í takt við þemað. Það gaf mjög góða raun og jók á upplifun nemenda þegar þeir komu inn í þrautina.
- Mismunandi aðilar veittu sérverðlaun. Björgvin, Soffía og Sigursveinn völdu besta skemmtiatriðið, Flóafársnefnd valdi besta svæðið og besta fánann, stuðningsfulltrúar völdu bestu liðsbúningana, Ágústa Ragnars og Guðfinna völdu bestu liðsmyndina, Guðbjörg Helga og Ægir völdu besta herópið, Halla Dröfn og Erla Brimdís völdu bestu borðskreytinguna en þemað var „páskar“.
- Breyting var gerð á hlutverkum ráðgjafateymisins að þessu sinni því þeir eru orðnir fjórir talsins. Anna Fríða og Agnes voru saman með þraut á þriðju hæð í nálægð við starfstöðvarnar til að geta sinnt nemendum ef á þarf að halda. Höllu Dröfn og Bjarneyju var tvístrað og þær paraðar á þrautastöð eins og aðrir. Þetta gaf góða raun og heldur áfram á meðan þær eru fjórar. Að öllu óbreyttu skipta þær á milli sín hlutverkum á milli ára. Á næsta ári verða Agnes og Anna Fríða á almennum þrautastöðvum.
- Flóafársnefndin klæddist sem persónur úr teiknimyndinni Toy Story að þessu sinni.
- Það kom beiðni frá formanni íþróttanefndar varðandi breytingar á stigagjöfinni (sjá fundargerð). Óskað var eftir stigum fyrir viðurkenningahluta fársins sem gilda í heildarkeppninni. Þá fá liðin metna þætti sem taka tíma og fyrirhöfn, ásamt viðurkenningum. Nefndin varð við þeirri ósk en ígrundaði fyrirkomulagið ekki nægilega vel og mikil þörf er á endurskoðun ef ekki á að taka aftur upp verklag fyrri ára.

## Nýjungar og þróun í Flóafári á árinu 2025

- Kynning fyrir Braganemendur uppfærð, það er mikilvægt að hún sé skýr og áhugaverð fyrir nemendur.
- Flóafárskynning send á alla kennara sem kynntu fárið fyrir öllum nemendum á ákveðnum tíma í aðdragandanum.
- **Nýjung:** KSS útbjó tveggja vika tímaplan fyrir æfingar liða í salinn. Nemendur fengu meiri tíma til að æfa í salnum en undanfarin ár sem skilaði sér í góðum atriðum. Stundatafla sals er í húsvarðarsvítunni og gott að skipuleggja í kringum fasta viðburði þar.
- Nemendum sem ekki skráðu sig í lið var raðað á liðin eftir að skráningu lauk. Áframhaldandi þróun á fyrirkomulaginu á næstu önn. Það þarf að skoða fyrirkomulag SNB í þessu sambandi.
- Flóafársnefndin sá um að taka ljósmyndir og skrifaði ítarlega grein um Flóafárið sem birtist á vef skólans og í Sunnlenska og Dagskránni.
- Nýjung á Flóafári 2025: Ljósmyndaveggur á stjórnendagangi. #Flóafár 2025 á samfélagsmiðlum og allir hvattir til að deila.
- Nýjung: Nákvæm tímalína í Excel.
- Nýjung: Flóafárs hvatning og gleði á Bragakynningu í salnum. AK og KS fóru í búninga og gengu um skólann til að skapa stemmingu með tónlist og gleði.
- Flóafárskynning fyrir nýtt starfsfólk. Kynningarpakki útbúinn og kynning send í tölvupósti á nýtt starfsfólk.
- Glærupakki: Leiðbeiningar vegna skráningar í lið.
- Nýjung að beiðni aðstoðarskólameistara: Auglýsing fyrir foreldra.

## Tillögur að bættri starfsáætlun næsta Flóafárs

- Við upphaf skipulagningarinnar er gott að fara til Sigursveins og fá lista yfir þá starfsmenn sem vitað er að verða ekki á staðnum Flóafársdaginn. Þá er þeim ekki raðað í þraut. Nefndin á ekki að sjá um mannauðsmál eins og verið hefur síðustu tvö ár hið minnsta.
- Brýna fyrir starfsmönnum að tilkynna forföll tímanlega til yfirmanna sem upplýsa Flóafársnefnd um stöðuna áður en raðað er á stöðvar.
- **Endurskoða:** Röðun kennara á þrautir og staðsetningar þeirra. Gæta að því að það séu ekki alltaf sömu kennararnir út í Hamri.
- Kátudaganefnd ætti að hafa val um að vera með stöð eða aðstoðarmenn Flóafársnefndar.

- Æskilegt er að kennarar í Flóafársnefnd fundi með nemendaráði og íþróttaráði í byrjun annar áður en undirbúningur hefst fyrir alvöru svo allir séu með á hreinu hvað er hlutverk hvers og hvernig skuli staðið að undirbúningnum.
- Allt íþróttaráð verður að vera virkt. Að gefnu tilefni þarf að skerpa á hlutverki íþróttaráðs í Flóafárinu þegar auglýst er eftir framboðum. Ráðið var ekki fyllilega meðvitað um hlutverk sitt og ábyrgð í fárinu og stóð sig því ekki sem skyldi.
- Að gefnu tilefni ræddi AK við stjórnendur í annarlok um notkun confettí í salnum. Þeir gefa leyfir fyrir notkun þess en sú ákvörðun verður endurskoðun ef það verður misbrestur þar á.
- Hugmynd um að hafa verðlaun fyrir liðið með besta fráganginn.
- Engar fésbókarsíður og auglýsingar frá liðum fyrir en eftir kynningu í sal (þjófstart bannað).
- Skráningar í lið fóru fram á Forms með góðri raun.
- **Uppfæra gátlista 2026:** Varðandi skráningu í lið. Nefndin sendir póst (sjá bréf) sem Sigursveinn sendi til nemenda ásamt leiðbeiningum. Í fyrra var eitthvað um það að nemendur ættu í erfiðleikum með skráninguna og leituðu á skrifstofuna. Helga Dögg var ekki í stakk búin til að aðstoða nemendur. Til að sporna við því var búnað til leiðbeiningar sem fylgdu með póstinum. Eftirtaldir aðilar voru settir í cc. skrifstofa, bókasafn, Sigbrúði, námsráðgjöf og tölvuaðstoð ef nemendur kynnu að leita aðstoðar þar.
- **Setja á gátlista 2026:** Aðstoðarskólameistari sendir auglýsingu um liðakynningar á sal til allra nemenda daginn fyrir kynningarnar. Eitthvað var um það að nemendur hafi ekki vitað af kynningunum.
- **Setja á gátlista árið 2026:** Í fyrra var ákveðið að endurmeta skráningu erlendra nemenda og hafa Sissu innan handar. Það gekk vel og fóru þau samskipti fram í tölvupósti. Gott væri að setja þátttöku erlendra nemenda á gátlista.
- Síðastliðin ár hefur Lárus Gestson boðið liðum að nota aðstöðuna í Hamri á Kátum dögum. Í ár var hún á dagskrá Kátra daga sem kom vel út. Í fyrra var búið til skráningarblað á One Drive varðandi nýtingu liða á verkstæðinu og deilt með LG og liðsstjórum. Skráningin gekk vel og er komin á gátlista. Æskilegt er að liðin skrái í skjalið, hvort sem þau nýta aðstöðuna eða ekki, af virðingu við tíma LG.
- Liðstjórar tilnefndu 10-15 lykilþátttakendur auk liðstjóra sem skilað var til AK. Farið var fram á að þeir tilnefndu hlutverk hvers og eins lykilþátttakanda og hver ber ábyrgð á hverju (fjármál, skemmtiatriði, svæði). Mikilvægt að lykilhlutverkin séu skilgreind til þess að allir séu meðvitaðir um sitt hlutverk og kennarar geti talað við rétta aðila ef á þarf að halda. Öll lið tilnefndu 10-15 lykilþátttakendur og fjögur þeirra tilnefndu ákveðna liðsmenn í helstu hlutverk. Það gekk betur hjá liðunum sem voru með hlutverkin skilgreind frá upphafi.
- Það er mikilvægt að kynna Flóafárið betur á haustönn. Nefndin í ár bjó til nýja kynningu sem hægt er að þróa áfram. Auk Bragakynninga væri hægt að auglýsa fárið í „miðvikudagsgötum“ til að sem flestir nemendur fái innsýn í þennan skemmtilega dag.



- **Setja á gátlista:** Það þarf að auglýsa eftir liðsstjórum á haustönn, t.d. október eða fyrr? til að ferlið gangi sem best. Það hefur mikil áhrif á heildarskipulagið ef það eru ekki komnir liðsstjórar á réttum tíma. Í ár þurfti að halda auka liðsstjórafund vegna þess að það koma ekki nægilega margir áhugasamir á fyrsta fund og sömuleiðis þurfti að fresta liðakynningum á sal. Þessi seinkun jók álag á kennara nefndarinnar í miðannarmatinu, sem er nóg fyrir.
- Að mati nefndarinnar stuðla liðsstjóraauglýsingar að jafnrétti nemenda. Það er mikilvægt að allir nemendur skólans sitji við sama borð varðandi liðsstjórastöðurnar. Síðustu tvö ár, hið minnst hefur íþróttanefnd haft sambandi við útvalda nemendur varðandi stöðurnar. Í ár var auglýst eftir liðsstjórum um allan skólann með plakötum og fjöldapósti.
- Að gefnu tilefni þarf að skoða lágmarksfjölda liða á Flóafári. Það er betra að hafa fjögur sterk lið sem hefja undirbúning á sama tíma, heldur en að fá inn fimmta liðið seinna í ferlinu eins síðastliðin tvö ár.
- Í skýrslu frá árinu 2024 kom fram að það sé mikilvægt að það séu komnir liðsstjórar a.m.k. þremur vikum fyrir Flóafár og endanleg lið liggi fyrir á miðvikudegi einni og hálfri viku fyrir fárið. Það er mikilvægt að skoða þessi tímamörk betur að ári.
- Hvetja liðstjóra til að leita til iðn- og listnámsnemenda til að vera í liðunum.
- Í fyrra voru liðsstjórar hvattir til vera í beinu sambandi við kennara nefndarinnar, ekki alltaf hafa íþróttaráð sem millilið. Í ár var raunin önnur vegna þess að íþróttaráðið hafði sig lítið í frammi í ferlinu og því mæddi meira á kennurum nefndarinnar en ella.
- Að gefnu tilefni þarf að fara vel yfir reglur um hegðun á fárinu með liðsstjórum um hvað má og hvað ekki, hlutverk tískulögga o.þ.h. ekki púa niður önnur lið eða sýna þeim óvirðingu. Skoða gjallarhorn í þessu samhengi.
- Senda hvatningarpóst til starfsfólks og hvetja það til að hjálpa til við frágang.
- Brýna fyrir liðsstjórum að skila inn „Tískulögguspjöldum“ og kútsköftum. Merkja við hvaða lið eru búin að skila.
- Mikið spurt um lengd á atriða almennt: Árið 2024 voru tímamörkin 5 – 8 mínútur með sveigjanleika. Atriðin lengjast gjarnan og tilefni til að endurskoða tímann að ári.
- **Setja á gátlista 2026:** Það þarf að auglýsa kynningar liða á sal betur að ári.
- Mikilvægt að nefndin og liðsstjórar hafa góðan undirbúningstíma fyrir liðakynningar á sal. Það er gott að nefndin mæti í salinn kl. 12:10 svo kynningarnar geti hafist kl. 12:40 tímanlega.
- Nefndin hafði sambandi við Kalla húsvörð tímanlega. Það er gott að hafa hann innan handar t.d. opna salinn, stólar, tengja tölvu og hljóðkerfið. Komið á gátlistann.
- Kynningarnar voru sendar til formanns íþróttaráðs sem var með Apple tölvu sem gekk illa að tengja við kerfið. Það gekk upp á endanum en olli óþarfa stressi. Það er ekki æskilegt að nemendur noti tölvur kennara Flóafársnefndar fyrirvaralaust sem innihalda trúnaðargögn ef eitthvað færi úrskaiðis. Það er hægt að fá lánaða tölvu hjá húsverði.

- **Endurskoðun 2026:** Síðastliðin ár hafa liðsstjórar sent formans íþróttaráðs liðakynningar. Það er hentugra að liðsstjórar sendi þær til kennara á tilskyldum tíma. Þá geta kennarar farið yfir þær og hlaðið þeim upp á viðeigandi stað og tengt við hljóðkerfið í salnum (uppfæra á gátlista til liðsstjóra).
- Það má byrja að auglýsa á samfélagsmiðlum strax eftir kynningarnar, án þess að bæta fólki í hópa.
- Fara vel yfir gátlista og tímalínu og samræma dagsetningar o.s.frv. í upphafi.
- **Setja á gátlista 2026:** Liðin setja upp auglýsingar á vegg skólans um leið og kynningum liða er lokið.
- **Setja á gátlista 2026:** Facebook hópa auglýsingar (mynd og QR kóða) á vegg skólans um leið og kynningum liða er lokið. Það er mikilvægt að þetta gangi fljótt og vel fyrir sig til að allir í liðinu fái upplýsingar varðandi þátttökuna.
- **Setja á gátlista 2026:** Mikilvægt að auglýsa vel Facebook hópa til að allir nemendur fái upplýsingar. Nemendur voru hvattir til að búa til veggspjöld með QR kóðum. Eftir fundinn ákvað AK að búa til auglýsingar sem voru hengdar upp strax. Þörf er á uppfæra verklag og setja á gátlista liðsstjóra.
- **Setja á gátlista 2026:** Fara með hátalara út í Hamar daginn fyrir fárið til að auka stemminguna þar.
- **Setja á gátlista 2026:** Hljóðprufur á allri tónlist fyrir skemmtiatriði í miðrymi daginn fyrir Flóafár.
- **Setja á Gátlista 2026:** Flóafárskynning fyrir nýtt starfsfólk.
- Að gefnu tilefni þarf að endurskoða fyrirkomulag á búningaþema flóafársnefndar. Síðustu ár hafa nemendur valið búninga fyrir nefndina. Í ár var Íþróttaráð ekki nægilega tímanlegt að ákveða búninga þrátt fyrir mikla hvatningu sem hafði aukið álag í för með sér.
- Ef Kátudaganefnd er ekki á þraut vegna stigasöfnunar má hún þá ekki vera á lista hjá Tískulöggum og taka þátt í búningakeppni starfsfólks.
- Heildarendurskoðun stigagjafar. Hvernig komu þrautirnar út stigalega hjá liðunum? Fá upplýsingar um það hjá stigavörðum. Endurskoðun stigaveitinga fyrir viðurkenningar. Mega þær hafa úrslitaáhrif á niðurstöðu "þrautabrautar" - samsetningu heildarstiga úr þrautum og tímatöku fyrir brautina. Nú lögðum við upp með 10 stig fyrir viðurkenningarþátt og 0 stig á hin liðin - mögulega ætti að vera tröppugangur niður: 10 stig fyrir vinningslið, svo 8, 6 og koll af kalli. Einnig kom upp hugmynd um að veita liðunum persónulega viðurkenningar fyrir einkenni sem nefndin veitir sérstaklega athygli, t.d. styrkleika og einkenni hvers liðs.
- Á að bæta við uppgjörsfundi með liðsstjórum að loknu Flóafári til að fá betri heildarmynd á ferlið. Upplifun og uppgjör þeirra af deginum. Hvað gekk vel og hvað hefði mátt ganga betur. Hvað getum við lært af reynslunni. Staðan á fjármálum liðanna - að Flóafári loknu.

- Hugmynd um að leggja fyrir nemendur stutta könnun í Innu eftir fárið um upplifunina (Hvernig var þátttaka þeirra? Upplifun? Hugmyndir?)
- Að gefnu tilefni þarf að endurskoða skráningar og fyrirkomulag SNB og hlutverk stuðningsfulltrúa í því samhengi.
- Það er þörf á því að rýna í verklag varðandi SNB og hlutverk Flóafársnefndar í því samhengi. Hvað er raunhæft að nefndin teygi sig langt út fyrir sitt verksvið í afskiptum við einstaka nemendur. Skoða annarsvegar hlutverk sviðstjóra, stuðningsfulltrúa og umsjónarkennara og hins vegar Flóafársnefndar.
- Athuga hvort að þörf sé á skýrari ramma (endurskoða gátlista) um verkefni íþróttanefndar vegna Flóafárs.
- Það er mikilvægt að fara vel yfir kröfurnar sem settar eru á liðsstjóra og hvað felst í hlutverkinu.
- Skoða upplýsingar um köku- og borðskreytingarstöð.
- **Setja á Gátlista 2026:** Íþróttanefndin þarf að kynna Flóafárið betur á samfélagsmiðlum (dæla inn allskonar efni, bæði myndum og myndskleiðum).
- Ath. Vandræði að deila skjölum úr Teams hópi, t.d. skráning á trésmiðaverkstæði o.fl.
- Að gefnu tilefni vilja nefndar meðlimir ekki að nemendum sé vísað á þá í kennslu. Það veldur truflun á kennslu og námsmati.
- Skoða veitingamálin á fárinu og koma þeim í réttar hendur.
- Miðað hefur verið við að kennarar Flóafársnefnd sitji í nefndinni í þrjú ár í röð. AKV og HBG hafa verið síðustu tvö ár og KSS var að ljúka sínu fyrsta ári. Það er mikilvægt að fá inn nýjan kennara í nefndina svo KSS verði ekki ein með tveimur nýliðum. Það eru allir sammála því að það sé mikið álag að vera í nefndinni og mikilvægt að koma fleirum inn. Við teljum koma vel út að hafa kennara í bóknámi, verknámi og á sérnámsbraut í Flóafársnefnd. Þannig fást tengingar við ólíkar brautir skólans.
- Öll gögn sem viðkoma undirbúningnum eru vistuð á Teams hópi og í möppu á H-drifinu undir Flóafár 2025.

## Garðyrkjuskólinn að Reykjum

Sviðsstjóri Garðyrkjunáms: Guðríður Helgadóttir

Nýr nemendahópur var tekinn inn á garðyrkjubrautir skólans haustið 2024 en tekið er inn í garðyrkjunámið annað hvert ár. Um 130 nemendur hófu nám að hausti, stór hluti þeirra nýnemar en hluti eru nemendur í seinni hluta fjarnáms. Fjarnemar taka garðyrkjunám á hálfum hraða, á fjórum vetrum við skólann í stað tveggja. Meginþorri nemenda er í fjarnámi.

Allar sex garðyrkjubrautir skólans voru auglýstar en ekki náðist nægur nemendafjöldi fyrir blómaskreytingabraut þannig að hún er ekki kennd í þessum árgangi.

Kennsla hefur gengið samkvæmt áætlun. Hver kennari kennir í kennslustofu, er með streymi á netinu og gerðar eru upptökur af kennslustundum sem fjarnemar geta nálgast þegar þeim hentar. Nokkuð flækjustig er á upptökumálum og fór töluverður tími í það á haustdögum að finna út úr því hvernig best væri að koma upptökum úr TEAMS kerfinu á framfæri við nemendur í gegnum Innu.

Skyldumæting allra nemenda er í lotuvikur og er skólinn þá mjög þéttsetinn, bæði kennslustofur og aðstaða til verklegrar kennslu, innanhúss sem utan. Kennarar hjálpast að við kennslu í verklegum æfingum í lotuvikum vegna þess hve stórir hóparnir geta verið og margir nemendur í hverjum áfanga. Þetta er töluvert þúsluspil.

Nokkrar mannabreytingar hafa orðið í starfsmannahópi Reykja á árinu. Blómaskreytingakennararnir Bryndís Eir Þorsteinsdóttir, námsbrautarstjóri blómaskreytingabrautar og Valgerður Jónsdís Guðjónsdóttir hættu störfum sumarið 2024. Ágústa Erlingsdóttir, námsbrautarstjóri skróðgarðyrkju, lét einnig af störfum á haustdögum 2024 og var Hörður Helgi Hreiðarsson, skróðgarðyrkjumaður, ráðinn í hennar stað. Einnig lét Ingólfur Guðnason af störfum sem námsbrautarstjóri garðyrkjuframleiðslu og tók Bryndís Björk Reynisdóttir við því starfi um áramót. Ingólfur er þó enn við kennslu í skólanum.

Sveinspróf í skróðgarðyrkju var haldið í október og þreyttu alls 9 nemendur prófið. Af þeim stóðust sjö nemendur prófið en tveir náðu ekki öllum prófhlutum og mega því spreyta sig á þeim prófhlutum næst þegar sveinspróf verður haldið í skróðgarðyrkju.

Í marsmánuði tóku garðyrkjubrautir þátt í viðburðinum Mín framtíð í Laugardalshöll en þar er iðnstarfsmenntanáms, sem og annað nám, kynnt fyrir grunnskólanemendum. Keppt var í skróðgarðyrkju og aðrar brautir skólans kynntar fyrir gestum og gangandi. Alls er talið að um 9.000 grunnskólanemendur í 9. og 10. bekk hafi heimsótt viðburðinn en auk þess var opið hús fyrir almenning á laugardegi og góð aðsókn þann dag líka. Fjöldi styrktaraðila gerði garðyrkjubrautunum kleift að kynna námið á viðburðinum með fjárframlögum og ýmsum vörum.

Á sumardaginn fyrsta var haldið opið hús í Garðyrkjuskólanum og mætti þar fjöldi gesta í blíðskaparveðri. Forseti Íslands, Halla Tómasdóttir, mætti og afhenti garðyrkjuverðlaun ársins. Enn fremur afhenti mennta- og barnamálaráðherra, Guðmundur Ingi Kristinsson verðlaun fyrir hönd Hveragerðisbæjar við sama tilefni. Nemendur höfðu veg og vanda af skipulagningu dagsins og gekk allt ljómandi vel.

Fjöldi hópa hefur heimsótt Reyki, bæði skólahópar og aðrir hópar og fengið leiðsögn um svæðið.

Garðyrkjuskólinn tekur þátt í Erasmus+ verkefni í samstarfi við Félag skróðgarðyrkjumeistara og DAG, félag skróðgarðyrkjumeistara í Danmörku um þýðingu og staðfæringu staðla og viðmiða fyrir skróðgarðyrkju úr dönsku yfir á íslensku. Guðríður Helgadóttir er verkefnisstjóri en auk hennar taka þeir Hörður Helgi Hreiðarsson og Þröstur Þórsson þátt í verkefninu fyrir hönd skólans. Þýðingu á danska staðlinum er nú lokið en það var verkhloti skólans. Íslenskir þátttakendur í verkefninu dvöldu um vikutíma í Danmörku í marsmánuði og fræddust þar um starfsemi danskra skróðgarðyrkjumeistara og hvernig staðlar eru notaðir við framkvæmdir í skróðgarðyrkju. Dönsku þátttakendurnir munu koma til Íslands í október haustið 2025 til að fræðast um hvernig hlutirnir

ganga fyrir sig á Íslandi. Afurð verkefnisins, íslenskur staðall í skróðgarðyrkju mun nýtast vel sem námsefni fyrir nemendur í skróðgarðyrkju.

Fjórir starfsmenn skólans fóru á skróðgarðyrkjusýninguna GALABAU í Nürnberg í Þýskalandi í september. Sýningin er gríðarstór og þar fór samtímis fram keppni í skróðgarðyrkju. Þau sem fóru til Þýskalands voru Ágústa Erlingsdóttir, Björgvin Örn Eggertsson, Guðríður Helgadóttir og Þröstur Þórsson.

Í lok vorannar fóru flestir starfsmenn Garðyrkjuskólans í vikulanga fræðslu- og menningarferð til eyjarinnar Madeira sem tilheyrir Portúgal. Hópurinn heimsótti garðyrkju- og landbúnaðarskólann Escola Agricola de Madeira og fræddist um starfsemi skólans. Farið var í heimsókn á bananaplantekru en þar er notað sama bananayrki og er í bananahúsinu á Reykjum. Heimsóttir voru forkunnarfagrir garðar á eyjunni, meðal annars grasagarðurinn í Funchal sem er viðfrægur fyrir tegundaauðgi og fegurð. Árleg blómasýning var að renna sitt skeið á enda þegar hópurinn kom til Madeira og nokkrum dögum síðar hófst gríðarstór sýning á fornbílum sem kætti ferðalangana. Farið var í gönguferðir meðfram kerfi áveitustokka sem er forsenda árangursríkrar ræktunar á eyjunni og í raun verkfræðilegt undur.

Endurmenntun græna geirans hefur staðið fyrir fjölda námskeiða í vetur og er það Björgvin Örn Eggertsson, námsbrautarstjóri skógar og náttúru sem stýrir endurmenntuninni. Námskeið hafa ýmist verið haldin á Reykjum eða annars staðar á landinu og er námskeiðahaldið mikilvægt til að vekja athygli á náminu við skólann. Jafnframt skiptir það miklu máli fyrir atvinnulíf garðyrkjunnar að hægt sé að sækja fagleg endurmenntunarnámskeið eins og þau sem hafa verið í boði á Reykjum.

Í tilraunahúsi garðyrkjunnar á Reykjum var farið í tilraunaverkefni um lýsingu í paprikuræktun í samstarfi við garðyrkjubændur, einkum og sér í lagi Samband garðyrkjubænda. Þeir Elías Óskarsson og Börkur Blöndal Hrafnkelsson höfðu veg og vanda af umhirðu plantna og framkvæmd tilraunarinnar fyrir hönd skólans en þeir unnu í nánú samstarfi við garðyrkjubændur og ræktunarráðunauta um verkefnið. Niðurstöður tilraunarinnar liggja nú fyrir og hafa garðyrkjubændur áhuga á áframhaldandi samstarfi næsta vetur.

Fyrirtækið Orf líftækni hefur verið með tvo ræktunarklefa á leigu í tilraunahúsinu en fyrirtækið missti gróðurhús sitt við Grindavík vegna eldsumbrota á svæðinu. Orf hefur ræktað erfðabreyttar byggplöntur í gróðurhúsinu og hefur sú ræktun gengið vel.

Framkvæmdir við skólabyggingar á vegum Ríkiseigna hafa gengið hægt en nokkuð örugglega í vetur. Nýir gluggar eru komnir í anddyri og verið er að vinna í klæðningu á anddyrinu. Farið var í bráðnauðsynlegar endurbætur á loftun í garðskálanum og jafnframt er svokallað Gurrýjarloft, rými efst í skálanum, tilbúið til notkunar. Stefnt er að frekari framkvæmdum í skólahúsinu í sumar. Enn fremur hefur skipulag garðskálans verið hannað og er nú verið að vinna að fjárhagsáætlun fyrir þá framkvæmd.

Loks má nefna að starfsmenn garðyrkjubrauta hafa verið með margvíslegar leiðbeiningar og upplýsingagjöf til samfélagsins í gegnum fjölmiðla og samfélagsmiðla um garðyrkjutengd málefni, garðyrkjunám og stöðu Garðyrkjuskólans.

Luku námi

Nemendafjöldi á garðyrkjubrautum      **Haust 2024**    **Vor 2025**    **Haust 2024**    **Vor 2025**

GS	Garð- og skógarplöntubraut	23	18	1	
LRM	Námsbraut um lifræna ræktun matjurta	22	22	1	
SN	Námsbraut skógar og náttúru	11	11		2
SGB	Skrúðgarðyrkjubraut	42	31	2	
YB	Ylræktarbraut	19	14	1	
Alls		<b>117</b>	<b>96</b>	<b>5</b>	<b>2</b>

Starfsfólk á Reykjum      **Haustönn 2024**    **Vorönn 2025**    **Starfshlutfall %**

Fastráðnir kennarar	5	5	100
Stundakennarar	6	3	

Starfsfólk annað

Bókasafnsfræðingur	1	1	80
Deildarfulltrúi á kennsluskrifstofu	1	1	60
Umsjónarmaður fasteigna	1	1	100
Í gróðurhúsum og á útisvæði	3	3	100
Aðstoðarmaður	1	1	60

Námsmat í áföngum      **Haustönn 2024**      **Vorönn 2025**

Net-gagna-próf í INNU á prófstað	1	2
Rafræn heimapróf	1	3
Skrifleg próf	9	9
Verkefni	Í öllum áföngum	
Símat	Stutt netpróf yfir önnina	

Ritgerð	Í nokkrum áföngum	
Verkefnabók		Grunnteikning

### Yfirlit yfir námskeið á vegum Endurmenntunar Græna geirans veturinn 2024-2025

<b>Haust 2024</b>	<b>Dagsetning</b>	<b>Kennari</b>	<b>Fjöldi</b>
Trjáfellingar og grisjun Hallormsstað	18.-20.10.2024	Björgvin Örn Eggertsson	10
Trjáfellingar og grisjun Hallormsstað	22.-24.11.2024	Björgvin Örn Eggertsson	8
Trjáfellingar og grisjun Reykjum	31.10 og 6.- 7.11.2024	Björgvin Örn Eggertsson	8
Grænni skógar II Viðarfræði	27.28.9 2024	Ólafur Eggertsson	14
Grænni skógar II Trjásmælingar	25.-26.10. 2024	Ellert Maríusson	14
Grænni skógar II Skógarumhirða	15.-16.11. 2024	Hallur Björgvins, Páll Sigurðsson, Jón Þór Birgisson og Björgvin Örn	14
Uppbygging rótarburðalags	3.12.2024	Magnús Bjarklind	25
<b>Vor 2025</b>	<b>Dagsetning</b>	<b>Kennari</b>	<b>Fjöldi</b>
Trjáfellingar og grisjun Reykjum	21.-23. 1. 2025	Björgvin Örn Eggertsson	10
Húsgagnagerð úr skógarefniviði	8.3.2025	Bjarki Sigurðsson, Björgvin Örn Eggertsson, Ólafur Sæmundsen	10
Áhættumat trjáa	20.3.2025	Aaron Zachary Shearer	10
Skógarmenning - Grænni skógar II	21.-22. 3. 2025	Aðalsteinn Sigurgeirsson	14
Trjáa- og runnaklippingar	22.3.2025	Ágústa Erlingsdóttir	13
Ræktun í gróðurhúsum	22.3.2025	Ingólfur Guðnason	16
Ræktun í gróðurhúsum	5.4.2025	Ingólfur Guðnason	21
Fjölæringar	5.4.2025	Guðríður Helgadóttir	10
Áhættumat trjáa - Grænni skógar II	5.4.2025	Aaron Zachary Shearer	10

Forvarnir gegn gróðureldum - Grænni skógar II	10.4.2025	Hreinn Óskarsson, Dóra Hjálmarsdóttir, Halldór Ásgeirsson, BÖE	20
Trjáfellingar og grisjun Reykjum	5.- 7. maí 2025	Björgvin Örn Eggertsson	10
Torf og grjót	8.-9. maí 2025	Guðjón Kristinsson	10
Trjáfellingar og grisjun Hólum í Hjaltadal	16.-18. 5. 2025	Björgvin Örn Eggertsson	9
Flokkstjórar - Kópavogur	20.maí.25	Helle Laks	25
Flokkstjórar - Reykjanesbær	6.jún.25	Ágústa Erlingsdóttir, Guðríður Helgadóttir	
Flokkstjórar - Suðurnesjabær	11.jún.25	Guðríður Helgadóttir	

## Grunnmenntabré

Umsjón: Bjarney Sif Ægisdóttir

### **Inngangur**

Grunnmenntabré (GRB) hefur verið starfrækt, með því fyrirkomulagi sem hún byggir á í dag, í níu skólaár. Fyrstu tvö skólaárin var verkefnið þróað og fjármagnað með styrkveitingu frá Menntamálaráðuneytinu sem leið til þess að sporna við brotthvarfi. Þegar átaksverkefninu á vegum ráðuneytisins lauk ákvað skólinn að halda verkefninu áfram enda mikilvægt námstilboð fyrir nemendur skólans sem uppfylla ekki inntökuskilyrði á aðrar námsbrautir skólans, en eftir að styrkveitingunni lauk minnkaði stöðuhlutfall sem fór í umsjón, þróun og utanumhald með nemendum á brautinni.

Markmið grunnmenntabráar eru meðal annars að aðstoða nemendur við að byggja upp trú á eigin getu og seiglu í námi, auk þess að efla sjálfsmýnd og sjálfsskilning þeirra. Nemendur eru fræddir um mismunandi leiðir í menntakerfinu og aðstoðaðir við að marka sér stefnu í námi og starfi. Til þess að uppfylla þessi markmið voru þróaðir áfangarnir NÁSS1GA05 (haustönn) og NÁSS1GB05 (vorönn). Áfangarnir eru skylduáfangar á grunnmenntabré. Í þessum áföngum er áhersla lögð á kennslu í námstækni, sjálfstyrkingu og starfsfræðslu. Kennsla í þessum efnisþáttum fer fram í tveimur kennslustundum á viku og í tveimur kennslustundum fá nemendur aðstoð við heimanám og sérstakan stuðning í námi. Í heimanámsaðstoðinni eru tveir kennarar þar sem að minnsta kosti annar þeirra er umsjónaraðili grunnmenntabráar. Með þessu móti kynnist umsjónaraðili brautarinnar námsstíl nemenda og hefur góða yfirsýn á námsframvindu nemenda á brautinni.

### **Brautarstjórn og sérstaða brautar**

Verksvið umsjónaraðila grunnmenntabráar er að halda utan um brautina, eiga regluleg samskipti við nemendur, kennara og forráðamenn nemenda, þróa námsbrautina og meta árangur námsins. Einnig



fylgist umsjónaraðili reglulega með mætingu nemenda á brautinni. Stefnt er að því að hitta flesta nemendur í fylgd með forráðamönnum við upphaf náms (vorið áður eða um haustið) þar sem markmið og fyrirkomulag náms á grunnenntabré er kynnt, farið er yfir skólasóknarreglur, stöðu nemenda og mikilvægar persónulegar upplýsingar. Utanumhald með nemendum felur einnig í sér símtöl og viðtöl við forráðamenn og nemendur, teymisfundir og fleira, en reynslan sýnir að þörfin er mismikil milli nemenda.

Umsjónaraðili með grunnenntabré skólaárið 2024-25 var Bjarney Sif Ægisdóttir. Nýnemar á brautinni voru í sérstöku utanumhaldi í áföngunum NÁSS1GA05 (haust) og NÁSS1GB05 (vor). Vegna fjölda nemenda voru tveir námshópar í hvorum hóp á þessu skólaári. Bjarney sá um kennslu í öðrum NÁSS hópnum og Tómas Davíð Ibsen um kennslu í hinum hópnum. Með Bjarneyju kom Kristjana Sigríður inn í námsstuðningstímana og Ingunn kom inn í hópinn með Tómasi. Þess má geta að fleiri nemendur eru skráðir á grunnenntabré en þeir sem eru í NÁSS hópnum, en það eru í flestum tilfellum nemendur sem hafa áður verið í sérstöku utanumhaldi og lokið NÁSS áföngunum en uppfylla ekki inntökuskilyrði á aðrar brautir skólans.

#### **Námsframvinda nemenda haustönn 2024**

Haustið 2024 hófu 42 nemendur nám á grunnenntabré. Þetta er töluverð aukning frá því haustið 2023 þegar fjöldinn var 34 nemendur. Þessir nemendur voru langflestir eða öll nýnemar sem að höfðu ekki uppfyllt hæfniviðmið á aðrar brautir skólans. Þessir nemendur voru í tveimur NÁSS hópum og í sérstöku utanumhaldi þar. Nemendurnir 42 voru samtals skráðir í 1245 einingar og luku 1000 einingum, eða 80% þeirra eininga sem þau lögðu upp með í upphafi annar. Þessi námsárangur er heldur betri frá því haustið 2023 þegar að nemendur stóðust 75% þeirra eininga sem þau lögðu upp með í upphafi annar.

#### **Námsframvinda nemenda vorönn 2025**

Á vorönn 2025 voru 32 nemendur í sérstöku utanumhaldi á grunnenntabré í tveimur NÁSS hópum. Nemendurnir voru samtals skráðir í 967 einingar og við lok annar höfðu þeir staðist 828 einingar eða 86% þeirra eininga sem þau lögðu upp með.

Þessi námsárangur er í samræmi við námsárangurinn á haustönn og töluvert betri en vorönnina áður, en sú önn skar sig úr fyrri vorönnum með óvenju slakan námsárangur.

Það vekur athygli að nemendur í NÁSSáfanganum voru 10 nemendum færri á vorönn en haustönn. Skýringin á því er eftirfarandi: Tveir nemendur hættu á grunnenntabré og í NÁSS vegna þess að þeir fóru yfir á aðra námsbraut (iðnnámsbraut). Tveir nemendur hættu í skóla á milli anna. Fjórir nemendur hættu í skólanum á vorönn, ýmist vegna veikinda eða áhugaleysis. Þrjú nemendur héldu áfram í skólanum og á grunnenntabré en vildu ekki nýta sér aðstoðina í NÁSS áfanganum.

#### **Umræður og framtíðarsýn**

Nemendafjöldinn á grunnenntabré virðist kominn í nokkuð jafnvægi, yfirleitt í kringum 30-40 nemendur. Fyrir þann nemendafjölda er gott að hafa tvo námshópa og sitthvorn kennarann með utanumhald með sitthvorum hópnum eins og var á þessu skólaári. Nemendahópurinn á grunnenntabré var fjölbreyttur að venju. Flestir þeirra nemenda sem innritast á brautina eru með

einhverjar greiningar um námserfiðleika en þó ekki allir. Einhverjir nemendur sem innritast á brautina eiga sögu um að hafa misst töluvert úr grunnskóla, ýmist vegna veikinda, skólaforðunar eða annars. Nemendurnir eiga það sameiginlegt að hafa ekki uppfyllt hæfniviðmið grunnskólans í a.m.k. tveimur kjarnagreinum og þurfa að styrkja námshæfni sína til að geta uppfyllt inntökuskilyrði á aðrar brautir skólans.

Það er mikilvægt að haldið sé sérstaklega utan um nemendur á grunnmenntabré þar sem staða þessara nemenda er yfirleitt viðkvæm og fyrri reynsla úr skólakerfinu ekki alltaf jákvæð. Oft er um námserfiðleika að ræða sem að hafa haft áhrif á námsárangur, en einnig er stundum að baki fjölþættur vandi, skólaforðun, erfiðleikar með mætingar og ýmsir félags- og persónulegir erfiðleikar.

Þessi vetur var að mörgu leyti nokkuð hefðbundinn á grunnmenntabré, tveir hæfilega stórir náms hópar og tveir kennarar með sitthvorn hópinn. Eftir óvenjulegt síðasta skólaár, með lélegri námsárangri en vanalega þá var ánægjulegt að sjá námsárangur nemenda á grunnmenntabré þetta skólaár vera aftur líkt og áður, þar sem nemendur ná í kringum 80-85% þeirra eininga sem nemendur lögðu upp með. Þetta skólaár var sérstakt að því leitinu til að verkfall félagsmanna Kennarasambands Íslands stóð yfir í 5 vikur á haustönninni. Sem betur fer dróst það ekki enn frekar á langinn og því virðist áhrif almennt ekki hafa haft töluverð áhrif á námsárangur nemenda þótt eflaust hafi það haft áhrif á líðan og framvindu einhverra nemenda.

Undirrituð sem umsjónaraðili grunnmenntabráar hef yfirleitt lagt könnun fyrir nemdum í lok fyrsta námsárs á grunnmenntabré. Í ár lagði skólinn (stjórnendur/sviðsstjórar) fyrir könnun í gegnum Innu. Könnunin var opin í viku (7.-14. Maí) og svöruðu 23 af 38 nemendum könnuninni (60,5%). Spurningarnar voru opnar spurningar svo ekki eru tölulegar niðurstöður. Spurningarnar voru eftirvarandi: Hvað finnst þér um brautina? Flestir svöruðu því til að þeim þætti brautin fín / ágæt, en nokkrum fannst hún leiðinleg eða tilgangslaus, en það voru töluvert færri neikvæð svör. Næsta spurning var: Er eitthvað sem þér finnst vanta eða vera of mikið af? Hvers vegna? Flestir svöruðu þessari spurningu neitandi, þ.e. finnst brautin ágæt eins og hún er. En einum fannst náss áfanginn vera meira álag en aðstoð, annar vildi að námstæknin væri í boði í fleiri annir. Þriðja spurningin var: Hvernig fannst þér NÁSS áfanginn nýtast í náminu? Flestir töluðu um að hafa þótt tíminn góður og nýtast vel, en nokkrir töluðu um að hann hefði ekki nýst vel. Síðasta spurningin í þessari könnun var Annað? ( t.d. hvað er gott? Hvað má bæta?). Flestir höfðu engar tillögur til að bæta brautina. Vegna þessarar Innu könnunar ákvað undirrituð ekki að leggja fyrir hefðbundna könnun líkt og undanfarin ár, fyrr en á síðustu stundu en því varð svörunin ekki nægjanlega góð (aðeins 8 svör bárust) svo niðurstöðurnar ekki marktækar. Næsta skólaár verður gott að samræma þessar tvær kannanir og hafa könnun í Innu með fleiri spurningum sem undirrituð hefur notað áður í könnunum til þess að fá innsýn í upplifun nemenda af námi og stuðningi og þjónustu á grunnmenntabré og helst með tölulegum upplýsingum í bland við opnar spurningar.

Umsjónaraðili grunnmenntabráar hefur í gegnum tíðina haft áhyggjur af námsframvindu nemenda eftir að utanhaldi í NÁSS áfanganum líkur. Það væri gott ef hægt væri að fylgja nemendum betur eftir þegar þeir hafa lokið náminu á grunnmenntabré, en hingað til hefur lítill tími gefist til þess að huga markvisst að þessum nemendahóp. Þessir nemendur eiga þó að sjálfsgöðu að þekkja orðið þjónustu skólans og geta leitað sjálfir til náms- og starfsráðgjafa eftir aðstoð. Þá er mjög jákvætt

framfaraskref að í vetur var opnað námsver þar sem nemendur geta fengið aðstoð við heimanámið eftir að NÁSS áfanganum og utanumhaldi og grunnmenntabréu lýkur.

Það er mikilvægt að áfram sé markvisst unnið að því að halda sérstaklega utan um þann nemendahóp sem að innritast á grunnmenntabréu. Ástæður þess hvers vegna nemendur ná ekki hæfniskröfum grunnskólans í kjarnafögum og geta þar af leiðandi ekki innritast inn á aðrar námsbrautir skólans eru jafn margar og nemendurnir eru margir. Hver nemandi hefur sína sögu. Flestir nemendur eru með einhverjar greiningar um námserfiðleika, en það er þó ekki í öllum tilfellum. Það er mikilvægt að hafa það í huga að það er einhver ástæða fyrir því að nemandinn náði ekki markmiðum grunnskólans og því er mikilvægt að viðkomandi fái auka aðstoð fyrst um sinn í framhaldsskólanum til þess að aðstoða nemendur við að ná markmiðum sínum. Það er mismunandi hvaða leið nemendur velja að loknu námi á grunnmenntabréu, en markmiðið á þessu fyrsta ári er að efla námshæfni nemanda, aðstoða þau við að byggja upp trú á eigin getu og seiglu í námi, auk þess að efla sjálfsmynd og sjálfsskilning og stuðla um leið að ígrundaðra náms- og starfsvali í framtíðinni.

Nemendahópurinn sem hefur nám á grunnmenntabréu að loknum grunnskóla er almennt viðkvæmur nemendahópur sem þarfnast mikið utanumhald og stuðning. Mikilvægt er að NÁSS kennslustundirnar fái að vera á góðum stað innan skólans og af fenginni reynslu þá hentar salurinn ekki vel fyrir þennan nemendahóp, bæði vegna staðsetningar og umhverfi salarins, en það rými er bæði allt of stórt og heldur því ekki vel utan um hópinn, en einnig þyrftu að vera þar opnanlegir gluggar. Á þessu skólaári var NÁSS staðsett bæði í almennri kennslustofu í Odda og í lðu og henta báðar staðsetningar ágætlega

Það að starfsfólk grunnskólanna á svæðinu er farið að þekkja grunnmenntabréuna og hugmyndafræðina á bak við hana hjálpar til við að ná markmiðunum með brautinni, því nú er orðið algengara að nemendur velji grunnmenntabréu sem námsleið að loknum grunnskóla. Margir nemendur fara í viðtal ásamt forráðamönnum sínum fyrir tilstilli námsráðgjafa grunnskólans til umsjónaraðila grunnmenntabréuar undir lok grunnskólagöngu. Það fyrirkomulag hentar vel til þess að ræða t.d. staðsetningu nemandans í námi á framhaldsskólastigi, útskýra mun á grunnmenntabréu og öðrum námsbrautum, kynna námsbrautina, mynda tengsl, draga úr kvíða svo nokkur atriði séu nefnd. Þetta verður til þess að fleiri nemendur byrja á brautinni á haustin eftir að hafa valið hana sem námsleið að loknum grunnskóla, í stað þess að sækja um á annarri námsbraut, komast ekki inn og vera ósátt með að byrja á grunnmenntabréu. Með þessu eru nemendur því oftast sjálfir upplýstari um námstilboðið og hafa tekið ákvörðun um að hefja nám á brautinni.

Ég vil þakka þakka sérstaklega þeim kennurum sem að voru með okkur í heimanámstímum á námsbrautinn í vetur, þeim kennurum sem kennt hafa fornámsáfangana í kjarnagreinum ásamt kennurum sem kenna nýnemaáfangana, FÉLA, UMHV, ÍPRÓ, BRAG og öðrum kennurum sem hafa komið að námi nemenda á grunnmenntabréu fyrir gott samstarf í vetur.

## ÍSAN og umsjón með nemendum af erlendum uppruna

Umsjón: Sigbrúður Harðardóttir

### Kennarar og áfangar

	Haustönn 2024	Vorönn 2025
Nafn kennara	Áfangaheiti	Áfangaheiti
Sólveig Sigmarsdóttir	ÍSAN2ÍA05 ÍSAN2ÍB05 ÍSAN3MA05 ÍSAN3MB05 ÍSAN3MC05	ÍSAN2ÍA05 ÍSAN2ÍB05 ÍSAN3MA05 ÍSAN3MB05
Sigbrúður Harðardóttir	ÍSAN1GA05 ÍSAN1GB05 ÍSAN1AA 05 ÍSAN1BB05 ÍSAN2ÍA05 ÍSAN2ÍB05	ÍSAN1GA05 ÍSAN1GB05 ÍSAN1AA05 ÍSAN1BB05 ÍSAN2ÍA05 ÍSAN2ÍB05

### Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Það sem helst var nýtt á þessari önn, var að skipta þurfti nemendahópnum enn frekar. Sigbrúður kenndi áfangana á 1. þrepi, báðir kennarar kenndu alla áfangana á 2. þrepi saman og Sólveig kenndi áfangana á 3. þrepi. Þessi hugmynd um tveggja kennara teymi kom til á síðasta ári vegna mikillar fjölgunar í hópnum. Þetta krafðist mikillar samvinnu við undirbúning, skipulag kennslunnar og úrvinnslu. Kennarar sammála um það þetta hafi gefist vel og í samtölum við nemendur kom einnig í ljós að flestir eru sammála að þetta fyrirkomulag hafi verið gott.

Kennsla hefur verið samkvæmt kennsluáætlun. Allir færniþættir þjálfaðir á sem fjölbreyttastan hátt og hafa tungumálaleikir og tónlistarverkefni verið oftár á dagskrá en áður. Evrópski tungumálaramminn liggur til grundvallar kennsluáætlun og markmiðum áfanga.

Eins og á síðasta ári voru nokkuð margir nemendur í hópnum sem hafa talsverðan grunn úr íslenskum grunnskólum. Þeir hafa allir lært íslensku sem annað mál í grunnskóla og var metið svo að þeir ættu best heima í ÍSAN áföngum á 2. þrepi. Þeir fengu námsefni við hæfi og námsmat sömuleiðis.

**Námsmat. Símat/lokapróf.** Í öllum ÍSAN áföngum fer fram símat og talsvert af verkefnum liggur undir yfir önnina. Prófað er úr öllum námsþáttum rafrænt eða á pappír og allir nemendur taka munnlegt próf og halda munnlegar kynningar.

## Námskeið sem kennarar hafa sótt

Sólveig:

- Talking Partners (Samræðufélagar) 29.-30. janúar 2025 í Kópavogi (Miðstöð menntunar og skólaþjónustu).

Sigprúður:

- Talking Partners (Samræðufélagar) 29.-30. janúar 2025 í Kópavogi (Miðstöð menntunar og skólaþjónustu).
- Málþing á Ísafirði 2.-3. júní 2025. Íslenskukennsla og inngilding nemenda af erlendum uppruna í framhaldsskólanum

## Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Nýtt námsefni á haustönn og notað báðar annir á 1. þrepi:

- JÆJA 1 og JÆJA 2 (námsefni fyrir framhaldsskóla)
- Einmitt (nýtt námsefni fyrir nýkomna. Samið fyrir grunnskóla en hentar vel sem byrjendaefni)

Þar sem flestir nemendur á 1. þrepi komu beint inn í skólann án þess að hafa grunn úr íslenskum grunnskólum var gripið til námsefnis sem alla jafna er kennt í grunnskólum til að kenna grunnorðaforða. Að öðru leyti var námsefni svipað og verið hefur en í auknum mæli rafrænt.

Á 2. og 3. þrepi voru lesnar skáldsögur fyrir unglunga sem gefnar hafa verið út fyrir grunnskólanemendur með lestrarerfiðleika. Þetta efni hentaði mjög vel og sömuleiðis vinnubækur sem fylgja sumum bókunum.

## Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Vegna stöðugar fjölgunar nemenda, einkum á 2. og 3. þrepi leggjum við til að skoðað verði hvernig best megi mæta þörfum allra nemendanna og tekið til alvarlegrar skoðunar hvort ekki sé nauðsynlegt að kenna hverju þrepi fyrir sig og þá með tvo kennara. Nemendafjöldi á 1. þrepi er þó ekki svo mikill að tveggja kennara sé þörf að svo komnu máli.

## Kátir Dagar

Nefndin: Ásdís Björg Ingvarsdóttir, Eyrún Björg Magnúsdóttir og Jóhann Valdimarsson

Kátir dagar 2025 fóru fram 19. og 20. mars og voru þeir haldnir seinna á önninni en venjulega, meðal annars vegna verkfalls og seinkunar á upphafi annar. Þemadögunum var ætlað að bjóða upp á uppbrot frá hefðbundnu námi, stuðla að óformlegu námi og skapa fjölbreytt tækifæri til þátttöku. Markmiðið var að ná til sem flestra nemenda með fjölbreyttri dagskrá sem bæði starfsfólk skólans og utanaðkomandi aðilar komu að. Í ár var sérstök áhersla lögð á aukna nýtingu á húsnæði Hamars og stefnan er að auka þá nýtingu enn frekar á næsta ári.

## Undirbúningur og nefnd

Í nefndinni fyrir Káta daga 2025 voru Eyrún Björg Magnúsdóttir (Oddi), Ásdís Ingvarsdóttir (Iða) og Jóhann Valdimarsson (Hamar). Skemmtinefnd nemendaráðs skipaði nemendur til að vera tengiliðir við hvert hús. Engin viðbrögð bárust frá Garðyrkjuskólanum þrátt fyrir það um þátttöku.

## Þátttaka og nýbreytni

Þátttaka var góð, í samræmi við fyrri ár. Í ár var nýbreytni tekin upp með vinningspotti fyrir útfyllt vegabréf, sem skilaði sér í fleiri vel útfylltum vegabréfum og virkari þátttöku.

## Lykilatriði og dagskrá

Þemadagar fóru fram í öllum húsum FSu á Selfossi; Odda, Hamri og Iðu. Dagskrá fól í sér íþróttaviðburði, smiðjur, opnar stofur, fræðslu og skemmtun. Sérstök áhersla var lögð á að virkja alla nemendur með fjölbreyttum viðburðum. Flóafárssmiðja var virk alla dagana og Vetrarleikar FSu á reiðhöllinni.

## Tillögur og lærdómur fyrir framtíðina

- Mikilvægt er að halda vikulegum fundum með nemendaráði frá upphafi.
- Verkaskipting og ábyrgð þarf að liggja skýrt fyrir strax í upphafi skipulags.
- Hafa þarf samband við utanaðkomandi aðila og tryggja vinninga og styrki með að minnsta kosti fjögurra vikna fyrirvara.
- Góð og samræmd upplýsingamiðlun er lykilatriði – sérstaklega þegar breytingar verða á dagskrá.
- Halda áfram að þróa dagskrá í Hamri og nýta þau rými betur.

## Viðauki – Dagskrá Kátra daga 2025

Dagskrá þemadaganna var fjölbreytt og fór meðal annars fram í öllum húsum skólans. Hér er útdráttur úr helstu liðum dagskrár miðvikudags og meðfylgjandi er mynd af allri dagskrá:

- 8:15-9:30 – Hefðbundin kennsla til 9:30 (ekki dagskrárliður) (staður: FSu, aðgengi: nan)
- 09:30:00 – Vegabréf afhent í miðrymi Odda, Iðu og Hamri - Kátudagsnefnd (staður: Miðrymi, aðgengi: Öll)
- 9:30 - 13:20 – Íþróttakeppni Iðu (staður: Iða, aðgengi: Skráning)
- 9:30 - 12:00 – Kósístofa - spil, leikir, (staður: 316, aðgengi: Opið)
- 9:30-15:30 – Flóafárssmiðja Trédeild - Skráning hjá liðsstjóra (staður: Hamar, aðgengi: Skráning)
- 9:30 - 12:00 – Mosakaffi (staður: 309, aðgengi: Opið)
- 10:00 - 16:00 – Vetrarleikar FSu - hestabraut. Opið öllum - skráning hjá kennurum (staður: Reiðhöll, aðgengi: Skráning)
- 10:00 - 12:00 – Kynningar í Hamri / Umhverfisnefnd (staður: Hamar, aðgengi: Opið)



nemendur taki lokapróf, þá eru sum þessara prófa svokölluð skrap próf, þar sem nemandi hefur tækifæri til að taka upp próf eða verkefni sem hann hefur misst af á önninni vegna ýmissa ástæðna. Á haustönn 2024 voru 13 áfangar með próf í próftöflu. Einnig fóru fram munnleg próf í tungumálum. Þær umsóknir um sérúrræði í prófi sem voru samþykktar sneru að því að nemendur óskuðu eftir því að taka próf í fámenni, fá hljóðpróf, fá að taka próf í tölvu, fá stærra letur eða sérstakan lit á prófblöð. Kerfisstjóri hefur umsjón með prófum í tölvu og upptökum á lokaprófum en einnig aðstoðar bókasafnsfræðingur kennara við upptök. Að þessu sinni voru stofur 207 og 208 notaðar fyrir sérúrræði í prófum.

### **Vorannarpróf 2025:**

Aðstoðarskólameistari sendi kennurum drög að próftöflu vorannar þann 19. febrúar 2025. Endanleg útgáfa var svo birt á heimasíðu skólans þann 21. febrúar. Próftíminn var föstudaginn 16. maí og mánudaginn 19. maí. Sjúkraprófsdagur var miðvikudaginn 20. maí. Náms- og starfsráðgjafar sendu nemendum í apríl upplýsingar um umsóknir um sérúrræði s.s. að taka próf í fámenni og/eða fá hljóðpróf, taka próf í tölvu, o.fl. Umsóknarfrestur nemenda til að sækja um sérúrræði í prófi var auglýstur í apríl og rann út 2. maí.

Yfirsetutafla var send kennurum miðvikudaginn 14. maí. 17 áfangar voru skráðir með lokapróf í próftöflu, auk þess munnlegt próf í tungumálum.

### **Próftafla í dagskóla 2025 vor**

	16. maí föstud.	17. - 18. maí lau.-sun	19. maí mánud.	20. maí þriðjud.
kl. 8:30	STÆR1AA05		STÆR2AR05	Sjúkrapróf
	STÆR1BB05		STÆR2AF05	
	STÆR1AJ05		STÆR2HV05	
	STÆR2RU05		STÆR2VF05	
	STÆR2TL05		STÆR3HD05	
	STÆR3TL05			
	STÆR3FD05			
	STÆR3TD05			
	Munnleg próf í tungumálum			
kl. 11:30	LÍOL2SS05		TNTÆ2GB05	
			ÍPRF3LL05	
			RATM2GB05	
	Munnleg próf í tungumálum			
<b>Munnleg próf í tungumálum fara fram fös. 16. maí. Nánar auglýst af viðkomandi kennurum.</b>				
<b>Sjúkrapróf</b> verða þriðjudaginn 20. maí kl. 08:30. Krafist er læknisvottorða vegna veikinda í prófum.				
<b>Prófsýning</b> fer fram miðvikudaginn 21. maí.				
<b>Brautskráning</b> fer fram miðvikudaginn 28. maí kl. 14:00				



### **Sérnámsbraut**

Sviðsstjóri: Jónína Ósk Ingólfssdóttir

Skólaárið 2024- 2025 var starfsár númer 33 hjá sérnámsbrautinni í FSu. Í upphafi haustannar voru 73 nemendur skráðir á brautina, þar af 21 nýnemi. Einn nemandi útskrifaðist um jólin, tveir nemendur



færðust yfir á aðrar brautir skólans og tveir nemendur voru skráðir úr námi. Það voru því 68 nemendur á brautinni í lok vorannar.

Jónína Ósk Ingólfssdóttir starfaði sem sviðsstjóri brautarinnar en vegna fjölgunar nemenda á brautinni voru ráðnir inn þrír nýir sérkennarar. Við brautina störfuðu því þetta skólaár 10 sérkennarar, tveir þroskaþjálfar og einn leiðbeinandi sem einnig starfaði sem stuðningsfulltrúi. Stuðningsfulltrúar á brautinni voru 5 í 60-100% stöðum.

### Kennarar og áfangar á sérnámsbraut skólaárið 2024- 2025

Kennarar af sérnámsbraut

Nafn kennara	Haustönn 2024	Vorönn 2025	Nafn kennara	Haustönn 2024	Vorönn 2025
Berglind Bergsveinsdóttir þroskaþjálfari	ÍSLE1XT05 STÆR1XV04 LÍFS1XV04	FÉLA1XC04 LÍFS1XV10 LÍFS1XV04 LÍFS1XV06	Ingibjörg Markúsdóttir	BRAG1XA01 ÍPRÓ1XS05 ÍPRÓ1XH05	ÍPRÓ1XH05 ÍPRÓ1SX04 STAS1XA02
Eva Dögg Jafetsdóttir	ENSK1SX05 ENSK1XA05 ENSK1XB05 KYNJ2GR04* FÉLA1XC04 FÉLA1SA05*	ENSK1SX04 ENSK1XC04 UMHV1SU05* KYNJ2GR04*	Linda Rut Larsen	ÍSLE1SX05 ÍSLE1XA05 ÍSLE1XC05 KVIK1SX02 STÆR1XA04	ÍSLE1SX05 ÍSLE1XB05 ÍSLE1XD05 KVIK1SX02 STÆR1SX05 STÆR 1XB05 STÆR1XC05
Guðmundur Björgvin Gylfason	FÉLA1SA05* FÉLA1XC04 STÆR1SX05 STÆR1SX05 STÆR1XA05 BRAG1XA01	LÍFS1XA04 STÆR1SX05 STÆR1XB05 STÆR1XC05 STÆR1XE05 UMHV1SU05* ÖKUN1SA02	Ragnhildur Þorsteinsdóttir	ENSK1XA05 ENSK1XB05 ÍSLE1SX05 ÍSLE1XA05 ÍSLE1XC05 STÆR1SX05	ENSK1SX05 ENSK1XC05 LÍFS1XA04 STÆR1SX05 STÆR1XB05 STÆR1XC05

Hafdís Guðrún Garðarsdóttir	ÁLFA1XB02	LÍFS1XA04	Sigrún Þorkelsdóttir	ÍSLE1XA05	ÍSLE1SX05
	BRAG1XA01	ÍSLE1SX05		ÍSLE1XC05	ÍSLE1XB05
	FÉLA1XC04	ÍSLE1XB05		SPIL1XA01	ÍSLE1XD05
	ÍSLE1SX05	ÍSLE1XD05		STÆR1SX05	STAS1XA02
	ÍSLE1XA05			STÆR1XA05	STÆR1SX05
	ÍSLE1XC05				STÆR1XB04 STÆR1XC04
Halldóra B. Guðmundsdóttir	ENSK1RX05*	ENSK1RX05*	Sigríður Sigfúsdóttir	BRAG1XA01	LÍFS1XA04
	ENSK1SX05	ENSK1SX04		FÉLA1XC05	SPIL1XA02
	ENSK1XA05	ENSK1XC04		STÆR1SX05	STÆR1SX05
	ENSK1XB05	LÍFS1XÁ02		STÆR1XA05	STÆR1XB05
	FÉLA1XC04	STAS1XA02		SPIL1XA01	STÆR1XC05
	FÉLA1SA05*	UMHV1SU05*			
Hrönn Erlingsdóttir Þroskabjálfi	FÉLA1XV02	FÉLA1XC04	Þórunn Sif Ólafsdóttir		ÍSLE1XB05
	ÍSLE1XT05	FÉLA1XD02			
	ÍPRÓ1XS05	LÍFS1XV04			
	ÍPRÓ1XH05	LÍFS1XV06			
	LÍFS1XV04	LÍFS1XV10			
	STÆR1XV04				
			Þorbjörg Lilja Jónsdóttir	ENSK1SX05	ENSK1SX05
				ENSK1XA05	ENSK1XC05
				ENSK1XB05	ÍSLE1SX05
				FÉLA1XC04	ÍSLE1XB05
				ÍSLE1XA05	ÍSLE1XD05
				ÍSLE1XC05	LÍFS1XA04

\*Áfangi utan brautar

### Kennarar af almennum brautum

Nafn kennara	Haustönn 2024	Vorönn 2025	Nafn kennara	Haustönn 2024	Vorönn 2025
Anna Kristín Valdimarsdóttir	MYNL1SX02 MYNL1SX05	MYNL1SX05	Johannes Amplatz	HEST1SX02	HEST1SX02
Ágústa Ragnarsdóttir	MYNL1SX05 MYNL1SX02	MYNL1SX05	Karl Sigtryggsson	ENSK1RX05	ENSK1RX05
Axel Benediktsson	SPIL1XB02 SPIL1XC02	SPIL1XB02 SPIL1XC02	Kristjana Hallgrímsdóttir	ÍSLE1RX05	ÍSLE1RX05
Ásdís Björg Ingvarsdóttir	ÍPRÓ1GX02	ÍPRÓ1PX02	Kristjana Hrund Bárðardóttir	ENSK1RX05	
Brynja Ingadóttir		ÞÝSK1XA04	Kristjana Sigríður Skúladóttir	STÆR1RX05	STÆR1RX05
Freyja Haraldsdóttir	REIM1SX02	REIM1SX02	Lárus Bragason	SAGA1SX02	SAGA1XT01 SKÁK1SX02
Guðbjörg Bergsveinsdóttir	FATN1SX05	FATN1SX05 LEÐU1SX02	Magnús Tryggvason	ÍPRÓ1GX02 MÁLM1SX02	MÁLM1SX02
Guðbjörg Grímsdóttir	GOÐI1SX02		Óskar Guðbjörn Jónsson		TRÉS1SX02
Guðfinna Gunnarsdóttir	LEIK1SX02	ENSK1RX05	Sabína Steinunn Halldórsdóttir	ÍPRÓ1PX02	ÍPRÓ1GX02 ÍPRÓ1PX02
Guðmundur Bjarnason		RAFM1SX02	Sigríður Guðmundsdóttir	SPÆN1XB02	
Guðmundur Garðar Sigfússon	ÍPRÓ1PX02	ÍPRÓ1BX02 ÍPRÓ1XE02	Stefán Hannesson	ÍSLE1RX05	ÍSLE1RX05
Gunnar Rafn Borgþórsson	ÍPRÓ1PX02		Sölvi Snær Jökulsson	STÆR1RX05	EÐLI1XB02 STÆR1RX02
Helga Sigurðardóttir	BAKA1SX02 MATR1SX02	BAKA1SX02 MATR1SX02	Þóra Valdís Hilmarsdóttir	HÁRG1SX02	HÁRGR1SX02

	MATR1SX05	SMÁR1SX02			
Hjalti Guðmundsson	TRÉS1SX02		Þuríður Ingvarsdóttir	NÝMI1XF02	FATN1SX02
Ingunn Helgadóttir	STÆR1RX05	STÆR1RX05			

### Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

ENSK1SX05 OG ENSK1XC05: Verið að þróa kennsluhætti með því að nýta tæknina. Notast var við textaritil með One Drive í gegnum Co-pilot í Office 365. Nemendur gátu hlaðið upp vinnubókum eftir í því hvaða efni þau vinna og deilt með kennurum sem auðveldar kennara að fylgjast með námsframvindu. Gervigreind var notuð til að skapa hugmyndir að ritunarverkefnum sem nemendur gátu valið á milli. Nemendur þjálfaðir í að nota *Track changes* til að sjá hvað þarf að laga og samþykkja eftir að hafa lesið tillögur frá kennara. Gervigreind var notuð til að skapa „prompt“ dæmi sem kennari sýndi nemendum til að undirbúa munnlega könnun. Nemendur gátu valið sér fræga manneskju og létu gervigreind (chat gbt) búa til vital líkt og væri um útvarpsviðtal eða podcast að ræða. Með þessum forsendum lærðu nemendur um viðkomandi ásamt því að setja sig í spor annarra. Einnig þjálfaði það leiðtogahæfni til að vera góður hópfélagi t.d. í æfingum sem þjálfuðu framburð. Kennari upplifði að nemendur hefðu grætt á því og að þau vildu fá fleiri slík verkefni. Kennari studdist meira við leiðsagnarmat þar sem nemendur deildu verkefnum sínum á meðan vinnan stóð yfir og kennari studdi og leiðbeindi með því að spyrja leiðbeinandi spurninga til að þau átti sig á hverju er ábótavant. Þannig áttu sumir auðveldara með að biðja um aðstoð við verkefnavinnuna.

Á skólaárinu hefur starf þroskaþjálfva verið í þróun. Því er ekki lokið og mun halda áfram næsta skólaár.

### Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum

Breyting varð á námsmati á skólaárinu að því leyti að hætt var við að hafa lokapróf í íslensku á prófdögum. Símat er námsmatsformið sem hér eftir verður notast við.

### Námskeið og fræðsla sem kennarar hafa sótt:

- **12.- 13. ágúst:** Hvernig á að kenna kynjafræði fyrir fjölbreyttan nemendahóp. Halldóra Björk sat námskeiðið.
- **19. September:** Námskeið í notkun á Boardmaker forriti, Öryggismiðstöðin. Berglind og Hrönn sóttu námskeiðið.
- **14.-19. október:** Science, technology, engineering, art & maths: Gaudi as metaphor of STEAM- Barcelona. Halldóra Björk og Eva sóttu námskeiðið.
- **23. október.** Tækni í lestri og ritun. Linda og Sigrún sóttu námskeiðið.
- **20. janúar:** Ráðstefna- fræðsludagur FÍS. Þorbjörg Lilja og Halldóra Björk sóttu ráðstefnuna.

- **29. Janúar:** Fræðsluerindi frá Sjónstöðinni. Berglind, Linda, Halldóra Björk, Eva, Sigrún sóttu erindið.
- **6 –7 febrúar:** Ráðsetefna Proskapjálfafélags Íslands, Berglind sótti ráðstefnuna.
- **Febrúar:** Mál og læsi- HÍ. Sigríður lauk námi.
- **11. mars:** Tjáskiptaforritið TD Snap. Hrönn sat námskeiðið.
- **13. mars:** Sjáfræði og Velferð, fyrirlestur á vegum ÞÍ. Berglind sótti fyrirlesturinn.
- **28.-29. mars:** Ráðstefna um menntun í raunvísindum. Halldóra Björk sótti ráðstefnuna.
- **14.-18. apríl:** Soft skills for strong teachers' course (Idevelop). Linda sótti námskeiðið.
- **19.-23. maí:** How to deal with burnout: for teaching and non-teaching staff course - Setubal: Agnetha, Eva Dögg, Guðmundur Björgvin, Hafdís, Halldóra Björk, Hrönn, Ingibjörg, Linda, Ragnhildur, Sigrún og Þorbjörg sóttu námskeiðið.
- **5.-6. júní:** Loftslag og loftsgæði á Íslandi: Félag raungreinakennara. Halldóra Björk sótti námskeiðið.
- **Skólaárið 2024-2025:** Kynferðisofbeldi og kynferðisleg hegðun barna og unglunga: Fyrir þau sem starfa með 16-18 ára unglungum. Allir starfsmenn skólans sóttu netnámskeið.
- **Ágúst 2024- maí 2025:** Viðbótardiplómunám í HÍ- Farsæld barna. Jónína Ósk var í þessu námi og fór í staðlotur tvisvar yfir skólaárið.

### Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Þar sem kennslan á sérnámsbrautinni er miðuð út frá getu hvers og eins er stöðugt verið að aðlaga, breyta og bæta og búa til námsefni. Sú vinna er alltaf í gangi.

EKKI var tekin í notkun ný kennslubók á skólaárinu en keypt var efni á *Teachers pay Teachers* sem notað var í stærðfræðikennslu. Eins keypti skólinn netaðgang að *Boardmaker*, en það er tjáskiptaforrit og myndrænn gagnagrunnur sem nýtist við gerð myndræns skipulags, boðskiptamynda o.fl.

### Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Starfsáætlun sérnámsbrautarinnar fyrir haustið 2025 er ennþá í vinnslu.

Fyrir liggja umsóknir frá 35 nemendum, 33 á fyrsta ár, 1 á annað ár og 1 á þriðja ár en vegna fjölda umsókna getum við ekki tekið við nemendum eldri en 18 ára. 9 nemendur útskrifuðust af sérnámsbrautinni og 3 nemendur hyggja á nám á almennum brautum. Út frá þeim tölum sem liggja fyrir má reikna með að 91 nemandi hefji nám á sérnámsbrautinni haustið 2025 sem er töluverð fjölgun frá fyrri árum. Ef allir skila sér í haust er fjölgun nemenda frá síðasta hausti 18 nemendur.

Ráða þarf starfsfólk sérkennara, þroskaþjálfara og stuðningsfulltrúa. Einn kennari er að fara í námsleyfi, einn kennari ákvað að snúa aftur til fyrri starfa og annar þroskaþjálfinn fer í launalaust leyfi. Fjórir stuðningsfulltrúar halda áfram störfum en einn fer í launalaust leyfi og því þarf að ráða einn nýjan.

Með auknum kröfum og fjölgun nemenda og flóknari þjónustuparfa þarf að huga vel að kennslurýmum okkar. Það er fjölgun á brautinni okkar en það á líka við um nemendur í almennu námi. Það er því ljóst að það þrengir mikið að kennslustofunum en ein leið til að bregðast við því er að stækka námshópana hjá okkur. Þar sem áður voru 4-5 nemendur verða 5-6 nemendur og í stærri hópnum verða 8.

Skólaárið 2025- 2026 verður nýtt í að rýna skipulag brautarinnar.

### **Annað**

Skólaárið var sérstakt þar sem kom til verkfalls félagsmanna KÍ á haustönninni. Það varð til þess að kennt var lengur inn í desember og vorönnin hófst seinna en skóladagatal sagði til um.

Síðustu ár hafa reglulega komið upp umræður um fjölda áfanga í hverjum hópi í stundatöflu kennara. Sviðsstjóri fór í vinnu við að skoða hvaða áhrif það hefði að einfalda kerfið og í kjölfarið tekin ákvörðun um að aðeins væri kenndur einn áfangi í hverju fagi á önn. Þetta kemur til með að einfalda alla töflugerð og þá þarf ekki að eyða út tómunum hópum í Innu.

Eins og áður var samstarf við stoðkerfi skólans mikið og áfram var unnið að því að móta það vinnulag sem við viljum vinna eftir. Þessari vinnu lýkur aldrei því við stöndum alltaf frammi fyrir alls kyns nýjum áskorunum sem þarf að bregðast við.

Eins og komið var inn á stefnir í töluverða fjölgun á brautinni næsta skólaár. Með nýjum nemendum lærum við alltaf eitthvað nýtt og tökumst á við nýjar áskoranir. Þannig heldur áfram vinnan við að rýna í og bæta það sem þarf.

Skólaárið gekk heilt yfir nokkuð vel. Ekki var mikið um breytingar á skipulagi brautarinnar en alltaf er verið að rýna í hvernig megi bæta starfið.

### **Sjálfsmat – skýrslu má finna á heimasíðu skólans.**

Sjálfsmatsnefnd: Guðfinna Gunnarsdóttir, Pelle Damby Carøe og Sigursveinn Sigurðsson

### **Sjúkraliðabraut**

Umsjón: Íris Þórðardóttir

### **Kennarar og áfangar**

	Haustönn 2024	Vorönn 2025
Íris Þórðardóttir	LÍOL2IL05	LÍOL2SS05
	HJÚK2HM05	SIÐF2SF05
	STAF3PJ27	HJÚK3FG05

	SJÚK2GH05	VINN3GH05
	VINN2SL08	HJÚK3LO05
	VINN3ÖH08	VINN2SL08
Sigrún Ina Ásbergdóttir	HJÚK2TV05	LYFJ2LS05

### Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Heimsóttum Guðbjörgu Arnardóttur, sóknarprest Selfossprestakalls, sem ræddi við okkur um faglega nánd í sorg og sorgarviðbrögðum.

Kennari gerði í fyrsta sinn rafrænar ferilbækur og sendi nemendur með þær í STAF3PJ27. Mikil vinna að fá allar upplýsingar og koma þessu á alla staða og á eftir að koma í ljós í haust, hvernig þetta vinnst. En þetta kallar á mikla vinnu og mikið samstarf.

Gerðum kynningarmyndband, kennari og bekkurinn um nám á sjúkraliðabraut

### Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum

Eitt lokapróf, ein áfangi með þrjú kaflapróf, einum lauk með ritgerð og málstofu. Tveir voru verklegir þar sem tengil á deild, ásamt kennara gáfu einkunn. Tveir voru símatsáfangar

### Námskeið sem kennarar hafa sótt

Íris: fagfundur hjúkrunarfélagsins, nokkur námskeið og kynningar á rafrænni ferilsbók

### Skólastarf í fangelsum - skýrslu má finna á heimasíðu skólans.

Kennslustjóri: Gylfi Þorkelsson

### Skýrsla alþjóðafulltrúa

Alþjóðafulltrúi: Eyrún Björg Magnúsdóttir

### Inngangur

Starfsárið 2024–2025 var einstaklega öflugt á sviði alþjóðasamskipta innan skólans. Fjöldi kennara og nemenda tók þátt í erasmus+ verkefnum og námskeiðum, auk þess sem nokkrir erlendir samstarfsskólar heimsóttu okkur. Verkefnin voru ólík að eðli og umfangi en öll leiddu til faglegs vaxtar og aukinnar meðvitundar um evrópska samvinnu.

### Ferðir á erasmus+ styrk

#### Október 2024

- **Námskeið í Barcelona:** Anna Kristín, Ágústa Ragnars, Eva Dögg, Guðbjörg B., Guðbjörg Grímsdóttir, Guðfinna Gunnarsdóttir, Halldóra Björk Guðmundsdóttir, Hekla Þöll Stefánsdóttir, Þuríður Magnúsína Björnsdóttir.

- **Ráðstefna í Þýskalandi:** Gísli Viðar Oddsson, Guðmundur Bjarnason, Jóhann Snorri Bjarnason, Jóhann Valdimarsson, Sigurður Ágúst Pétursson, Sigurþór Leifsson, Þór Stefánsson.
- **Nemendaferð til London:** Kristjana Hrund Bárðardóttir og 14 nemendur.

#### Janúar 2025

- **Nemendaferð til Svíþjóðar:** Guðríður Egilsdóttir, Þórir Erlingsson og 9 nemendur.

#### Febrúar 2025

- **Námskeið á Fuerte Ventura:** Soffía Sveinsdóttir.

#### Apríl 2025

- **Námskeið á Tenerife:** Borgþór Helgason, Elínborg Arna Árnadóttir, Eyrún B. Magnúsdóttir, Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir, Linda Rut Larsen.
- **Nemendaferð til Danmerkur:** Ida Lön, Kristjana Sigríður Skúladóttir og 16 nemendur.

#### Apríl/maí 2025

- **Námskeið í Barcelona:** Sigursveinn Már Sigurðsson.
- **Nemendaferð til Svíþjóðar:** Johannes Amplatz og 4 nemendur.

#### Maí 2025

- **Námskeið í Portúgal:** Agnetha Thomsen, Eva Dögg Jafetsdóttir, Guðmundur Björgvin Gylfason, Hafdís Garðarsdóttir, Halldóra Björk Guðmundsdóttir, Hrönn Erlingsdóttir, Ingibjörg Markúsdóttir, Linda Rut Larsen, Ragnhildur Þorsteinsdóttir, Sigrún Þorkelsdóttir, Þorbjörg Lilja Jónsdóttir.
- **Námskeið í Ítalíu:** Dagný Magnúsdóttir, Guðríður Egilsdóttir, Helga Sigurðardóttir.

#### Júní 2025

- **Námskeið í Ítalíu:** Bjarney Ægisdóttir, Agnes Snorradóttir, Halla Jónsdóttir, Ágústa Ragnarsdóttir, Anna K. Valdimarsdóttir, Guðbjörg Bergsveinsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir, Klara Guðbrandsdóttir, Guðbjörg Grímsdóttir, Kristjana Hallgrímsdóttir, Bertha Johansen.

#### Verknámsferðir og kynnisheimsóknir

- **Frá Garðyrkjuskólanum:** 4 kennarar fóru til Frankfurt 10. – 15. september 2024.
- **Málm- og rafdeild:** Ferð til Köln í páskafríinu. Gísli Viðar, Sigurþór og Jóhann V. í málm. Þór Stefáns, Jóhann B., Sigurður Á., Stefán Birnir og Guðmundur B. fóru til að kynna sér búnað og möguleika á frekari kaupum.



## Heimsóknir erlendra samstarfsskóla til okkar

- Íþróttakennaranemar frá Kanada, þýskir kennarar/stjórnendur og kynning á lýðskóla í Danmörku, ekki á vegum alþjóðafulltrúa.

### Október 2024:

- 2 kennarar og 15 nemendur frá Gail-S.-Halvorsen-Schule, Berlín.
- 3 kennarar frá Mittelschule Hart, Austurríki.
- 2 Kennarar frá Gymnasium An der Stenner, Þýskalandi.

### Febrúar 2025:

- Skipulögð heimsókn frá Nice, Frakklandi (upphaflega ætluð í nóvember en frestað vegna verkfalls). 10 kennarar og sérfræðingar frá menntasviði.

### Mars 2025:

- Heimsókn frá Reunion. 2 Kennarar og 5 nemendur. Mjög áhugasöm og fengu m.a. að fara með í jarðeðlisfræðiferð á eldfjallaslóðir.

### Apríl/Maí 2025:

Skipulögð heimsókn frá Sikiley. 2 kennarar og 5 nemendur. Allt kvk. Óskað var eftir nemendum frá FSu sem voru tilbúin að fara með þær í skoðunarferðir gegn greiðslu á kostnaði og gekk sú aðferð mjög vel. Einnig var í fyrsta skipti komið á samfélagsmiðlasamskiptum milli nemenda áður en þau komu. Ekki verið gert í svona einhliða samstarfi áður. Eigum margfalt heimboð á Sikiley, þriðja sinn sem við fáum heimsókn frá þessum skóla.

## Framtíðarsýn og tilhugsanir

- Rætt hefur verið við Gail-S.-Halvorsen-Schule um að senda nemendur í heimsókn til þeirra.
- Einnig er samtal við finnskan skóla, Omnia, sem er með áherslu á að afreksfólk í íþróttum geti stundað íþróttir samhliða framhaldssnámi. Sá skóli vill endilega búa til samtal og byggja upp vettvang fyrir nemenda- og kennaraferðir.
- Gott samstarf hefur myndast við fjölda skóla og eykur þetta bæði faglegt nám og menningarlega skilning fyrir þá sem koma að slíku samstarfi og samtali.

## Endurmat og áherslur í ljósi Erasmus+ stefnu

Við leggjum stöðugt mat á hvernig ferðir og þátttaka falla að Erasmus+ áætlun skólans. Samkvæmt henni stefnum við að stöðugri þróun í inngildingu, tengingu við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og 2030-agenduna. Áhersla er einnig lögð á að ferðir skili sér í mannauði skólans. Starfsfólk þurfti að færa rök fyrir tengingu sinna verkefna við þessi markmið.

Fleiri kennarar fóru á námskeið en í skuggakennslu, þrátt fyrir upphaflega áherslu á jafnvægi þar á milli. Reynslan sýnir að námskeið eru orðin þekkt form en skuggakennsla virðist krefjast meiri stuðnings og hvatningar. Á næsta starfsári verður lögð aukin áhersla á fjölbreyttari þátttöku í samræmi við markmið Erasmus+.

Við náðum lágmarksfjölda nemenda í ferðum, þó svigrúm væri fyrir fleiri. Fyrsta ferð næsta tímabils fer fram í júní með nemendum og fleiri eru í undirbúningi. Við erum einnig að vinna að nýju samstarfi við evrópskar stofnanir sem gætu tekið við nemendum í verknám í styttri tíma – vonir standa til að það gangi eftir á næsta ári.

Í bóknáminu náðum við að senda fleiri nemendur út en við þorðum að vona. Mikil ánægja var með ferðina í dönsku og tóku nemendur þátt í að færa rök fyrir umsókn um styrkinn vegna ferðarinnar þannig það var meiri lærdómur en bara tungumálalega og menningarlega séð. Við náðum ekki að senda neinn út í skuggakennslu. Við vorum búin að tala við skóla í Finnlandi um heimsókn til þeirra sem myndi svo jafnvel verða úr framtíðarsamstarf en vegna verkfalls þá urðum við að fresta því. Það er erfiðara að fara í skuggakennslu (job shadowing) þegar við erum í fríi því þá eru flestir skólar líka í fríi eða í námsmati í Evrópu. Það er ekki vel séð af stjórnendum að við förum á kennslutíma í slíkar ferðir.

Sem skóli á landsbyggðinni sóttum við um viðbótarfjármögnun vegna færri tækifæra í sumar ferðirnar (fewer opportunities), sem endurspeglar raunverulegar aðstæður okkar og aðgengi að verkefnum.

## Skýrsla jafnréttisfulltrúa

Jafnréttisfulltrúi: Eva Dögg Jafetsdóttir

Jafnréttisnefnd skólaárið 2024-2025 var skipuð Evu Dögg Jafetsdóttur, jafnréttisfulltrúa og formanni nefndarinnar, Agnesi Ósk Snorradóttur náms- og starfsráðgjafa og Eyrúnu Björgu Magnúsdóttur kennara.

Strax í upphafi varð nefndinni ljóst að verkefni og ábyrgð sem útlistuð eru á heimasíðu skólans þarfnast forgangsroðunar. Umræða var um aðkomu nemenda og mikilvægi þess að hafa rödd nemenda en það myndi þarfnast nánari skilgreiningu og útfærslu. Áttum fundi og samtöl með nemendaráði þess efnis. Jafnréttisnefndin sótti um í Fageflingarsjóð til að vinna að þessum málum. Niðurstöður má sjá á TEAMS-svæði skólans.

Fundur í byrjun og umræða um Regnbogavottun fyrir skólann. Hugmynd frá síðasta ári. Áttum nokkur samskipti við Samtökin '78 þess efnis en gekk illa að finna tíma. Rétt fyrir verkfall var fyrirhugaður fundur með starfsmanni Samtakanna '78 en svo voru starfsmannaskipti eftir verkfall og það féll upp fyrir.

Verkfall kennara skall á og stóð yfir 29. október til 20. desember

Vorönnin fór fljótt af stað og ákveðið að taka hinsegin vikuna með trompi. Sett var á laggirnar hugmyndapadlet fyrir starfsfólk, samskipti við nemendaráð og mötuneyti sem og forvarnarfulltrúa Árborgar. Nemendaráðið borgaði 50/50 á móti skólanum í fræðslu fyrir nemendur. Voru sjálf með

regnbogaköku í boði og efndu til regnbogadags í samræmi við sveitarfélagið. Skólinn lánaði sal skólans fyrir erindi á vegum sveitarfélagsins en mæting var dræm og hefði mátt auglýsa miklu betur.

Árborga er opinn fyrir frekari samstarfi við jafnréttisnefndina á næsta ári en þáði það ekki að þessu sinni þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir frá nefndinni. Fræðslan fyrir starfsfólk hefði mátt vera fjölmennari að mati jafnréttisnefndar og stjórnendur hefðu mátt leggja meiri áherslu á mikilvægi þess að mæta. Ljóst er að vikan kveikti á umræðum og við fögnum því.

Í febrúar áttu Eyrún og Eva samtal við Oliver Holz frá Belgíu sem var einn af þeim sem var í forsvari verkefnisins All inc! Erasmus verkefni sem lauk 2023. Sjá: [allinc.eu](http://allinc.eu). Verkefnið fólst í því að 16 skólar tóku þátt í að byggja upp hinsegin væna skóla. Fyrirhugað er annað sambærilegt verkefni vorið 2026 og það væri óskandi að FSu yrði frumkvöðull skóla á Íslandi til að taka þátt. Þá væri kjörið að gera úttekt á skólanum áður. Oliver kom með hugmyndir að skólum fyrir skuggakennslu en því miður gafst ekki tækifæri til þess á önninni. Það væri óskandi að í byrjun næsta skólaárs gæti jafnréttisnefndin skoðað það. Til að vera með í næsta All inc! Erasmus verkefnið þurfum við háskóla með í samstarf.

Í mars skipulagði nefndin og hvatti fólk til að mæta og taka þátt í stuttu myndbandi sem birt var á samfélagsmiðlum. Herferðin March forward. Markmið herferðarinnar er að benda á hið gríðarlega bakslag sem orðið hefur í jafnréttismálum undanfarin ár og skapa samtal og samstöðu um jafnrétti. Nemendur og starfsfólk hittist í anddyri skólans.

Í lok apríl vann nefndin tillögu um að innleiða kynjafræði sem skylduáfangi á öllum brautum sem skilað var til stjórnenda 8. maí undirritað af jafnréttisnefnd og EKKÓ nefnd skólans. Viðbrögð frá stjórnendum hafa ekki skilað sér.

Upp sú hugmynd að fá í gegn að sett verði á laggirnar jafnréttisnefnd nemenda með svipuðu sniði og umhverfisnefnd skólans. Sendur póstur á stjórnendur þess efnis og er málið í skoðun.

Í lok fundar 9. maí var blásið til hópmyndatöku undir yfirsíðni herferðarinnar #églofa sem Barnaheill stendur að. Keypt var grænt naglalakk og tekin hópmynd. Vitundarvakningin #églofa er ákall til fullorðinna í samfélaginu um að leggja sitt af mörkum til að útrýma kynferðisofbeldi gegn börnum á Íslandi.

Framtíðarsýn nefndar. Agnes og Eyrún verða ekki á næsta skólaári í nefndinni. Eva sótti um sem jafnréttisfulltrúi. Óska þarf eftir fólki í nefnd og skilyrði er áhugi og eldmóður fyrir jafnréttismálum. Agnes hefur þó áhuga að koma að regnbogavottun ef af verður. Jafnréttisnefnd nemenda þarf að skilgreina betur og stjórnendur þurfa að gefa skýrari svörun um ábyrgð og verkefni.

Ef skoðuð er heimasíða FSu þá er Jafnréttisnefndin með undirsíðu þar sem tilgreind eru ábyrgð og hlutverk. Hér að neðan eru þau útlistuð nánar og hvernig til tókst með hvert þeirra.

**Verkefni nefndar-sameiginleg ábyrgð samkvæmt heimasíðu skólans og hvernig til tókst að framfylgja þeim á skólaárinu 2024/2025.**

**Endurskoða jafnréttisstefnu skólans. Hafa eftirlit með að farið sé að lögum og reglum í jafnréttismálum og að jafnréttisáætlun sé fylgt eftir meðal annars með því að safna og birta reglulega upplýsingar um stöðu jafnréttismála í skólanum.**

Upplýsingar birtar í byrjun haustannar varðandi mikilvægi regnbogalyklabanda og þess að taka tillit til fornafna og nafnabreytinga svo eitthvað sé nefnt. Ýmislegt birt í tengslum við hinsegin viku. Agnes hefur verið dugleg að setja í story hjá námsráðgjöfum upplýsingar um hinsegin málefni. Gerðum þarfagreiningu bæði hjá starfsfólki og fengum nemendur í kynjafræði til að rýna í og koma með hugmyndir.

**Gera aðgerðaáætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna þar sem það á við.**

Ekki verið gerð sérstök aðgerðaráætlun en í atvinnuauklýsingum skólans er fólk af öllum kynjum hvött til að sækja um. Jafnréttisfulltrúi hefur nokkrum sinnum gert athugasemdir við nemendaráðið og íþróttaráð til að breyta auglýsingum um viðburði ef notað eru kynjuð orð út frá kynjatvíhyggjuni eingöngu og hafa þau tekið vel í og breytt til að aðlaga að öllum.

**Fylgjast með framgangi jafnréttisverkefna innan skólans.**

**Fylgjast með þróun jafnréttisumræðunnar.**

Höfum gripið inn í umræðuna og miðlað fróðleik um jafnréttismál. Hvatt til þátttöku í jafnréttisherferðum á borð við #marchforward og #églofa. Sett upp hugmynda padlet fyrir hinsegin viku og komum með hugmyndir þar fyrir starfsfólk til að nýta bæði í hinsegin viku sem og almennt.

**Standa að fræðslu um jafnréttismál fyrir stjórnendur og annað starfsfólk.**

**Halda uppi umræðu og fræðslu um jafnréttismál og koma á framfæri hugmyndum sem stuðla að auknu jafnrétti.**

Fræðsla frá Uglu Stefaníu fyrir starfsfólk í hinsegin viku. Mæting var ágæt og hefði getað verið betri. Hefðum verið til í að vera með meiri fræðslu á fundum en kennaraverkfallið setti strik í reikninginn. Hinsegin vikan var viðamikil. Sjá frétt af heimasíðu skólans: [HVAÐ ER HINSEGINLEIKI? | Fjölbrotaskóli Suðurlands](#) Sendum tillögu til stjórnenda til að auka jafnréttisnæmni nemenda með innleiðingu kynjafræði áfanga á allar brautir í kjarna. Jafnréttisfulltrúi setti á laggirnar Facebook hóp jafnréttisfulltrúa og jafnréttis teymi framhaldsskólum sem ber yfirskriftina Jafnréttisteymi í framhaldsskólum 24/25. Þar hefur verið hægt að velta upp hugmyndum og deila. Hvöttum stjórnendur að koma á laggirnar Instagram síðu skólans og hefur tekist vel til að deila efni þar inn á.

**Hafa eftirlit með því að jafnréttisstefnu/áætlun skólans sé framfylgt.**

**Hafa eftirlit með því að jafnréttislögum sé framfylgt.**

Grípum inn í umræðuna þegar tækifæri gafst til og vorum virkar og sýnilegar. Nemendur hafa leitað til jafnréttisfulltrúa.

**Sækja jafnréttisþing.**

Verkfallið setti strik í reikninginn. Höfum þó myndað tengsl við Oliver í Belgíu sem var í forsvari All inc! Erasmus verkefni sem lauk 2023 og forvitnilegt væri að skoða skuggakennslu í einhverjum af þeim skólum sem hann mælti með á næsta skólaári.

**Hafa umsjón með því að töluleg markmið séu sett, þeim sé fylgt eftir og þau mæld.**

Ekki gafst tími í þetta verkefni. Mögulega er þetta verkefni ofaukið fyrir jafnréttisnefndina og þarfnast endurskoðunar.

**Skipuleggja samþættingarverkefni sem hafa það að leiðarljósi að jafnréttishugsjónin nái inn í stjórnun og ákvarðanatöku.**

Hinsegin vikan. Þadlet hugmynda borð fyrir starfsfólk. Hugmyndir að regnbogavottun framhaldsskóla. Samtal við aðila í All inc verkefninu.

**Fylgja eftir kvörtunum og kærumálum sem varða jafnréttismál skólans og koma þeim í réttan farveg.**

Aukin sýnileiki jafnréttisnefndar hefur stuðlað að því að opna samskiptaleiðir fyrir nemendur og starfsfólk til að leita til nefndarinnar ef upp koma mál sem varðar mismunun eða/og kvartanir. Það er mjög jákvætt.

**Gera matsskýrslu eða samantekt um framgang jafnréttismála.**

Unnið af jafnréttisfulltrúa.

## Skýrsla félagslífs- og forvarnarfulltrúa

Félagslífs- og forvarnarfulltrúar: Tómas Davíð Ibsen og Ingunn Helgadóttir

**Stjórn NFSu 2024 – 2025 var skipuð:**

<b>Miðstjórn</b>
Markaðs- og kynningarfulltrúi: Guðjón Óli Ósvaldsson
Formaður rit- og málfundafélags: Heimir Árni Erlendsson
Formaður skemmtinefndar: Sigurður Ernir Eiðsson
Formaður íþróttaráðs: Dagur Rafn Gíslason
Formaður nýnema: Ásgeir Örn Sverrisson
Samskiptafulltrúi: Daníel Smári Björnsson
Formaður Sælunnar: Skarphéðinn Steinn Sveinsson
<b>Aðalstjórn</b>
Formaður: Dýrleif Nanna Guðmundsdóttir

Varaformaður: Hanna Dóra Höskuldsdóttir
Gjaldkeri: Kári Leó Kristjánsson

## **Viðburðir á vorönn:**

### **Árshátíð/böll**

Þann 19. september var fyrsta ballið af þremur haldið í Hvíta húsinu á Selfossi. Þetta var svokallað nýnemaball. Ballið var einstaklega vel heppnað og fór vel fram eins og aðrir viðburðir nemendafélagsins á skólaárinu. Ákveðið var að fá Björgunarsveit Árborgar til að sjá um gæslu og þar sem það reyndist virkilega vel árið áður. Allir einstaklingar í gæslunni eru yfir 25 ára og leysa verkefnið af fagmennsku. Útisvæðin voru einnig með tvöfaldri girðingu sem einfaldar alla gæslu til muna.

Árshátíð nemenda var einnig haldin í Hvíta húsinu þann 12. febrúar og ball var haldið í framhaldi af borðhaldinu. Þátttaka var mjög góð bæði á ball og í borðhaldi og allir skemmtu sér konunglega. Notast var við sömu gæslu og á nýnemaballinu og gekk samstarfið vel. Útisvæðið var með sama hætti og á nýnemaballinu.

Lokaball nemendafélagsins var haldið 7. maí í Hvíta húsinu þar sem nemendur skemmtu sér vel þar sem Stuðlabandið stjórnaði stuðinu. Ballið fór vel fram að mestu og stóð það frá 22:00 – 01:00. Spurningar sem komu fram eftir ballið er vörðuðu tímasetningu þess þar sem þetta var heldur seint og seldist ekki jafn vel þar sem margir nemendur voru á leiðinni í próf daginn eftir og margir að skila stórum verkefnum þá dagana. Einnig báðu kennarar um að ball yrði ekki aftur haldið á þessum tíma þar sem mæting daginn eftir var slök.

Á öllum böllum var nemendafélagið með edrúpott og var þátttaka í honum góð.

### **Kvöldvökur**

Tvær kvöldvökur voru haldnar á skólaárinu, ein á haustönn og önnur á vorönn. Fyrir áramót var nýnemakvöldvaka í sal skólans sem vel var mætt á og nemendur fóru kátir og glaðir heim. Super Bowl kvöldvaka var svo haldin 9. febrúar í Pakkhúsinu á Selfossi.

Almenn ánægja var með þessar kvöldvökur en mætingin á þær var allt að 100 manns. Þessar kvöldvökur náðu til ákveðin hóps nemenda sem tekur ekki endilega þátt í öðrum viðburðum.

### **Miðvikudagsgöt**

Miðvikudagsgötin voru í höndum formanns íþróttaráðs, Dags Rafns Gíslasonar. Hann skipulagði fjölbreytta viðburði sem voru ekki kostnaðarsamir.

### **Gettu betur**

Gettu betur lið FSu starfaði undir leiðsögn Stefáns Hannessonar líkt og síðastliðin skólaár. Stefán hafði sér til halds og trausts gamals reyndan þjálfara Hannes Stefánsson sem gegndi hlutverki Stefáns í fjöldamörg ár. Gettu betur lið skólans var skipað Heimi Árna Erlendssyni, Hrafnhildur Svava

Hemmett Sigurðardóttir og Valgeiri Gestir Eysteinsyni. Liðið stóð sig vel þrátt fyrir að hafa ekki náð í sjónvarpssal að þessu sinni.

### **Íþróttavika**

Í september var haldin íþróttavika þar sem nemendafélagið fjárfesti í borðtennisborði og haldið borðtennismót við mikinn fögnuð. Borðtennisborðið hefur verið mikið nýtt og vakið mikla lukku meðal nemenda skólans. Núna eru borðtennisborð bæði í Hamri og Odda. Einnig var kynning á blaki í lðu og pílukasti í Tíbrá. Var þessi vika haldin að tilefni íþróttaviku Evrópu. Mikil kátína var með þessa viðburði og verður gaman að sjá hvað næsta íþróttavika bíður upp á.

### **Góðgerðavikan**

Góðgerðavikan var haldin í október og var einstaklega vel heppnuð að vanda. Nemendur og kennarar tóku virkan þátt og gengust við ýmiskonar áskorunum. Frábær stemning var í skólanum þessa viku og viljum við þakka samkennurum okkar sem hjálpuðu okkur að gera þessa viku svona skemmtilega. Að þessu sinni náðist að safna 360.000 kr. til styrktar Pieta samtökunum. Fyrirkomulag góðgerðavikunnar var með sama hætti í ár og í fyrra þar sem nemendafélagið setti upp áskoranir að tillögu nemenda þar sem áskoranir virkjuðust þegar heildar upphæð hafði náð ákveðnu marki. Mikilvægt er að vera með lítið bil á milli áskorana og upphæða.

### **Söngkeppni**

Söngkeppni NFSu var haldin í lðu 7. nóvember þar sem nemendafélagið lagði mikið á sig og tókst hún vel til. Þar stigu á svið margir nemendur okkar sem sýndu fram á fjölbæfa hæfileika þar sem Ronja Lena Hafsteinsdóttir fór með sigur af hólmi og keppti fyrir hönd skólans í Söngkeppni framhaldsskólanna í apríl. Söngkeppnin var haldin í upphafi verkfalls kennara og lyftu nemendur grettistaki til þess að hún gæti farið fram.

### **Flóafár**

Flóafár var með sama sniði og áður og í ár voru fimm lið sem tóku þátt. Í Flóafársnefnd voru kennararnir, Anna Kristín Valdimarsdóttir, Halldóra Björk Guðmundsdóttir og Kristjana Sigríður Skúladóttir og með þeim var íþróttaráð NFSu.

Sjá skýrslu frá Flóafársnefnd

### **Kátir dagar**

Í Kátudaganefnd voru Eyrún Björg Magnúsdóttir, Bjarney Sif Ægisdóttir og Ásdís Björg Ingvarsdóttir ásamt skemmtinefnd NFSu. Kátudagarnir voru með sama sniði og síðastliðin ár. Dagskráin var fjölbreytt og metnaðarfull.

Sjá skýrslu Kátudaganefndar.

### **Forvarnir**

Forvarnarfulltrúar sóttu einstaka fundi með forvarnarteymi Árborgar í Tíbrá en á þá mættu helstu aðilar sem koma að velferð barna og unglunga í sveitarfélaginu.

## Lokaorð

Það hefur verið einstaklega ánægjulegt að vinna með fráfarandi nemendaráði í vetur og eiga þau hrós skilið fyrir virkilega vel unnin störf og vilja þeirra til að virkja sem flesta nemendur í félagslífi skólans. Starfið er fjölbreytt og krefjandi og er mjög gefandi að fá að starfa með nemendum utan kennslu. Verkfallið setti strik í reikninginn í starfi nemendafélagsins og náði það sér ekki almennilega á strik fyrr en í febrúar af þeim sökum.

Við erum þakklát fyrir að hafa fengið það tækifæri til þess að vinna með þessum frábæru krökkum og sjá þau stíga upp og taka ábyrgð og í gegnum það blómstra sem einstaklingar.

## Tölvuþjónusta

Aðstoðarkerfisstjóri: Magnús Stephensen Magnússon

### Yfirlit:

#### Tölvuþjónusta

#### Aðstaða tölvuþjónustu

#### Heimasíða FSu

#### Fartölvur og vagnar

#### Viðhald fartölva

#### Fartölvukaup á árinu

#### Borðtölvur

#### Varabirgðir

#### Skjávarpar og önnur tæki

#### Námskeið og kynningar

#### Annað, ábending um stofu 306

#### *Fylgiskjal 1: Yfirlit yfir fartölvur í FSu*

#### *Fylgiskjal 2: Yfirlit yfir borðtölvur í FSu*

#### Tölvuþjónusta

Viðtalstímar tölvuþjónustu hafa verið 5 sinnum í viku, 55 mínútur hver tími í stofu 306B. Auk þess hefur fólk geta komið við í Fablab stofunni út í Hamri. Þessir tímar eru aðallega hugsaðir fyrir nemendur og kennara. Kennarar koma einnig í þessa viðtalstíma en þeir geta leitað til tölvuþjónustunnar þegar þeir þurfa á því að halda eða eftir samkomulagi. Reynt er að hafa einn þjónustutíma í hverjum stökk þannig að allir nemendur ættu að hafa lausan tíma en stundum rekst það á við kennslu kerfisstjóra.



Nemendur leita til tölvuþjónustu til að fá úrlausn á vandamálum tengdum netsambandi og vírusvörn. Einnig eftir ráðgjöf og aðstoð með bilaðar tölvur og lykilorð í Innu og Office 365.

Helstu vandamál sem komu upp síðasta starfsár var að nemendur sem misstu aðgang sinn að Menntaskýinu, oft án sérstakrar ástæðu, sérstaklega Mac notendur en það var ekki eins áberandi þetta árið, vandamálin voru helst tveggja þátta innskráning að heiman.

### **Aðstaða tölvuþjónustu**

Tölvuþjónustan hefur undanfarin ár verið með aðstöðu í stofu 306B, þar sem er vinnuaðstaða fyrir aðstoðarkerfisstjóra. Vinna aðstoðarkerfisstjóra við uppsetningar og viðgerðir á borðtölvum og prenturum fara að mestu fram á þeim stað.

Stofa 306 hefur verið tekin í þau verkefni eftir að kennslu lýkur.

Í stofunni er prentari fyrir hæðina og þar eru geymdur fartölvuvagn fyrir starfsbrautina sem kennarar nýta í tímum.

### **Heimasíða FSu**

Tæknileg umsýsla heimasíðu FSu er í höndum Magnúsar St. Magnússonar en fréttaritstjóri er Jón Özur Snorrason. Vefsíðan er hýst hjá Stefnu og er notað Moya vefsíðukerfi. FSu er einnig með Facebook síðu og Youtube síðu sem hægt er að nálgast af heimasíðu FSu. Það mætti finna sérstakan aðila til að sinna Facebook síðunni þar sem þar koma oft upp fyrirspurnir sem væri best að svara strax. Skrifstofan sinnti þessu á tímabili en hættu því þannig að fréttastjóri hefur verið að fylgjast aðeins með en ekki reglulega.

### **Fartölvur og vagnar**

15 tölvur staðsettar á bókasafni og hafa nemendur aðgang að þeim í verkefnavinnu og í kennslustundum. En í haust var endurnýjaðar tvær nýjar fartölvur af gerðinni HP840.

Í Hamri er vagn með ASUS PRO fartölvum sem keyptar voru haustið 2016.

Starfsbraut er með fartölvuvagn fyrir sína deild með 6 Dell 5470 fartölvum sem keyptar voru haustið 2017. Tölvum kennara sem skilað á árinu voru notaðar til að bæta í starfsbrautarvagninn.

### **Viðhald fartölva**

Lítið viðhald hefur verið á fartölvum FSu þetta skólaár vegna nýlegra tölva en þó hefur borðið á því að DELL 5470 tölvurnar eru með lélegan kassa og vilja brotna við lamir og skjái.

### **Fartölvukaup á skólaárinu**

10. st. HP Elitebook 640

10. st. HP Probook 840

10. st. HP EliteBook 840 (10 í viðbót hafa verið pantaðar og koma í júní).

### **Borðtölvur:**

Tvær HP 400 borðtölvur voru keyptar á skólaárinu og voru þær settar í stofu 303 vegna fjölda nemenda.

### **Varabirgðir**

Nokkrar fartölvur eru til staðar í stofu. 306b, tveir þráðlausir sendar og ein borðtölva. Þessi varabúnaður er tiltækur til að tryggja samfelldan rekstur og einnig verður þeim úthlutað til starfsmanna samkvæmt úreldingu og einnig til nýrra starfsmanna.

### **Skjávarpar og önnur tæki**

Enginn skjávarpi var keyptur á árinu en aftur á móti voru keyptir tveir gagnvirkir 86“ teikniskjáiir á hjólastöndum sem hægt verður að færa milli kennslustofa. Annar var staðsettur í Odda og hinn verður í Hamri

### **Námskeið og kynningar**

Eins og undanfarin ár skipulagði tölvuþjónustan námskeið fyrir nýnema á Nýnemadegi í byrjun haustannar.

### **Annað:**

Borð og stólar í tölvustofu 306 voru óþægilega lág miðað við að kennari geti staðið fyrir aftan nemanda og leiðbeint honum. Því var ákveðið að skipta út borðum. Tekin voru borð úr stofu 1 í Hamri sem voru með háborð því þar hentaði betur að hafa lág borð.

### **Fylgiskjal 1: Yfirlit yfir fartölvur í FSu**

#### **Fartölvur í notkun – maí 2025**

**4 st. HP ELITE BOOK (6 ára gamlar). 1 hjá kennara og 3 á skrifstofugangi.**

**7 st. HP ELitebook 830 G7 hjá kennurum**

**6 HP Elitebook x360 G7 hjá kennurum.**

**4 st. Lenovo Thinkpad L13 Yoga. Ein til á lager.**

**12 st. Dell Latitude 3420**

**10 st. HP ProBook 440 G8. (Tvær á bókasafni og tvær í 306b vegna kennara sem hættu)**

**3 st. HP ProBook 450.**

**3 st, HP EliteBook 630. Ein til á lager.**

**4 st. 6 ára gamlar ThinkPad Yoga. 3 í tölvuþjónustu.**

**13 st. ASUS PRO fartölvur á vagni út í Hamri. 9 í fartölvuvagni og 4 hjá kennurum í Hamri. (Tölva nr. 12 er ónýt og er hjá tölvuþjónustu)**

10 HP EliteBook 640 Endurnýjun fyrir kennara, 2 ekki komnar í notkun en eru í 306b.

20 HP EliteBook 840. Endurnýjun fyrir kennara,

18 Dell Latitude 5470. 6 á starfsbraut og 12 í tölvuþjónustu / bilaðar eða ónýtar.

17 Dell Latitude 7270-80. 6 á bókasafni. 12 hjá kennurum.

6 Dell Latitude 7470. 5 hjá kennurum og ein í tölvuþjónust.

8 Dell Latitude 7480/7490 . 7 hjá kennurum og tvær á bókasafni.

18 Dell Latitude 5480. Hjá kennurum

15 Dell Latitude 5490. Hjá kennurum.

1 Dell Latitude 5289 hjá skólameistara.

#### Fartölvuvagnar

Fartölvuvagn 8 Hamar – 9 stk. ASUS PRO. Keyptar fyrir 2016.

Fartölvuvagn 9 (starfsbraut) – 6 stk. Dell Latitude 5470

Spjaldtölvukassi á starfsbraut. 10 st. Ipad.

#### Fylgiskjal 2: Yfirlit yfir borðtölvur í FSu

303	24
Hamar 3	20
306	16
307	1
Bókasafn nemendavélar	8
Skrifstofa	6
Bókasafn + kjallari	3
Húsverðir	4
Myndlist (Mack)	2
306b (ein varavél)	2
Fablab (frá okkur)	2
Reykir	6